

# ÚTSAULA RISA



NATUZZI  
EDITIONS

**35%**  
AFSLÁTTUR

## NATUZZI EDITIONS C198

Stórglæsilegir, vandaðir 2ja og 3ja sæta leðursófar frá Natuzzi Editions. Hágæða Natuzzi leður, vönduð bólstrun og frágangur. Fáanlegur bæði í orange litu leðri og Marrone brúnu.

2ja sæta: 172 x 94 x 79 cm

**285.994 kr.** ~~439.990 kr.~~

3ja sæta: 204 x 94 x 79 cm

**324.994 kr.** ~~499.990 kr.~~

Allt að

# 60%

afsláttur

Reykjavík, Akureyri og Ísafirði



HÚSGAGNA  
HÖLLIN





## PINTO

Stórglæsilegur Pinto u-sófi úr sterku koníaksbrúnu Colorado bonded leðri. Innra byrði púða er úr endingargóðum, kaldpressuðum svampi, þá trefjafyllingu og loks mjúku yfirlagi. Fætur úr svörtu járni. Stærð: 249 x 206 x 85 cm.

296.693 kr.  
~~429.990 kr.~~

**31%**  
AFSLÁTTUR



**15%**  
AFSLÁTTUR

## PINTO

Pinto hornsófi úr koníaksbrúnu Colorado bonded leðri. Fætur úr svörtu járni. Stærð: 293 x 217 x 85 cm

305.992 kr.  
~~359.990 kr.~~



**15%**  
AFSLÁTTUR

## CLEVELAND

Hornsófi í gráu, slitsterku áklæði með krómfótum. Hægri eða vinstri tunga. Stærð: 308 x 203 x 81 cm

161.492 kr.  
~~189.990 kr.~~



**15%**  
AFSLÁTTUR

## FRIDAY

Rúmgóður sófi í vönduðu, dökkgráu Bari áklæði. Tungu getur verið beggja vegna Stærð: 256 x 175 x 91 cm

178.492 kr.  
~~209.990 kr.~~



**30%**  
AFSLÁTTUR

## EASY

2H1 hornsófi í slitsterkur ljósgráu áklæði. Stílhrein hönnun þar sem lögd er alúð við smáatriði Stærð: 294 x 212 x 86 cm

195.993 kr.  
~~279.990 kr.~~



**15%**  
AFSLÁTTUR

## DC 8900

Klassískur 3ja sæta sófi úr hnauspykku, koníaksbrúnu sa-voy/split leðri. Stærð: 224 x 86 x 80 cm

280.492 kr.  
~~329.990 kr.~~



**50%**  
AFSLÁTTUR

## OSLO

Skemmtilegur sófi í klassískum stíl. Rústrautt fallett sléttflauel og viðarlitir fætur. Stærð: 234 x 91 x 80 cm

129.995 kr.  
~~259.990 kr.~~



**50%**  
AFSLÁTTUR

## EDE

3ja sæta sófi og stóll í dökkgráu áklæði. Fætur eru úr bogadregnu, svörtu járni. Glæsileg, tímalaus hönnun.

3ja sæta, áklæði: 205 x 95 x 82 cm Stóll í áklæði: 93 x 95 x 82 cm  
69.995 kr. ~~139.990 kr.~~ 44.995 kr. ~~89.990 kr.~~

## MANZANO

Svartur leðursófi. Sterkt og vandað ítalskt leður (botn, bak- og armhlið með bonded leðri/leðurblöndu). Mjúk sæti og bak með fallettum saumi. Svartir, breiðir viðarfætur. Manzano fæst 3ja og 2ja sæta og einnig fæst hægindastóll.

2ja sæta: 209 x 91 x 91 cm  
142.493 kr. ~~189.990 kr.~~



**25%**  
AFSLÁTTUR

3ja sæta: 165 x 91 x 91 cm  
164.993 kr. ~~219.990 kr.~~

## Gefinn í söfnuðinn tveggja ára

**David Freeman** sem búið hefur á Íslandi í rúm 20 ár, var aðeins tveggja ára þegar hann var gefinn í sértrúarsöfnuðinn *The Family* í Ástralíu. Börnin í söfnuðinum voru svelti, barin og lokuð inni dögum saman, þar til lögreglan ruddist inn og frelsaði þau í ágúst 1987. ➔22



Minningin er botnlaus sorg, ótti og vonleysi. Þetta voru tólf ár, sem er heil eilífð í lífi barns.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



### Fjarverandi feður

Elly Ármanns þekkir fjarveru föður af eigin raun. Fréttablaðið ræðir við hana og fleiri um málefnið. ➔ 26



### Nýttu tímann til góðs

Bændur í Reykholti réðust í uppbyggingu þegar COVID skall á. ➔ 8



### Kóreógrafar blómabeð

Sigríður Soffía ræktaði flugeldasýningu í stað þess að sprengja hana. ➔ 30

## 30 DAGA SKILARÉTTUR

Það má skipta um skoðun\*

\*Sjá nánar á [elko.is](http://elko.is)

ELKO 



Ísak Bergmann Jóhannesson verður í beinni á Viaplay. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Landsleikirnir í lokaðri dagskrá

**ÍPRÓTTIR** Viaplay mun ekki hafa landsleiki Íslands í opinni dagskrá og ekki er ákveðið hver lýsir þeim. Viaplay tryggði sér sýningarrétt á undankeppni EM í knattspyrnu 2024, HM 2026 og EM 2028 auk Þjóðadeildarinnar 2023, 2025 og 2027. Í svari Viaplay við fyrirspurn Fréttablaðsins segir að það þurfi áskrift til að geta séð landsleikina. Allur Viaplay áskriftarpakkinn kostar 1.599 kr. á mánuði og er allt íþrótttaefni innifalið.

„Það er ekki búið að taka ákvörðun um hverjir munu lýsa leikjunum hér á landi,“ segir í svari fyrirtækisins. En Guðmundur Benediktsson hefur verið leigður á milli fyrirtækja til að sinna því.

Viaplay barðist við RÚV um réttinn á Evrópukeppni karla í knattspyrnu 2024 og 2028 sem RÚV vann. Áður hafði RÚV tryggt sér réttinn á Evrópumóti kvenna í knattspyrnu sumarið 2022 þar sem íslenska liðið verður í eldlinunni. – bb

## Skemmtistaðir og krár opna á nýjan leik

**COVID-19** Ný reglugerð um sóttvarnir tekur gildi á mánudag og gildir í þrjár vikur með fyrirvara um breytingar. Áfram verða 20 manna samkomutakmarkanir, 2metra regla og grímuskylda í gildi. Hertari aðgerðir verða á landamærum.

» Hertari aðgerðir verða á landamærum.

„Við gerum ráð fyrir því að verslanir, söfn, sviðslistir, trúar- og lífsskóðunarfélög megi hafa 150 manns, þar sem áður voru 100,“ segir Svandís Svavarsdóttir ráðherra. „Gerum ráð fyrir því að líkamsrækt sé heimil, með 50 prósent af leyfilegum fjölda og skemmtistaðir og krár verði með opnið og fái að hafa opið til 22, líkt og veitingastaðir með sætisskyldu.“

– oæg

## Tímans tönn að verki



Hitaveitustokkurinn yfir Elliðaárdal neðanverðan er nú óðum að hverfa eftir að hafa þjónað Reykvikingum frá því um 1940. Veitur hafa endurnýjað aðveituaðar sínar og þar sem lagnirnar liggja um dalinn hafa þær verið grafnar í jörðu og undir báðar kvíslar Elliðaáanna. Um er að ræða fráveitulagnir, kaldavatnslagnir, hitaveitulagnir og raflagnir Veitna ásamt fjarskiptalögnum Gagnaveitu Reykjavíkur og Mílu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Lítil fyrirtæki nýttu sér COVID-úrræði

**COVID-19** Yfirgnæfandi meirihluti fyrirtækja sem nýttu sér úrræði stjórnvalda vegna kórónuveiru árið 2020, voru með tíu launamenn eða færri. Voru þau 82 prósent þeirra sem nýttu úrræðin, rúmlega 2.500 talsins. Markmið stuðningsins er að verja störf eins og skapa öfluga viðspyrnu þegar faraldrinum sleppir. Alls hefur nú hátt í 70 milljörðum króna verið varið til stuðnings við fyrirtæki og hefur um fjórðungur fyrirtækja í öllum stærðarflokkum nýtt sér einhver úrræðanna.

Þetta kemur fram í samantekt fjármála- og efnahagsráðuneytisins úr gögnum Hagstofunnar sem sýnir nýtingu nokkurra af helstu stuðningsúrræðum stjórnvalda. Skoðuð var nýting á hlutabótum, frestun skattgreiðslna, greiðslu launa á uppsagnarfresti, lokunarstyrk, stuðningslánnum, viðbótarlánnum og tekjufallsstyrk, en byrjað var að greiða þá út í janúar á þessu ári. – bb

# Fullorðnir flykkjast á Kardemommubæinn

Í dag hefjast sýningar á Kardemommubænum á ný. Jón Þorgeir, forstöðumaður markaðsmála og samskipta hjá Þjóðleikhúsinu, segir það hafa komið skemmtilega á óvart hve margir fullorðnir hafa áhuga á að mæta á sýninguna.

**MENNING** Sýningar á Kardemommubænum hefjast á ný um helgina. Tuttugu þúsund miðaeigendur bíða nú eftir að koma loks í leikhúsið.

Áð sögn forstöðumanns markaðsmála Þjóðleikhússins, Jóns Þorgeirs Kristjánssonar, hefur komið á óvart að fullorðnir virðast ekki síður spenntir fyrir sýningunni en börn. Það er flóknara að raða fullorðnum í salinn vegna fjalægðartakmarkana.

Gestum er ráðað í sóttvarnahólf og sýningum fjölgað svo allir miðaeigendur geti séð hið sögufræga leikrit. Nýtt bókunarkerfi er notað til að halda utan um breytingarnar og sjá til þess að allir fái að nýta sína miða.

Í gær boðaði Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra að nú fengu leikhúsin að taka á móti 150 gestum í stað 100.

„Við stóðum frammi fyrir þeirri skemmtilega áskorun að raða 20 þúsund manns í sæti á Kardemommubæinn, en það er sá fjöldi sem hafði tryggt sér miða á sýninguna fyrir samkomubann. Til að leysa þetta vandamál þá hönnuðum við sérstakt kerfi til þess fólk geti skráð fjölda barna og fullorðinna í hverri pöntun,“ segir Jón Þorgeir.

Tveir fullorðnir geta verið í hverjum gestahóp eins og sakir standa.

„Fjöldatakmörkanir settu vissulega stórt strík í sýningaáætlunina hjá Þjóðleikhúsinu. Það verður þónokkur vinna hjá starfsfólkinu í miðasölunni að raða í sætin. Það flækir málin að þurfa að passa upp á að gestahópar séu saman og að einungis tveir fullorðnir geti verið í hverjum hóp,“ segir Jón Þorgeir.

Hann segir það hafa komið að standendum leikhússins skemmtilega á óvart hve margir full-



Leikarar sýningarinnar eru að vonum spenntir að komast loks aftur á fjalirnar að flytja þetta klassiska verk Thorbjörns Egner. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

» Það staðfestir það sem allir vissu kannski fyrir, að allir eru tilbúnir að verða börn á nýjan leik, að minnsta kosti í tvo tíma á Kardemommubænum.

Jón Þorgeir Kristjánsson, forstöðumaður markaðsmála, samskipta og upplifunar hjá Þjóðleikhúsinu



orðnir hafa áhuga á að mæta á sýninguna. Talsverður fjöldi pantana innihaldi til að mynda engin börn.

„Við höfum reyndar séð það okkur til mikillar ánægju að fullorðin fólk er ekki síður spennt fyrir Kardemommubænum en börn því talsvert er um það að fullorðin fólk fari án barna eða fullorðnir séu umtalsvert fleiri í hverri pöntun en börn,“ segir hann.

„Það staðfestir það sem allir vissu kannski fyrir, að allir eru tilbúnir að verða börn á nýjan leik, að minnsta kosti í tvo tíma á Kardemommubænum.“

Leikhúsið áætlað að allir miðaeigendur hafi færi á að mæta á sýninguna í síðasta lagi í september. Opnuð hefur verið sérstök upplýsingasíða, kardemommubaerinn.is, þar sem miðaeigendur geta fundið sína bókun og séð hvar hún er í röðinni. [steingerdur@frettabladid.is](mailto:steingerdur@frettabladid.is)

Mikið úrval af HVÍLDARSTÓLUM með og án rafmagns lyftibúnaði



Komið og skoðið úrvalið

**NYFORM**

HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | [nyform.is](http://nyform.is)



# AF HVERJU STOPPA?

TOYOTA YARIS HYBRID ER TILNEFNDUR  
SEM BÍLL ÁRSINS Í EVRÓPU 2021



Yaris verð frá: 3.320.000 kr.  
Yaris Hybrid verð frá: 3.850.000 kr.

## EUROPEAN CAR OF THE YEAR AWARDS

Nýr Toyota Yaris Hybrid hefur farið sigurför um heiminn og er hvergi nærri hættur. Sigurgangan heldur áfram – hann er tilefndur sem bíll ársins í Evrópu.



TOYOTA TRYGGINGAR  
vátryggt af TM



Toyota Kaupúni  
Kaupúni 6  
570 5070

Toyota Akureyri  
Baldursnesi 1  
460 4300

Toyota Reykjanesbæ  
Njarðarbraut 19  
420 6600

Toyota Selfossi  
Fosnesi 14  
480 8000



Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

TÖLUR VIKUNNAR 31.01.2021 TIL 06.02.2021



40 ár

síðan fyrsta smáskífa Duran Duran kom út.

1.800

manns hafa frá 2015 óskað eftir að Alþingi veiti þeim ríkisborgara-rétt.



1



ár voru haldlagðar CBD-húðvörur á þvælingi milli löggæsluembætta.




71%

þeirra sem fá heim-sendan mat frá borginni eru ánægð með hann.

65

ár er hámarks-aldur þeirra sem fá bóluefni frá AstraZeneca hérlandis.



## Þrjú í fréttum Andstæðingur, stjóri og formaður

### Aliksei Navalni

rússneskur stjórnanandstæðingur

mætti fyrir dómara í vikunni og var dæmdur til þriggja og hálfis árs fangelsis-vistar. Navalni var handtekinn er hann kom til Rússlands 17. janúar. Hann hafði dvalið á sjúkrahúsi í Þýskalandi í fimm mánuði eftir að talið var að eitrad hefði verið fyrir honum.



### Harpa Jónsdóttir

framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins

segir tímabært að endurskoða lög-bundið hámark á erlendar fjárfestingar lífeyrissjóða, helst með það fyrir augum að afnema þær alveg.

„Núverandi fyrirkomulag er orðið íþyngjandi fyrir lífeyrissjóði.“ Hún segir fjárfestingarkosti innanlands vera takmarkaða og þess vegna muni núverandi fyrirkomulag jafnt og þétt auka fjárfestingaráhættu sjóðanna.



### Jón Ólafur Ólafsson

formaður SAMARK

segir að ummæli varaformanns skipulagsráðs Reykjavíkurborgar bendi til þess að ekki sé horft til fagbækk-ingar sem til staðar

sé meðal arkitekta hér á landi. „Hér er til staðar gríðarleg fagbækk-ing, hvort sem er í innviðastrúktúr eða við gerð mannvirkja, sem ekki er nýtt.“ segir hann. „Það sem við köllum eftir er að ekki sé litið fram hjá okkur þegar farið er af stað í slík verkefni, þessi verkefni eru fyrst og fremst að skila sér í verkfræði-geirann.“



# Vildi draga Jón til ábyrgðar

Benedikt Bogason segir niðurrif af því tagi sem Jón Steinar Gunnlaugsson hafi stundað ekki eiga neitt skylt við málefnalega gagnrýni á dómstóla. Hann höfðaði mál gegn Jóni til að verjast ásökun um glæp.

**DÓMSMÁL** Benedikt Bogason, forseti Hæstaréttar, vildi ekki sitja undir ásökun fyrrverandi hæstaréttardómara um að hann og þrír aðrir dómara við réttinn hefðu framið glæp með því að hafa vísitandi dæmt saklausan mann í fangelsi fyrir alvarlegt brot. „Það er rangt og þetta taldi ég ærumeið-ingar sem ég vildi mótmæla kröftulega,“ segir Benedikt um ástæður þess að hann höfðaði mál gegn Jóni Steinari Gunnlaugssyni.

Dómur var kveðinn upp í Hæstarétti í gær og var Jón Steinar sýknaður af kröfum Benedikts um að ummæli í bók Jóns, Með lognið í fangið – um afglöp Hæstaréttar eftir hrun, yrðu dæmd dauð og ómerk.

Benedikt segist að sjálfsögðu una dómi Hæstaréttar en í forsendum hans segir meðal annars að traust til dómstóla verði fremur reist á frjálstri umræðu en takmörkun á umfjöllun um málefni þeirra, jafnvel þótt hún gangi nærri því að geta skaðað það traust til skemmri tíma.

Málaferlin hafa varpað áhuga-verðu ljósi á andrúmsloftið í Hæstarétti þegar mál Baldurs Guðlaugssonar, fyrrum ráðuneytisstjóra, var þar til meðferðar. Þá var Jón Steinar enn dómari við réttinn en sat ekki í umræddu máli enda vinur Baldurs til margra áratuga.

Jón lýsir þeirri afstöðu sinni í bók sinni að dómur réttarins í máli Baldurs hafi ekki staðist kröfur um sakfellingar í refsímálum og að dómarnir hafi viljað sýna almenningi að þeir tækju hrun-málin engum vettlingatökum.

Í stefnu Benedikts kemur hins vegar fram allt önnur lýsing. Jón Steinar hafi leitast við að hafa áhrif á hvernig málið yrði dæmt efnislega með því að gera sér ferðir inn á skrifstofur dómara til að ræða um málið. Hann hafi einnig skilið eftir skjal á borði dómara með punktum sem honum hafi þótt að leiða ættu til þess að sýkna bæri Baldur.



Benedikt hefur ekki áður tjáð sig opinberlega um málaferli sín við Jón Steinar Gunnlaugsson. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**Jón Steinar er angri af þeirri ógeðfelli og ófgafullu umræðu sem á undanförunum árum hefur einkennt samfélagið.**

Benedikt Bogason, forseti Hæstaréttar

Í stefnu segir að þótt ekki verði staðhæft að Jón hafi með þessu gerst sekur um spillingu og refsiverða misnotkun á aðstöðu sinni, hafi hann bersýnilega farið gegn ákvæðum laga um dómstóla um að dómara séu sjálfstæðir í störfum sínum og líti þar aldrei boðvaldi annarra.

„Jón Steinar hefur alltaf gefið til kynna að taka eigi hann alvarlega og að hann meini það sem hann segir. Hann vann hins vegar málið með því að hlaupa í það auma skjól að hann hefði ekki meint það sem hann sagði,“ segir Benedikt um niðurstöðuna í gær.

Benedikt segir Jón Steinar hafa um langt skeið reynt að grafa undan dómstólum landsins og leitast við að rýra traust þeirra „og ég vildi draga hann til ábyrgðar,“ segir hann.

„Ég kalla einnig eftir opinni umræðu um stöðu dómssvaldsins og hvernig megi betur verja það gegn niðurrifi af þessu tagi sem á ekkert skylt við málefnalega gagnrýni. Jón Steinar er angri af þeirri ógeðfelli og ófgafullu umræðu sem á undan-

förunum árum hefur einkennt samfélagið bæði hér og víða annars staðar og fer langt út fyrir öll vel-sæmismörk,“ segir Benedikt.

Fimm settir dómara kváðu upp dóm í málinu í gær. Héraðsdómarnir Ingibjörg Þorsteinsdóttir og Krístrún Kristinsdóttir skiluðu séráliti og töldu að fallast hefði átt á kröfu Benedikts. Að niðurstöðu meirihlutans stóðu Árni Vilhjálmsson, lögmaður á Logos, Hildur Briem, settur landsréttardómari, og Þórunn Guðmundsdóttir, lögmaður á Lex, sömu stofu og Baldur Guðlaugsson starfaði á um tíma meðan hann lauk afplánun á áfangaheimilinu Vernd. Fjallað var ítarlega um dóminn á vef Fréttablaðsins í gær.

adalheidur@frettabladid.is



## ÍS BAND UMBOÐSADILI RAM Á ÍSLANDI

GOTT ÚRVAL BÍLA TIL AFHENDINGAR STRAX


# RAM 3500

**VERÐ FRÁ 7.547.906 KR. ÁN VSK.**  
9.359.403 KR. M/VSK.

**BREYTINGAVERKSTÆÐI ÍSBAND, SMÍÐSHÖFÐA 5, SÉRHÆFIR SIG Í BREYTINGUM Á RAM PALLBIFREIÐUM.**

**BJÓÐUM UPP Á 37" - 40" BREYTINGAPAKKA**

BILL Á MYND RAM 3500 LARAMIE SPORT MEGACAB MED 35" BREYTINGU



**Herra**

*Laagevinn*

outlet

*líka fyrir konur*

**Rýmning**

**Lokahelgi**

**900%**

**afsláttur af öllum vörum**

Suðurlandsbraut 54 bláu húsin (við faxafen) Opið virka daga frá kl. 11 til 18 laugardaga frá kl. 11 til 17 sunnudaga frá 13 til 17 Sími 568 9512

## Lýsa ekki upp við Sorpustöð

**REYKJAVÍKURBORG** Tillaga Kolbrúnar Baldursdóttur, áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði, um að aðkomuleið að Sorpu í Jafnaseli yrði lýst, var felld í ráðinu.

„Aðkomuleiðin er án lýsingar. Þar er svartamyrkur þegar dagsbirtu nýtur ekki,“ benti Kolbrún á í tillögu sinni. „Þó aðkomuleið að Sorpu kunni að vera óupplýst seinustu 1-2 tíma af opnunartíma endurvinnslustöðva yfir hávetur er ekki víst að það sé réttasta forgangsroðun fjármuna að koma fyrir sterkari lýsingu þar,“ bókuðu fulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata og felldu tillöguna.



**Kolbrún Baldursdóttir, borgarfulltrúi Flokks fólksins**

Kolbrún bókaði þá að kannski væri lýsingin ekki rétt forgangsroðun fjármuna en að margt sem skipulagsyfyrirvöld settu í forgang myndist öðrum ekki vera forgangsmál. – gar



**Hvergerðingar nýta Hengillssvæðið til útvistar.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Þverárdalur fari í verndarflokk

**ORKUMÁL** Bæjarráð Hvergerðis segist undrast að Þverárdalur sé settur í nýtingarflokk í tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða.

„Þverárdalur ásamt Innstada, l sem felldur er undir biðflokk, býr yfir einstakri fjölbreytni og fegurð, sem nauðsynlegt er að varðveita ekki sist fyrir komandi kynslóðir. Hengillssvæðið er ómetanleg náttúruperla í næsta nágrenni við þéttbýlasta svæði landsins og býður það upp á staði þar sem hægt er að njóta óræfakýrðar þrátt fyrir þéttbýlið allt um kring,“ segir bæjarráðið.

Hins vegar kveðst bæjarráðið fagna því að Grændalur og Bitra á Hengillssvæði fari í verndarflokk. „Enda er þar um að ræða einstaka náttúru sem greinilega er orðin sátt um að beri að vernda.“ – gar

## Hugmyndin kom en ekkert meira en það

**ÁRBORG** Þegar ný byggingarnefnd hóf störf við Stekkjaskóla í Árborg kom í ljós að vinnu við sjö af átta verkþáttum verkefnisins skorti. Aðeins var búið að ljúka hugmynda-vinnu en eftir var gerð kröfufylsingar og þarfagreiningar, forsagnar, útboð hönnunar, frumhönnun og fullnádardhönnun, útboð framkvæmdar og framkvæmdin sjálf. Þeir Eggert Valur Guðmundsson og Tómas Ellert Tómasson bókuðu í bæjarráði að þeir fúruð sig á Sjálfstæðisflokknum og segja ábyrgðina liggja þar að byggingu nýs skóla í Björkurstykki hafi hafist að minnsta kosti tveimur árum of seint. Samkvæmt bókun Eggerts og Tómasar þá hyllir undir að fyrsti hluti nýbyggingar Stekkjaskóla verði tekinn í gagnið í ágúst 2022. – bb

## Hjálmlausir í háloftunum



Vinnu við byggingu hótels Íslandshótela í Lækjargötu hefur verið haldið áfram að nokkru leyti þótt kórónaveirufaraldurinn hafi tafið verkið. Þessir þrír menn unnu þar í vikunni við að leggja pappa á þak hótelsins sem verður með alls 140 herbergi á besta stað í miðbænum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Fannst hann vera misnotaður

Rúmenar lýsa aðstæðum við Dalveg 24 þar sem þeir bjuggu meðan þeir voru ráðnir til vinnu hjá Mönnum í vinnu ehf. sem óboðlegum. Eigandi fyrirtækisins segir líf sitt ónýtt eftir að málið birtist í fjölmiðlum.

**DÓMSMÁL** Rúmenar sem störfuðu fyrir Menn í vinnu í janúar og febrúar 2019 bjuggu við óboðlegar aðstæður við Dalveg 24 í Kópavogi. Fimmtán manns deildu einu salerni og einu eldhúsi í ósamþykktu húsnæði fyrir ofan bílþvottastöð þar sem var stöðug málningar- og brunalykt. Enginn veiðigandi brunaútgangur var í húsinu og oft voru fjórir eða fimm saman í einu herbergi.

„Þetta var mjög slæmt. Ómannúðlegar aðstæður,“ segir Romario Valentin, 25 ára karlmaður.

„Þetta var áfall. Ég þekkti engan, var peningalaus, langt í burtu frá heimalandi mínu í landi þar sem ég talaði ekki tungumálið,“ segir Sorin Marinescu, 32 ára karlmaður.

„Það var mjög skítugt og stundum voru slagsmál bara til að komast í eldavélina fyrst, það voru svo margir að bíða í röð,“ segir Petruta Roxana Musat, 31 ára kona.

„Martröð. Þetta var martröð þar sem mér fannst ég misnotaður mjög illa. Þetta var niðurlægjandi,“ segir Alexandru Tudose, 20 ára karlmaður.

Þetta kom fram í skýrslutöku við aðalmeðferð á máli fjögurra Rúmenana gegn starfsmannaleigunni Mönnum í vinnu og fyrirtækinu Eldum rétt í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Alexandru Tudose, Petruta Roxana Musat, Romario Valentin og Sorin Marinescu höfðu mál vegna vangoldinna launa, ólögmaets frádráttar af launum og vanvirðandi meðferðar á meðan á vinnu þeirra stóð. Segjast þau öll hafa fengið talsvert lægri laun en þeim var upphaflega lofað þegar þau voru ráðin til starfa. Enginn hafi skrifað undir leigusamning og þau vissu ekki fyrir fram hvað þau myndu greiða í leigu.

### Þessir grátandi Rúmenar

Í skýrslutöku yfir Höllu Rut Bjarnadóttur, eiganda starfsmanna-



Halla Rut Bjarnadóttir ásamt lögmonnum sínum í Héraðsdómi Reykjavíkur í gærmorgun. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Smánarlaun og engar kvittanir fyrir frádrætti

#### ROMARIO:

Fékk um 36 þúsund krónur í laun – 126 þúsund krónur dregnar af launum fyrir leigu, bensíni, flugmiða og fleiru.

#### SORIN:

Fékk um 41 þúsund krónur í laun – 128 þúsund krónur dregnar af launum fyrir leigu, bensíni, flugmiða og fleiru.

#### PETRUTA:

Fékk um 29 þúsund krónur í laun – 196 þúsund dregnar af launum fyrir leigu, bensíni, flugmiða og fleiru.

#### ALEXANDRU

Fékk um 46 þúsund krónur í laun – 160 þúsund krónur dregnar af launum fyrir leigu, bensíni, flugmiða og fleiru.

leigunnar, sagði hún eiginmann Petrutu Roxönu hafa verið einn forsprakka „grátandi Rúmenanna“ sem hefðu eyðilagt líf hennar með því að fara í fjölmiðla.

„Líf mitt er bara ónýtt, það er bara þannig. Ég get ekki fundið

mér vinnu, það „googla“ allir mig. Synir mínir hafa liðið mikið fyrir þetta. Tvisvar hef ég þurft að yfirgefa heimili mitt þótt það sé búið að sanna fyrir rétti að þetta sé lygi. Það er ekki nóg fyrir þetta fólk, heldur birtir það myndir af mér og

„Facebook“-inu mínu í fréttum í Rúmeníu. Ég hef aldrei verið kærð fyrir neitt eða sökuð um neitt af lög-reglu. Þau hætta aldrei, þau halda bara áfram og ljúga áfram.“

Halla Rut játaði fyrir dómara að húsnæði þar sem vinnufólkið bjó hafi ekki verið samþykkt íbúðarhúsnæði. „Þetta var nýinnréttá hús í þjónustukjarna við hliðina á bönstöð. Við fengum ekki leyfi til að hafa íbúð en við fengum slökkvilið til að taka út húsið og setja bruna-kerfi.“


Efling steig inn í málið í byrjun febrúar árið 2019 og var mansals-teymi félagsmálaráðuneytis virkjað og með aðstoð Kópavogsbæjar og Reykjavíkurborgar var íbúum á Dalvegi 24 komið fyrir á gistiheimili við Sundlaugarveg og þeim veitt neyðaraðstoð.

ingunnlara@frettabladid.is



# Appotek.is

*Í netapótekinu appotek.is getur þú pantað lyf, fæðubótarefni, vítamín, heilsuvörur og fleira  
Frí heimsending á höfuðborgarsvæðinu og frí póstsending út á land\**




Netapótekið er á vefslóðinni [www.appotek.is](http://www.appotek.is)  
Hægt er að fara í netapótekið með tölvum og farsímum

Í Appótekinu ([appotek.is](http://appotek.is)) getur þú:

- Séð hvaða lyfseðla þú átt í gáttinni
- Látið taka til lyfin áður en þau eru sótt í apótekið
- Fengið lyfin send til þín hvert á land sem er

Í Appótekinu getur þú einnig:

- Séð og pantað lyf sem fást án lyfseðils
- Pantað fæðubótarefni, vítamín, heilsuvörur ofl.



Foreldrar barna 15 ára og yngri með sama lögheimili geta séð hvaða lyfseðla börnin eiga í gáttinni, látið taka til lyfin áður en þau eru sótt í apótekið eða fengið lyfin þeirra send heim

Appótekið ([appotek.is](http://appotek.is)) er netapótek Garðs Apóteks

\*Sjá nánari skilmála á [appotek.is](http://appotek.is)



GARÐS APÓTEK · Sogavegi 108 · Sími 5680990 · Netfang: [gardsapotek@gardsapotek.is](mailto:gardsapotek@gardsapotek.is)  
Vefsíða: [gardsapotek.is](http://gardsapotek.is) · Netapótek: [appotek.is](http://appotek.is) · Opið kl. 9-18 virka daga, lokað um helgar



Jarlhettur þar sem uppbygging er fram undan. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Gera ráð fyrir stórum íshelli

**LANGJÖKULL** Sveitarstjórn Bláskógabyggðar hefur samþykkt tillögu um að gera allt að 800 fermetra íshelli í suðurhlíð Langjökuls. Á sveitastjórnarfundum í gær var lögð fram tillaga að aðalskipulagsbreytingu vegna íshellis í suðurhlíðinni. Innan tillögunnar er gert ráð fyrir þeim möguleika að gera manngerðan íshelli sem viðkomustað fyrir ferðamenn sem gæti orðið allt að 800 fermetrar að stærð. Ekki er gert ráð fyrir varanlegum mannvirkjum innan svæðisins.

Samkvæmt skýrslu Eflu hafa tvö ferðaþjónustufyrirtæki, Straumhvarf ehf. og Skálpi ehf., óskað eftir að fá lóðir fyrir manngerða íshella. Svæðið sem Straumhvarf óskar eftir er í um 900 metra hæð yfir sjó, í suðurhlíðum Langjökuls, nálægt innstu Jarlhettu.

Jarlhettur eru hverfisverndaðar og er fyrirhugaður íshelli utan þess. Svæðið sem Skálpi óskar eftir er í um 600 metra hæð yfir sjó, neðarlega á Suðurjökli.

„Uppbygging íshella eykur fjölbreytni í ferðaþjónustu og er í sátt við umhverfið og er afturkræf framkvæmd. Með framkvæmdunum er hægt að tryggja ferðir á jökulinn með áhugaverðum áfangastað allt árið um kring,“ segir í skýrslunni. Ekki kemur fram í fundargerð Bláskógabyggðar hvort fyrirtækið það var sem fékk samþykki. – bb

## Börn í Eyjum hreyfa sig meira

**VESTMANNAEYJAR** Árið 2020 voru alls 600 börn og ungmenni frá tveggja til 18 ára sem nýttu sér frístundastyrk Vestmannaeyjabæjar að hluta eða öllu leyti. Þetta eru samtals 69 prósent af börnum í bænnum á þessum aldri og er mikil hækkun frá árinu áður.

Þá nýttu sér um 37 prósent barna á þessum aldri sér styrkinn. Þetta kemur fram hjá fjölskyldu- og tótmundaráði bæjarins sem fagnar aukinni hreyfingu. Flestir nýta styrkinn til æfinga hjá ÍBV en Fimleikafélagið Rán fylgir þar á eftir.

Örlítið fleiri drengir en stúlkur nýta sér frístundastyrkinn en dreifingin milli kynja og árganga er misjöfn. Heildarkostnaður Vestmannaeyjabæjar vegna frístundastyrkjara fyrir árið 2020 var um 17,2 milljónir og hækkaði um 1,5 milljónir á milli ára eða tæp 10 prósent. – bb

# Borgin styður hálendisþjóðgarð en vill líka völd

**REYKJAVÍK** Reykjavíkurborg er fylgjandi stofnun þjóðgarðs á miðhálendinu en telur að það yrði mikill fengur að fá fulltrúa borgarinnar að borðinu við stjórnun hans. Í umsögn borgarinnar til Alþingis segir að borgin hafi nokkrar áhyggjur af því að þeir sem lifa eða starfa í meiri fjarlægð frá mörkum þjóðgarðsins hafi ekki áhrif á stjórnun hans og ákvarðanir sem þar eru teknar. Ekki sé gert ráð fyrir að íbúar eða yfirvöld sveitarfélaga sem séu staðsett utan marka þjóðgarðsins fái aðkomu að stjórn eða



Borgin vill fá að hafa völd í hálendisþjóðgarði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

» Umsagnafrestur um hálendisþjóðgarð rann út 1. febrúar. Yfir 130 umsagnir og athugasemdir bárust.

umdæmisráðum. „Það er þrátt fyrir að mörg mikilvæg samtök sem nota hálendið mikið til ýmissa nota eru með meginstarfsemi sína annars staðar til dæmis á höfuðborgarsvæðinu. Til dæmis eru stærstu ferðaþjónustufyrirtækin sem mörg stunda ferðaþjónustu á hálendinu staðsett á höfuðborgarsvæðinu. Sama á við um mörg útivistar- og

náttúruverndarsamtök,“ segir í umsögn borgarinnar.

Í bókun meirihlutans á borgarráðsfundi er bent á að langflest ferðaþjónustufyrirtæki séu staðsett í Reykjavík eins og útivistar- og náttúruverndarsamtök og önnur mikilvæg samtök sem noti hálendið. Vigdís Hauksdóttir var þó ekki hrifin og bókaði: „Að stofna til Hálendisþjóðgarðs á öllu hálendinu er eignaupptaka og útópía sem aldrei verður að veruleika. Já, borgarfulltrúi Miðflokksins tilheyrir litlum grenjandi minnihluta landsmanna.“ – bb

# Bjargaði starfsfólkinu með byggingu á nýju gróðurhúsi

Knútur Rafn Ármann og Helena Hermundsdóttir í Friðheimum réðust í byggingu á tæplega fimm þúsund fermetra gróðurhúsi þegar þau sáu óveðurskýin hrannast upp síðasta ár. Hann veltir fyrir sér hvort ferðamennska muni breytast og vonar að sem flest íslensk ferðaþjónustufyrirtæki standi COVID-storminn af sér.

**FERÐAÞJÓNUSTA** Friðheimahjónin Knútur Rafn Ármann, búfræðingur frá Hólum, og Helena Hermundsdóttir, garðyrkjufraeðingur frá Reykjum, settu ferðamennskuhlutann aðeins til hliðar og byggðu fimm þúsund fermetra gróðurhús þar sem tómatar eru ræktaðir. Í Friðheimum snýst jú allt um tómata. Þeim tókst þannig að halda sínu kjarnastarfsfólki á launum og þurfti ekki að segja neinum upp. Það er þó ávallt opið í Friðheimum og hefur verið.

„Við fórum í það þegar óveðurskýin voru að hrannast upp í kringum COVID síðasta vor. Það hefur verið skortur á íslenskum tómötum í svolitinn tíma og við höfum haft þann draum að koma með meira magn á markaðinn en höfum verið upptekin af því að byggja upp ferðaþjónustuhlutann í fyrirtækinu. Þegar COVID bankaði á dyrnar sáu við fljótt að þetta ár yrði ansi rólegt í ferðaþjónustunni þannig að það var ákveðið að reyna að nýta það til að stækka garðyrkjustöðina,“ segir Knútur.

Fyrst var farið að byggja og nú tinir og þakkar starfsfólkið tómötunum af jafn mikilli ástríðu og það gerði þegar það þjónaði til borðs og tók á móti gestum. „Þegar ferðamenn koma til baka þá getum við fært þau í sin upprunalegu störf. Þetta var okkar leið að komast í gegnum þetta tímabil. Með nýju húsunum erum við að tvöfalda ræktunina miðað við það sem við höfðum áður.“ Sem fyrr verður gamli góði tómaturinn ræktaður en einnig Piccolo og plómutómatar.

Knútur var ekki sá eini í Reykholti sem fór í stækun en mögnuð uppbygging hefur átt sér stað í þorpinu síðan COVID bankaði upp á. „Það er búið að vera stórt ár hér í Reykholti. Við vorum þrjár garðyrkjubændur sem stækkuðum hjá okkur gróðurhúsin og ég held að það hafi verið byggðir um níu þús-



Auk starfsfólksins eru um 1200 býflugur að störfum til að frjóvga plönturnar en Knútur kaupir flugurnar frá Hollandi og kemur ný sending nánast í hverri viku. Hér er Rós Guðmundsdóttir að týna tómata. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

● ● Ísland sem áfangastaður verður mjög áhugaverður staður á heimsvísu því við stöndum mjög framarlega í þessum málum.

Knútur Rafn Ármann



und fermetrar af gróðurhúsum. Þar að auki var sett af stað uppbygging á 40 herbergja hóteli í þorpinu sem verður tilbúið í júlí.

Hann segir að mesta kúnstin hafi verið að taka það jákvæða út úr ástandinu og nýta tímann til góðs. „Þegar hlutirnir fara svo af

stað aftur þá erum við sterkari, búið að betrubæta, byggja upp og endurmennta starfsfólkið. Þetta er snúið áferði þegar tekjurnar detta svona mikið niður. Sérstaklega þegar þetta er orðinn svona langur tími, mun lengri en búist var við í byrjun.“

Hann segir að það verði áhugavert að fylgjast með ferðamennskunni, hvort hún muni eitthvað breytast þegar heimurinn fer að snúast á ný. „Mun fólk breyta ferðavenjum sínum og mun það til dæmis ferðast lengur og undirbúa þær ferðir sem það fer í lengra fram í tímann og jafnvel betur? Gæði og öryggi tel ég muni skipta miklu máli svona fyrst um sinn allavega og þar stöndum við Íslendingar framarlega. Ísland sem áfangastaður verður mjög

áhugaverður staður á heimsvísu því við stöndum mjög framarlega í þessum málum.“

Hann vonast til að flest innlend ferðaþjónustufyrirtæki standi af sér storminn og nái vopnum sínum á ný. „Ég hef mikla trú á íslenskri ferðaþjónustu. Það skiptir okkur miklu máli að sem flest fyrirtæki komist út úr þessu ástandi þannig að við höldum okkar innviðum í ferðaþjónustunni. Það eru búnir að vera byggðir upp og gerðir alveg ótrúlega flottir hlutir í ferðaþjónustu á síðustu árum sem að Íslendingar upplifðu og sáu þegar þeir voru duglegir að ferðast innanlands síðasta sumar. Hvað sé hægt að gera og hvað er marga skemmtilegt komið hér á landi.“ benediktboas@frettabladid.is

# Framtíð miðaldadaganna á Gásum í Eyjafirði í óvissu

**NORÐURLAND** Niðurskurður hjá Akureyrarbæ er helsta ástæðan fyrir því að ekkert verður af miðaldadögum á Gásum í ár. Hátíðin féll niður í fyrra vegna faraldursins og framtíðin er í óvissu. Sjálfseignarstofnuninni sem rekið hefur hátíðina verður slitið á miðvikudag. Forsvarsmenn segja það ekki endilega þýða að hátíðin sé úr sögunni. Með slitunum sé hægt að spara peninga vegna yfirbyggingar.

„Við óskudum eftir því við sveitarfélögin að gera samninga til að miðaldahátíðin gæti lifað en það náðist ekki í þetta skiptið,“ segir



Miðaldadagar hafa verið haldnir síðan árið 2003 ef undan er skillið árið 2020. MYND/HÖRÐUR GEIRSSON

Kristín Sóley Björnsdóttir, stjórnarformaður Gásakaupstaðar. Stærstu eigendurnir eru Akureyrarbær og Hörgársveit en önnur nágranna-sveitarfélög og fleiri koma að Gásakaupstað sem stofnaður var árið 2007. Miðaldadagarnir hafa verið haldnir um miðjan júlí síðan 2003 á hinum forna verslunarstað við mynni Hörgár þar sem fornleifar hafa verið grafnar úr jörðu.

Hlutverk Gásakaupstaðar hefur verið að byggja upp á svæðinu og halda hátíðina. Vegna þröngrar fjárhagsstöðu hefur uppbyggingin setið á hakanum. „Við höfum gengið á

● ● Við höfum gengið á eigið fé til að halda miðaldadagana og fengið styrki.

Kristín Sóley Björnsdóttir, stjórnarformaður Gásakaupstaðar



eigið fé til að halda miðaldadagana og fengið styrki,“ segir Kristín.

Hún segir þó að eigendurnir séu velviljaddir hátíðinni og vonast til þess að hægt verði að halda hana árið 2022. „Sjálfbodaliðarnir hafa lagt mikið á sig til að skapa þennan lifandi verslunarstað sem Gásir eru,“ segir hún. Á Gásum hafi skapast mikil menningarverðmæti, meðal annars í formi verkkunnáttu.

Gásakaupstaður á nokkrar eignir, til að mynda landskika með bílastæðum og snyrtingu. Ekki hefur verið ákveðið hvert þessar eignir renna. – khg



# STUNDUM ER ERFITT AÐ SKREPPA FRÁ

Pantaðu lyfin heim í Lyfju appinu.

Pantaðu lyfin heim hratt og örugglega í Lyfju appinu. Þú getur einnig fengið ráðgjöf sérfræðings í netspjalli.

Sæktu Lyfju appið í App Store og Google Play.

 **LYFJA**

# Endurbyggja Mosul eftir vargöld ISIS

Undir leiðsögn UNESCO er unnið að endurbyggingu hinnar fornu borgar Mosul í norðurhluta Íraks. Koma allir trúarhóparnir þar að verkinu. Hryðjuverkasamtökin ISIS lögðu stóran hluta Mosul í rúst 2014 til 2017 og eyðilögðu vísitandi menningarverðmæti.

**ÍRAK** Múslimar, kristnir og Jasídar vinna nú saman að því að byggja upp hina fornu borg Mosul í norðurhluta Íraks. Borgin var að stórum hluta rústir einar eftir hernám hryðjuverkasamtakanna ISIS árið 2014 og bardaga til að endurheimta hana árin 2016 til 2017.

„Þetta er ekkert vandamál. Við erum bræður, múslimar, kristnir og Jasídar,“ segir Emad Sabri Abdulahad, öryggisfulltrúi UNESCO, við sjónvarpsstöðina BBC. Stofnunin hóf árið 2018 stórt endurbyggingarverkefni á Al-Nuri moskunnni og öðrum menningarverðmætum borgarinnar sem eyðilögðust að stórum hluta.

ISIS stunduðu sína hryðjuverkastarfsemi ekki aðeins gegn íbúum þeirra svæða sem hertekin voru, heldur einnig menningu og sögu þjóðanna. Í Mosul safninu voru til að mynda eyðilagðar steinstyttur frá tímum Assyriumanna í fornöld, en höfuðborg veldisins var í Nínive skammt frá Mosul. Hinn merki bænarn Al-Nuri moskunnar, eitt helsta tákn borgarinnar, var felldur af ISIS þegar þeir flúðu úr borginni.

Margir kristnir höfðu flúið borgina fyrir innrás ISIS, vegna árása annarra hryðjuverkahópa. Restin flúði þegar ISIS tóku borgina en þeir sem voru eftir voru neyddir til að taka múhameðstrú eða voru teknir af lífi. Það sama gilti um Jasída. Fornar kirkjur og klaustur



UNESCO hafa starfað að endurbyggingu í Mosul síðan árið 2018. Mikið verk er enn óunnið. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

eins og al-Tahera og al-Saa'a voru eyðilögð. UNESCO hefur tekið að sér að endurbyggja þau einnig með stuðningi Íraks og Sameinuðu arabísku furstadæmanna. Kristnir og múslimar starfa saman við endurbyggingu moskna og kirkna.

Trúarlegar og menningarlegar stofnanir voru ekki einu byggingarnar sem urðu fyrir bardönu á ISIS og átökunum. Fjórum árum eftir frelsun borgarinnar er stór hluti hennar enn rústir, sérstaklega elsti hlutinn. „Þeir reyndu að eyðileggja

sögu borgarinnar. Þeir reyndu að breyta sögunni fyrir sig sjálfa, ekki fyrir múslima eða kristna sem hér búa,“ segir Omar Yasir Adil Taqa, umsjónarmaður UNESCO.

Takmarkið er að nota sem mest af upprunalegu byggingarefni til

Í þessari borg er von og þrá um friðsamlega sambúð.

Emmanuel Raed Adel prestur

Þess að endurbyggja Mosul, með það fyrir augum að varðveita sögu og menningu borgarinnar. Þetta er hins vegar ekki auðvelt verkefni því að enn finnast ósprengdar sprengjur innan í veggjum bygginga. Þetta eru ókláruð skemmdarverk ISIS-liða og sprengjur úr sprengjuvörpum sem hafa einhverra hluta vegna ekki sprungið. Enn finnast einnig lík eða líkamshlutar fórnarlamba stríðsins.

Miklu verki er ólokið en grettitaki hefur verið lyft og margar byggingar verið reistar til fyrri dýrðar. Þar á meðal hin kaþólska kirkja al-Bishara, en presturinn Emmanuel Raed Adel, sem flúði Mosul við innrás ISIS, hefur leitt uppbygginguna. „Í þessari borg er von og þrá um friðsamlega sambúð,“ segir hann. Frans páfi mun heimsækja Mosul í mars, bæði kirkjurnar og al-Nuri moskuna.

kristinnhaukur@frettabladid.is



## Styrkir til verkefna sem tengjast hagsmunum fatlaðs fólks og öryrkja

Öryrkjabandalag Íslands veitir árlega sérstaka styrki til ýmissa hagnýtra verkefna sem tengjast hagsmunum fatlaðs fólks og öryrkja í samræmi við málefni, markmið og/eða stefnu bandalagsins. ÖBÍ auglýsir hér með eftir styrkumsóknum.

**Umsóknarfrestur er til 15. mars næstkomandi.**

Sótt er um styrk rafrænt á vef Öryrkjabandalagsins, obi.is. Nánari upplýsingar veitir starfsfólk á skrifstofu ÖBÍ. Netfang: mottaka@obi.is. Sími. 530 6700.



Karldýrin eru aðeins 22 millimetrar á lengd með halanum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Fundu smæsta skriðdýr heims á Madagaskar

**VÍSINDI** Náttúruvísindamenn frá Madagaskar og Þýskalandi hafa fundið smæsta skriðdýr jarðar, sem kallast nanó-kameljón. Dýrið fannst í leiðangri á norðurhluta eyjunnar Madagaskar austan við meginland Afríku. Er búkur og höfuð karldýrsins einungis 13,5 millimetrar að lengd og 22 millimetrar með halanum. Kvendýrið er aðeins lengra, eða 29 millimetrar með halanum.

Fundurinn er ansi merkur, sérstaklega í ljósi þess að þekktar skriðdýrategundir eru 11.500 talsins. Nanó-kameljónin fundust í skógi sem hefur verið ruddur að stórum hluta. Oliver Hawlitschek, vísindamaður við Náttúrugripasafn Hamborgar, hefur þó ekki áhyggjur af því að tegundin verði

» Þekktar eru 11.500 tegundir skriðdýra og 200 tegundir kameljóna.


útdauð á næstunni. „Svæðið var nýlega friðlýst, þannig að tegundin mun braggast,“ sagði hann í yfirlýsingu vísindamannanna eftir fundinn.

Rúmlega 200 tegundir kameljóna eru þekktar um alla Afríku, Miðausturlönd og Suður-Evrópu. Þær hafa einnig verið innfluttar til Bandaríkjanna og eru vinsæl gældýr. Fjölmargar tegundir finnast á Madagaskar og er nanó-kameljónið talið náskyldt mikkro-kameljóninu sem fannst þar árið 2015. – khg

# Audi e-tron Sportback

Hinn alrafmagnaði e-tron Sportback er kominn til landsins.

**Verð frá 10.590.000 kr.**



Væntanlegir  
Audi Q4  
Audi e-tron GT

## Audi kynnrir 2021

### Audi e-tron 50 QUATTRO

Fyrsti alrafknúni Audi jeppinn sportlegur og öruggur förunautur.

**Verð frá 9.190.000 kr.**



### Audi Q7 TFSI e

Nýr glæsilegur fjölskyldujeppi með framsækinni tengiltvinnatækni, framúrskarandi rýmishönnun og sportlegt útlit.

**Verð frá 12.790.000 kr.**

Veldu upphaldsbílinn og taktu hann frá á [www.hekla.is/audisalur](http://www.hekla.is/audisalur)

Fylgdu okkur!



@audi

[www.audi.is](http://www.audi.is)



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · [hekla.is](http://hekla.is)  
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · Bílakjarninn Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

# Að tjá sig



Jón Þórisson  
jon@frettabladid.is

**G**rundvallarþáttur í sjálfsgöðum mannréttindum er tjáningarfrelsi, enda nýtur það víða verndar í lögum og alþjóðasamningum.

Umræður um tjáningarfrelsi eru bráðnaudsynlegar, ekki síst á hluti þeirra sem varðar hvar mörk þess liggja. Þetta hefur meðal annars borið á góma í tengslum við atburði í öðrum löndum. Var til dæmis réttlætunlegt að loka aðgangi Donalds Trump að samfélagsmiðlum í aðdraganda valdaskiptanna vestra? Getur það verið á valdi stjórnenda þessara miðla að taka slíkar ákvarðanir? Er hægt að réttlæta viðbrögð herforingjastjórnarinnar í Mjanmar í vikunni þegar fyrirskipað var að loka aðgangi landsmanna að sömu miðlum? Getur það staðist að ritstjóri fjölmiðils í Rússlandi sé dæmdur til fangavistar fyrir fremur saklaust endurtist sem stjórnvöld virðast líta á sem andóf gegn sér í þeirri sérkennilegu stöðu sem upp er komin eftir að stjórnarandstæðingurinn Navalni snéri heim á ný? Getum við sætt okkur við að þúsundir rússneskra borgara séu fangelsaðir fyrir það eitt að andæfa ríkjandi stjórnvöldum í framhaldi af fangelsun Navalni? Er ásættanlegt að ritskoðun stjórnvalda í Kína leiði til að aðgangur að netinu sé undir miklum takmörkunum og þar á meðal vefir samfélagsmiðla? Þessi dæmi eru ólík en eiga sér ofríkið sammerkt.

Umræða um mörk tjáningarfrelsis er því jafnmikilvæg og tjáningarfrelsið sjálft. Svarið við því hvar þau liggja fæst ekki nema með rökræðum. Einfaldur vegvisir hlýtur þó að vera að frelsi eins eigi að vera óheft, að því marki sem það takmarkar ekki frelsi annars.

Eitt alvitlausasta mál sem til umfjöllunar er um þessar mundir á Alþingi er frumvarp þingmanna Pírata, auk tveggja villuráfandi þingmanna annarra flokka, um breytingu á lögum um þjóðsönginn. Frumvarpið gerir ráð fyrir að þau takmörk sem gildandi lög boða um flutning hans verði afnumin. Rökstuðningurinn að baki tillögunni er að í því felist tjáningarfrelsi að mega flytja hann hvernig sem er. Tint er til að í mannréttindakafla stjórnarskrár séu ákvæði um tjáningarfrelsi sem lögum um þjóðsönginn standist ekki.

Nú hefur ekki orðið vart við knýjandi þörf á að þjóðsöngurinn sé fluttur með því sniði að gengi í berhögg við löginn sem um hann gilda. Og væri svo, er ósennilegt að menn elti ólar við það. Það verður því ekki með góðu móti séð að tilefni sé til að eyða dýrmætum tíma þingsins í þetta aukaatriði.

Nú gengur yfir landið djúpstæð kreppa og íbúar þess, og annarra, eru undir fáheyrðum takmörkunum á persónufrelsi til að hefta útbreiðslu heimsfaraldursins. Heilu atvinnugreinarnar eru á vonarvöl, tugþúsundir ganga atvinnulaus og afkoma fjölda heimila í uppnámi. Við þær aðstæður er varla mikilvægt að geta flutt þjóðsönginn hvernig sem er.

Að rökstyðja þetta mál með tjáningarfrelsi er þó sennilega skaðlegast af öllu og varpar rýrd á mikilvægi umræðunnar um hvar mörk þess liggja.



Það verður því ekki með góðu móti séð að tilefni sé til að eyða dýrmætum tíma þingsins í þetta aukaatriði.

## Tilkynning

### Finanzas Forex - 12 ára Minning.

Haustið 2008 urðu íslensku bankarnir gjaldþrota. Margir misstu sparifé sitt. Þá var hópur fólks, sem hvatti aðra til að leggja peningana sína í Ponse gjalddeyriskass, sem hét Finanzas Forex. Þetta Finanzas Forex var byggt á „multi-level marketing service“ uppbyggingu. Þannig að þeir sem komu fyrst inn græddu mest en þeir sem koma síðar töpuðu öllu sínu. Það eru mörg fyrirtæki, sem eru upp byggð á „multi-level marketing service“ t. d. Herbalife, Newskin, Gano, GoldQuest, Auvestia. Þessi tvö síðast nefndu eru gull fyrirtæki þar sem fólk getur keypt gull.

Mér var sagt þegar Finanzas Forex var kynnt fyrir mér að það væri öruggara en banki og að Finanzas Forex myndi bjarga Íslandi eftir fjármálahrunið 2008. Þess vegna lagði ég þúsund dollara í þetta fyrirtæki þann 6. febrúar fyrir nákvæmlega 12 árum síðan.

Það eru mörg „multi-level marketing service“ fyrirtæki sem við þurfum að vara okkur á eins og til dæmis JooGo, sem mér var sagt að ég myndi græða á en það reyndist ekki rétt. Þannig varði ykkur á „multi-level marketing service“ sölu-mönnum það er ekki alltaf rétt það sem þeir segja.

Gallinn við þessa „multi-level marketing service“ er að fólk vill fá fjölskyldu sína, vini og kunningja inn í þessi fyrirtæki og oft er árangurinn af því sá að það verða vinaslit á milli fólks og fólk talar ekki saman.

Helgi Borgfjörð Kárason.

P.S. Höfundur er verkamaður, sem vinnur í Fjölskyldu- og Húsdýragarðinum.



## Gunnar



## Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



### „Eðli Facebook“

Í janúar 2012 sprakk sprengja við Stjórnarráðið í Reykjavík. Tíu dögum síðar var 72 ára karlmaður handtekinn fyrir verknaðinn. Í blaðaviðtali lýsti maðurinn því yfir að sprengjan hefði verið til höfuðs þáverandi forsætisráðherra. „Hún átti að fara til Jóhönnu en ég fann ekki hvar hún á heima.“ En þrátt fyrir játninguna felldi ríkissaksóknari málið niður. Flestir virtust líta á uppátækið sem gott sprell en ekki aðför að forsætisráðherra eða rötum lýðræðisins.

En nú er öldin önnur. Nýverið var skotið úr byssu á bifreið Dags B. Eggertssonar. Lögreglan tók málið föstum tókum og fordæmdi stjórnmalafólk hinna ýmsu flokka verknaðinn. Ekki voru þó allir jafnhneykslaðir.

Tilvist varaborgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Ólafs Guðmundssonar, kom óvænt upp á yfirborðið í síðustu viku þegar hann tjáði sig á Facebook um árásina á fjölskyldubíl borgarstjóra: „Nú er byltingin komin heim og þú verður bara að taka því Hr. borgarstjóri.“ Orð hans mæltust illa fyrir og var Ólafi gert að víkja úr þeim ráðum sem hann situr í hjá borginni. Sjálfur virtist hann hins vegar telja sig blásaklausan af ummælunum. Hann neitaði því ekki að hann hefði látið þau falla en þetta sýndi „bara hvernig Facebook og samfélagsmiðlarnir eru“. Þetta er „eðli Facebook“, sagði Ólafur í viðtali.

### Náttúruleg tilhneiging

Árið 1931 bauð Alþjóðanefnd um hugmyndasamvinnu eðlisfræðingnum Albert Einstein til þverfaglegra rökræðna um friðarmál. Skoðanaskiptin skyldu fara fram í formi bréfaskipta og Einstein mátti velja sér mótherja. Hann valdi geðlækninn Sigmund Freud, sem tók þátt með þeim fyrirvara að bólsýni hans væri ekki líkleg til vinsælda. Spurningin sem Einstein lagði út með var þessi: „Er hægt að stýra andlegri þróun mannsins þannig að hann öðlist vörn gegn geðröskuninni sem er hatur og eyðileggingarhvót?“ Niður-

staða Freuds var afdráttarlaus. Illskan er manningu eðlisfræðingnum til þess að við getum útrýmt ofbeldishneigð mannkynsins.“

Það hefur löngum þótt vinsælt að helga sig baráttunni gegn hinu illa. Samtíminn er engin undantekning. Siðferðisvitund er tiskuflikin í ár. Sveipað dyggðaskrúða geysist fólk fram, eins og píslarvottar allra alda, með nýbrynda réttisýni að vopni staðráðið í að útrýma illskunni í eitt skipti fyrir öll. Markmiðið er göfgt. En eins og svo oft byrgir blind trú manningu sýn.

Baráttufólk gegn mannlegri illsku lítur jafnan svo á að með aukinni þekkingu, framþróun, sé hægt að uppræta illskuna úr samfélaginu – illsku á borð við rasisma, kvenfyrirlitningu og almennt mannhatur. Hugarfarsbreytingin sem orðið hefur í íslensku samfélagi á þeim tæpa áratugum sem liðinn er frá því að hent var gaman að sprengjunni við Stjórnarráðið kann að láta líta út fyrir að framþróun sé möguleg, að það sé glöpska fortíðar að finnast árás á lýðræðislega kjörinn leiðtoga gott grín.

Ólafur Guðmundsson kenndi „eðli Facebook“ um rætin ummæli sín um borgarstjóra. Stjórnmalafólk kenndi eðli umræðunnar um. Fáum datt í hug að kenna um eðli mannsins.

Freud færði rök fyrir því í bréfaskiptum sínum við Einstein að illskan væri náttúruleg tilhneiging til eyðileggingar sem byggir innra með manningu, samhliða tilhneigingunni til samkenndar og samvinnu. Samkvæmt því er illskan ekki frávik; hún er ekki undantekning. Hún mun ekki hverfa þótt við tókum Twitter úr sambandi og fjarlægjum fingurna af „virkum í athugasemdum“.

Harkaleg samfélagsumræða er ekki ástæða ljót-leikans í mannlegu samfélagi heldur birtingarmynd hans. Trú á að mannlega illsku megi uppræta með því að rúta aðeins til í rangölum Facebook villir okkur sýn. Aðeins með því að horfast í augu við að illskunni verður ekki eytt, getum við tekist á við hana.



## NÝTT – Hydrating Cream

Hydrating Cream er nýtt olíu- og ilmefnalaust rakakrem sem inniheldur aðeins 16 innihaldsefni. Hydrating Cream veitir langvarandi raka, nærir húðina og gerir hana mjúka og áferðarfallega.





**GARDOLO** hornsófi í koniaskbrúnu Dalton áklæði

**ÚTSALA 15-30% AFSLÁTTUR**



Vandaðir og sterkir hornsófar með opið horn. Fást í fjórum litum í þrenns konar sterkum en ólíkum áklæðagerðum; Dalton sem er slétt pólýesteráklæði. Brunei sem er sléttflauel og Gaius sem er grófofin pólýesterblanda. Hægri eða vinstri tunga. Svartir nettir járnfætur. Stærð: 247 x 195 H: 84 cm.

**GARDOLO** hornsófi

Fullt verð Gaius: 209.900 kr. Fullt verð önnur áklæði: 219.900 kr.

**Aðeins 146.930 kr. 186.915 kr.**



**ÚTSALA 15% AFSLÁTTUR**

**LICATA** hornsófi

Glæsilegur hornsófi í Licata línunni. Fæst hægri eða vinstri (horn ófæranlegt). Tvennskonar, slitsterkt áklæði. Þrír litir; steingrátt, koniaskbrúnt eða grásvart. Licata er því nettur og passar í flest rými bæði hvað varðar stærð og stíl – látlaus og fallegur. Stærð: 262 x 226 H: 82 cm.

Fullt verð: 249.900 kr.

**Aðeins 212.415 kr.**



**ÚTSALA 15% AFSLÁTTUR**

**LICATA** U-sófi

Fallegur og vandaður sófi í Licata línunni. Fæst hægri eða vinstri (horn ófæranlegt). Koniaskbrúnt Kentucky bonded leður. Seti og bak eru lausar pullur sem sitja þó vel og renna ekki. Innra byrði er úr endingargóðum, kaldpressuðum svampi, trefjafyllingu og loks mjúku yfirlagi. Stærð: 366 x 226 H: 82 cm.

Fullt verð: 349.900 kr.

**Aðeins 262.425 kr.**



**ÚTSALA 25% AFSLÁTTUR** af Nature's Luxury 20% af botni

**Nature's LUXURY** heilsurúm með classic botni

**Frábær heilsudýna með yfirdýnu fyrir enn betri hvíld.**

Natures Luxury er frábær heilsudýna með 20 cm háum svæðaskiptum pokagormum. 5 mismunandi svamplög. Dýnan er millistíf. Natures Luxury er tilvalin á venjulegan botn sem og í stillanleg rúm.

**VERÐDÆMI:**

Stærð í cm	Fulltverð m/Classic botni og löppum	ÚTSÖLUVERÐ m/ botni og löppum
160x200	149.900 kr.	114.675 kr.
180x200	169.900 kr.	129.925 kr.

Fæst líka í stæðunum 80/90/100/120 og 140 x 200 cm



**ÚTSALA 25% AFSLÁTTUR** af Sealy Seattle 20% af botni

**Sealy SEATTLE** heilsurúm með classic botni

**Frá einum stærsta framleiðanda heilsudýna í heimi.**

Vönduð og góð, millistíf heilsudýna með pokagormum sem gefa fullkominn stuðning. Hún er svæðaskipt og því mýkri á okkar þyngstu stöðum eins og öxlum og mjöðrum. Náttúrulegt Talalay latex í bland við mismunandi svamptegundir gefur henni gott loftflæði.

**VERÐDÆMI:**

Stærð í cm	Fulltverð m/Classic botni og löppum	ÚTSÖLUVERÐ m/ botni og löppum
160x200	174.900 kr.	133.425 kr.
180x200	189.900 kr.	144.925 kr.

Fæst líka í stæðunum 90/120/140 og 200 x 200 cm



**BOSTON CITY**

stillanlegt heilsurúm - dýna, botn, fætur og gaff

**ÚTSALA 30% AFSLÁTTUR**

**SEALY**

Boston City fást í tveimur stærðum; 160x200 og 180x200 cm. Botn, dýna og gaff eru klædd sama dökk- eða ljósgráa, slitsterka áklæðinu sem gefur rúminu glæsilegt útlit. Dýnan er svæðaskipt pokagormadýna. Botninn er með gormum (Boxspring) sem gefur viðbótarfjöðrun. Rúminu fylgir þráðlaus fjarstýring.

Boston City 160 x 200 cm stillanlegt Fullt verð: 479.900 kr.

Boston City 180 x 200 cm stillanlegt Fullt verð: 499.900 kr.

**Aðeins 335.930 kr. 349.930 kr.**



**BOSTON**

heilsurúm - dýna, botn, fætur og gaff

**ÚTSÖLU AFSLÁTTUR 90.000 krónur** 160 x 200 cm

**ÚTSÖLU AFSLÁTTUR 100.000 krónur** 180 x 200 cm

**SEALY**

Boston City heilsurúmin frá Sealy fást í tveimur stærðum; 160x200 og 180x200 cm. Þau koma í tveimur gráum tönnum af Viva áklæði, dökkum og ljósum. Botn, dýna og gaff eru klædd sama áklæði sem gefur rúminu glæsilegt útlit. Dýnan er svæðaskipt pokagormadýna. Botninn er með gormum (Boxspring) sem gefur viðbótarfjöðrun.

Boston 160 x 200 cm Fullt verð: 279.900 kr.

Boston 180 x 200 cm Fullt verð: 299.900 kr.

**Aðeins 189.900 kr. 199.900 kr.**

Afgreiðslutími Rvk  
Mán. til fös. kl. 11-18  
Laugard. kl. 11-17  
Sunnud. kl. 13-17 (Smárat.)

Holtagörðum, Reykjavík  
512 6800  
Smáratorgi, Kópavogi  
512 6800

Dalsbraut 1, Akureyri  
558 1100  
Skeiði 1, Ísafirði  
456 4566

Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur.



# DORMA

Láttu drauminn rætast

## Ótrúleg útsala í fjórum búðum og á [dorma.is](http://dorma.is)

Smáraton | Hagatorg | Akureyri | Ísafirði



[www.dorma.is](http://www.dorma.is)

VEFVERSLUN

**ALLTAF  
OPIN**

# DORMA útsalan

ALLT AÐ

# 60%

AFSLÁTTUR

**Dorma Luxury Ice**  
heilsukoddi

ÚTSALA  
**20%**  
AFSLÁTTUR

Einstakt, kælandi áklæði umlykur Luxury Ice koddann. Innra byrði koddans léttir á þrýstingi og veitir samfelldan og óraskaðan stuðning. Stærð: 65 x 48 x 16 cm.

Fullt verð: 10.900 kr.

Aðeins **8.720 kr.**

ZONE  
DENMARK

ÚTSALA  
**20%**  
AFSLÁTTUR



Allar **ZONE** vörur

**Affari**

ÚTSALA  
**20%**  
AFSLÁTTUR



Allar **Affari** vörur

**Boltze**


ÚTSALA  
**20%**  
AFSLÁTTUR



Allt frá **Boltze**

# DORMA

Láttu drauminn rætast



# Meistararnir reyna að verja krúnuna

Úrslitaleikurinn um Ofurskálina fer fram um helgina þar sem Tom Brady og Patrick Mahomes leiða saman hesta sína. Átján ára aldursmunur er á leikstjórnendum tveimur, sem hafa hampað titlinum í síðustu tveimur Ofurskálarleikjum.



CHIEFS

**Timabilið 2020**  
Sigrar 14  
Töp 2

## Super Bowl 2021

7. febrúar

Raymond James Stadium,  
Tampa Bay,  
Flórída



BUCCANEERS


**Timabilið 2020**  
Sigrar 11  
Töp 5

Sóknarleikur		Meðaltal í leikjum	Varnarleikur	
29,6	30,8	Stig	22,6	22,2
415,8	384,1	Jardar	358,3	327,1
112,4	94,9	Hlaupajardar	122,1	80,6
303,4	289,1	Kastjardar	236,2	246,6

**440** Milljónir króna á sigur Tampa Bay er stærsta veðmálið á leikinn sem búið er að staðfesta í Bandaríkjunum.

**1** Í fyrsta sinn leikur lið leikinn um Ofurskálina á heimavelli í Tampa Bay.

**1,4** Búist er við að nýtt met verði sett í kjúklingavængjaáti yfir leiknum en samtök kjúklingabænda búast við því að 1,4 milljörðum vængja verði torgað.



Í úrslitaleiknum þetta árið tekst Brady að skjótast fram úr Bill Belichick, þjálfara New England Patriots, í fjölda meistaratitla eftir að þeir unnu sex meistaratitla í samningu.

Brady er þegar með ferilskrána til að standa undir titlinum besta leikmaður allra tíma, en með sigri í leik helgarinnar tekst honum að breikka bilið enn frekar.

### Ríkjandi meistararnir til alls líklegir

Ríkjandi meistararnir í Kansas City þykja sigurstranglegri samkvæmt veðbönkunum, enda liðið með besta árangurinn á tímabilinu með leikstjórnanda sem lendir meðal efstu tveggja í kosningunni á besta leikmanni deildarinnar þegar valið verður tilkynnt í kvöld. Liðin mættust á sama velli fyrir rúmum tveimur mánuðum þar sem Chiefs vann 27-24 sigur þar sem Buccaneers tókst að laga stöðuna með tveimur snertimörkum í lokaleikhlutunum.

Frá því að Mahomes tók við stöðu leikstjórnanda hjá Kansas City hefur sóknarleikur liðsins verið svo gott sem óstöðvandi afl og verður gaman að sjá vörn Buccaneers takast á við Mahomes. Eina liðinu sem hefur tekist að stöðva Kansas City í úrslitaleiknum frá því að Mahomes tók við keflinu í leikstjórnandastöðunni er New England Patriots með Brady innanborðs, en Chiefs hafa unnið 25 af síðustu 27 leikjum liðsins.

Með sigri í úrslitaleiknum tækist Chiefs að blanda sér í umræðuna um bestu lið sögunnar með því að verða níunda liðið til að verja meistaratitilinn, sextán árum eftir að Patriots tókst það síðast. Undanfarin ár hefur tveimur liðum tekist að komast í úrslitaleikinn sem ríkjandi meistarar en hvorugu liði tókst að endurtaka leikinn. kristinnpall@frettabladid.is

### Hefndarför Bradys

Ákvörðun Bradys um að yfirgefa New England Patriots og semja við Tampa Bay Buccaneers skók íþróttahiminn eftir tuttugu ára farsælt samband Bradys og Patriots. Þá leitaði hann á ný mið og samdi við lið Buccaneers sem var með efnivið í góðan leikmannahóp en þurfti góðan skipstjóra til að stýra skútunni. Eftir komu Bradys voru nokkrar stórstjórnur sem sömdu við lið Buccaneers og gerðu liðið illviðráðanlegt á báðum endum vallarins. Útherjasveit Bradys er meðal þeirra bestu sem nokkurt lið hefur haft undanfarna áratugi og varnarliðinn hefur verið að spila betur og betur eftir því sem liður á tímabilið.

Eftir misjafna frammistöðu í upphafi árs náði Brady betri takti eftir því sem leið á tímabilið og er hann nú að leika til úrslita í fjórða sinn á síðustu fimm árum og tíunda skiptið á ferlinum. Brady er þegar sigursælasti leikstjórnandi allra tíma með sex meistarahringa og sá einstaklingur sem hefur komist oftast í Superbowl en í þetta skiptið er hann með aukinn hvata. Með sigri

## Cloé fær ekki leikheimild með Íslandi

**FÓTBOLTI** Litlar líkur eru á því að Cloé Lacassé, kanadíski framherji Benfica sem fékk íslenskan ríkisborgararétt árið 2019, fái nokkurn tímann að leika fyrir íslenska kvennalandsliðið en hún er ekki enn komin með leikheimild hjá FIFA. Samkvæmt reglum Alþjóðaknattspyrnusambandsins þurfa einstaklingar að búa í fimm ár samfleytt í ríkinu til þess að fá heimild til að fá að leika fyrir hönd nýs lands en Cloé náði því ekki fyrir félagsskipti sín til Portúgals.

Samkvæmt reglum FIFA um aðila sem vilja leika fyrir hönd annarrar þjóðar en fæðingarlands síns, þurfa leikmenn að fylla eitt af fimm skilyrðum. Meðal þeirra er að leikmaðurinn hafi búið í að minnsta kosti fimm ár samfleytt í tilheyrandi landi eftir átján ára afmælisdag. Í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins staðfesti Haukur Hinriksson, yfirlögfræðingur KSÍ sem sér um leyfismál, að Cloé hefði ekki uppfyllt tilskyldan kvóta. Framherjinn yfirgaf ÍBV og samdi við Benfica sumarið 2019 en þá voru rúm fjögur ár frá komu Cloé til landsins.

KSÍ sendi fyrirspurn inn til FIFA hvort að félagsskipti hennar milli landa yrðu til þess að samfleytt dvöl teldist rofin og staðfesti FIFA að svo væri. Samkvæmt því þyrfi Cloé því að dvelja í fimm ár á Íslandi á ný til að öðlast keppnisrétt fyrir hönd íslenska landsliðsins.

Cloé var um árabíl einn af bestu leikmönnum efstu deildar þegar



Cloé Lacassé í leik með Benfica í Meistaradeild Evrópu. FRÉTTABLAÐID/GETTY

» Kanadíski Íslendingurinn Cloé Lacasse kom að 30 mörkum í sautján leikjum með Benfica á síðasta ári.

hún lék með ÍBV. Á fjórum árum lék hún 79 leiki fyrir hönd ÍBV í efstu deild og skoraði í þeim 54 mörk ásamt því að eiga eftirminnilega stóran þátt í öðrum bikarmeistararitlinum í sögu kvennaflokks ÍBV. Í

úrslitaleiknum braut markahrókurinn ísinn fyrir ÍBV og fiskaði vitspurnuna sem sigurmörkið kom úr. Kanadíski Íslendingurinn hefur ekkert slegið af en hún skoraði 22 mörk og lagði upp önnur átta í sautján leikjum á síðasta ári og er komin með ellefu mörk í tíu leikjum til þessa á yfirstandandi tímabili.

Á sama tíma og Cloé fékk ríkisborgararétt fékk Natasha Anasi, miðvörður Keflavíkur, ríkisborgararétt og er miðvörðurinn sem er fædd í Bandaríkjunum búin að leika tvo leiki fyrir Íslands hönd. – kpt

**BUBS GODIS**

**Goody** Sweet Ovals

**Goody** Strawberry

**Goody** Raspberry

**Goody** Sour Ovals

FAIRTRADE

BELGÉTÍ DERT ÚR FAIRTRADE VOTTUÐUM ÁTYN

Vegan

# Mesta úrval landsins!

Komdu í kaffi, skoðaðu og reynsluaktu.  
Opíð í dag frá 12-16

Magnaður  
leiðtogi  
í tíu ár

Nissan  
LEAF

Verð frá  
4.890.000 kr.

100%  
rafmagn



SUBARU  
Forester  
e-BOXER

Verð frá  
7.390.000 kr.

SUBARU  
XV  
e-BOXER

Verð frá  
6.490.000 kr.

Subaru:  
Tilbúinir  
í snjóinn



Renault  
Clio  
E-Tech

Verð frá  
4.090.000 kr.

Hybrid

Renault  
Captur  
E-Tech

Verð frá  
4.690.000 kr.

Plug-in  
Hybrid

5 ára  
ábyrgð  
á Renault



BMW  
hugvit og  
gæði



BMW  
X1

Sérverð:  
6.890.000 kr.

Listaverð:  
7.490.000 kr.

Plug-in  
Hybrid



Byrjaðu  
rafmagnað  
líf með MG

Sjö ára ábyrgð

MG  
EHS  
PHEV

Verð frá  
5.190.000 kr.

Plug-in  
Hybrid

MG  
ZS  
EV

100%  
rafmagn

Verð frá  
4.090.000 kr.



**BL lengir ábyrgðina**

Við höfum lengt ábyrgðartíma flestra bíltegunda okkar. Kynntu þér lengri ábyrgð og framúrskarandi þjónustu á bl.is.

**Mesta úrval landsins er á bl.is**

BL er stærsta bílaumboð landsins og á bl.is getur þú skoðað yfir 60 tegundir frá 11 bílaframleiðendum, pantað reynsluakstur og óskað eftir sölumati og tilboðum vegna uppþöku.

**BL ehf**

Sævarhöfða 2, 525 8000

**Jaguar / Land Rover**  
Hesthálsi 6-8, 525 650

**Hyundai**  
Kauptúni 1, 575 1200



DACIA



ISUZU



# Velliðan og frelsi í heitri laug

**Ágústa Hjaltadóttir** hefur undanfarin tvö ár staðið fyrir flotviðburðum fyrir konur og býður nú reglulega upp á sunnudagsflot og hreinsandi ilmsánumeðferð að danskri fyrirmynd, í sundlauginni við Varmá í Mosfellsbæ.

Björk  
Eiðsdóttir  
bjork@frettabladid.is



**Á**gústa Hjaltadóttir hefur undanfarin tvö ár staðið fyrir flotviðburðum fyrir konur og stendur nú reglulega fyrir slíkum viðburðum á sunnudögum í sundlauginni við Varmá í Mosfellsbæ.

Ágústa, sem er leik- og grunnskólakennari að mennt, hefur sótt fjölmörg heilsutengd námskeið undanfarin ár og til að mynda lagt stund á Hagnýta heilsuefingu við Háskóla Íslands.

„Ég vann mjög lengi í fjármála-geiranum en svo breyttust aðstæður hjá mér árið 2018 og ég snéri mér í framhaldi að kennslu og stofnandi fyrirtæki á sviði heilsuefingar.

Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á öllu sem tengist heilsu og betri líðan. Við fjölskyldan stunduðum sundlaugina í Vesturbænum og fórum í hvaða veðri sem var í sund. Ég man eftir því að stundum þurftum við að ýta bílnum af stað en í sund fórum við. Varðandi flotið þá fór ég fyrst í flot í Laugaskarði 2016 og fannst þetta dásamleg upplifun og fór að skoða það betur og leita uppi flottíma til að sækja.“

## Innleiddi flot í Danmörku

Það var svo þegar Ágústa flutti til Kaupmannahafnar árið 2018 og var að leita sér að verkefnum að henni datt í hug að taka námskeið í flotmeðferðum og keypti sér nokkrar hettur.

„Ég fór svo af stað og var svo lán-söm að fá tækifæri til að bjóða upp á flot í glæsilegu spa-i í Frederiksberg og í framhaldi seldi ég þeim hettur svo það má segja að ég hafi innleitt flot í Danmörku,“ segir Ágústa.

Þar sem hún hafði tímann fyrir sér fór hún að stunda Saunagus eða ilmsánu og ákvað í framhaldi að kynna sér þá menningu í Kaupmannahöfn.

„Ég varð alveg heilluð af því og ákvað að taka þá þekkingu með mér heim til Íslands og taka það inn í mína tíma; flot og sána alveg steinlá saman. Í framhaldi fékk ég íþrótafulltrúann í Mosfellsbæ í líð með mér og við fórum á námskeið hjá danskri konu sem hefur kennt Saunagus í 14 ár og prófuðum svo í fyrravetur að hafa opna ilmsánumtíma í Lágafellslauginni við mikla ánægju.“

Ágústa hannaði, ásamt Sóleyju Jóhannsdóttur líkamsræktarfrömuði, námskeið í Hveragerði, bæði í tengslum við Laugaskarð og einnig helgarnámskeið á Heilsustofnun NLFÍ. Þeim námskeiðum var vel tekið og í framhaldi fékk Ágústa inni með námskeið sín í Varmá, þar sem konur á aldrinum 25 til 70 ára hafa flotið í kyrrð og öðlast þannig dýrmæta slökun.

Ágústa segir ávinning slökunarflots margvislegan. „Það er mikil velliðan og frelsi að fljóta í heitri laug með þar til gerðum flotbúnaði og þú nærð algerrí slökun. Slökunin veitir nærandi hvíld og örvar hreinsun líkama og huga, hún getur verið verkjalosandi, dregið úr



Ágústa hefur alltaf haft áhuga á öllu því sem tengist heilsu og betri líðan en kynntist floti fyrst fyrir tæpum fimm árum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Ágústa býður upp á svokallaðar ilmkjarnaolíumeðferðir.



Hljó stemning skiptir miklu máli í ilmsánumni.

streitu, bætt svefn, styrkir ónæmiskerfið og ég gæti talið lengi upp fleiri kosti þess að fljóta. Svo er líka alltaf mismunandi hvernig þátttakendur upplifa þetta. Enda misjafnt hvað fólk er að takast á við og hvað hrjáir það.“

**Hreinsandi og nærandi ilmsána**  
Varðandi ilmsánuna segist Ágústa hafa fundið á eigin skinni á Danmerkurárunum hversu gott hún gerði henni.

„Ég féll alveg fyrir henni enda alltaf verið spennit fyrir ilmólíum og hafði farið á námskeið á Íslandi í oliufræðum svo þetta small hjá mér, sána og oliur.

Þetta eru svokallaðar ilmkjarnaolíumeðferðir með áherslu á núvitund. Það er alltaf einn stjórnandi, „Gusmaster“ sem blandar oliurnar, hellir á heita steinana, er með handklæði og dreifir hitanum um klefann og er inni í sánunni allan tímann. Það skiptir miklu máli að



## MEÐFERÐIN LYFTIR ÞÉR UPP Á HÆRRA PLAN EINS OG SAGT ER.

skapa hlýja stemningu í sánunni og ég legg áherslu á það að fólk njóti þess og slaki á og hugsi um líðandi stund.“

Ágústa segir mismunandi hvaða tímar og meðferðir séu í boði.

„Stundum eru þetta tímar sem vara í 10 til 15 mínútur og eins höfum við boðið upp á klukkutíma-meðferð, þá eru þrjár lotur, 10 mínútur hver lota og 10 mínútur að kæla sig á milli, og alltaf ný oliublanda í hverri lotu,“ útskýrir Ágústa og nefnir nokkrar tegundir meðferða:

„Detox, Total Relax, hormónameðferð fyrir konur, Aðventusána og svo má lengi telja.“

Ágústa segir viðtökurnar hafa verið góðar og að nánast sé alltaf fullt í tíma hjá henni.

„Þetta er ekki bara afslappandi heldur er ávinningurinn mikill, en oliurnar virka meðal annars á ónæmiskerfið, eru hreinsandi, djúpvirkandi, hjálpa til við streitu, eru hreinsandi fyrir öndunarferin, eru bakteríudrepandi, húðin verður mjúk og ekki síst hjálpar þetta til við andlegu hliðina. Meðferðin lyftir þér upp á hærra plan eins og sagt er. Svo er ilmurinn alveg dásamlegur en ég nota yfir 40 tegundir af ilmkjarnaolíum. Þetta er algjör veisla fyrir öll skilningarvit og svo má ekki gleyma hvað þetta er notaleg samvera.“

## Mikil náttúruupplifun

Ágústa segir meðferðina henta öllum þeim sem almennt séu heilsu-

hraustir, þó ekki þeim sem eru yngri en 18 ára, barnshafandi konum og fólki með hjartasjúkdóma.

Sjálfr er Ágústa alltaf ofan í lauginni með þátttakendum og gefur þeim létt nudd sem eykur slökunina og getur að hennar sögn skipt sköpum.

„Að liggja í heitri lauginni og þá sérstaklega útilaug er mikil náttúruupplifun. Að hlusta á fuglana, fá rigningu í andlitið og svífa um í lauginni algerlega tímalaus. Vatnið hreinsar hugann og endurnærir okkur og það verður ákveðin endurstilling.“

Ágústa segir gaman að fá endurgjöf á það sem hún er að gera og rifjar upp sögu af rúmlega fertugum karli sem hafi fyrir meðferðina vaknað hverja nótt til að pissa.

„Hann fór að sækja ilmsánutíma hjá mér og eftir nokkur skipti þá uppgötvaði hann að hann var hættur að þurfa að fara á klósettíð á nóttunni. Hann var alsæll með þá breytingu og örugglega konan hans líka. Aðrir hafa sagt mér hvernig svefninn hafi lagast en bestu meðmælin eru þegar fólk fer að koma aftur og aftur í tíma. Þá er maður að gera eitthvað rétt. Ein kona sendi mér póst og sagðist hafa sofíð í 12 tíma eftir flot hjá mér. Það hafði ekki gerst síðan hún var unglingur,“ segir Ágústa og bætir við: „Ég man líka eftir konu sem var að jafna sig eftir krabbameinsmeðferð og var orðin háð svefnlyfjum en eftir flotið svaf hún eins og engill og þurfti ekki neina hjálp við það.“

Streita er eitt stærsta nútíma-vandamálið en Ágústa segir fólk sífellt vera farið að hlúa betur að sjálfu sér og gefa sér tíma til slökunar.

„Ég held að það sé smitandi og flestir séu í dag meðvitaðir um að þú þarft fyrst að setja grímuna á þig til að geta hjálpað og gefið af þér. Það er ekki hægt að keyra sig áfram, þá lendir þú bara á vegg,“ segir hún að lokum.

Hægt er að nálgast upplýsingar um flotviðburði Ágústu á Facebook-síðu hennar undir nafninu Heil & sæl.

# NÝTT



## Gledilega páska

**Veldu páskaegg frá Nóa sem passar þér!**

Nýju páskaegginn frá Nóa eru tilbúin, ómótstæðilegt Sírius Súkkulaðipáskaegg með saltkringlum & sjávarsalti og Eitt Sett eggid með ljúffengu lakkriskurli. Úrvalið hefur aldrei verið meira svo allir geta fundið páskaegg frá Nóa Sírius við sitt hæfi.



**Skoðaðu, veldu og njóttu!**

blóma<sup>val</sup>

# Pottaplöntur 20-50% afsláttur

Ný sending í hverri viku



23%

Smaragðsskott  
11 cm pottur. 11328126

**1.290** kr  
~~1.690~~ kr



26%

Orkidea  
12 cm pottur. 11325000

**1.990** kr  
~~2.690~~ kr



25%

Ástareldur  
10323787

**1.490** kr  
~~1.990~~ kr



20%

Páfuglafjöður  
17 cm pottur.  
11400214

**3.990** kr  
~~4.990~~ kr



20%

Sómakólfur  
15 cm pottur.  
11328264

**2.790** kr  
~~3.490~~ kr



24%

Tígurskrúð  
17 cm pottur.  
11261291

**3.990** kr  
~~5.290~~ kr

## Feringardagar

Gildir til 15. febrúar

# 30% afsláttur

af vörum sem þú þarft fyrir feringuna,  
einnig í vefverslun, blomaval.is

LADY málning



# 20% afsláttur

Litakort Sir Arnars Gauta  
er komið í Húsasmiðjuna



25%

tescoma.



Panna 20 cm

Lúxus panna með extra sterkri og viðloðunarfríri Titanhúðun. Má notast á allar gerðir eldavéla, líka Span. Má fara í ofn. 2202202

**4.418** kr  
~~5.890~~ kr

25%

tescoma.



Smartpanna

Lúxus grillpanna með extra sterkri og viðloðunarfríri Titanhúðun. Má fara í ofn og í uppþvottavél. Silikonhandföng sem auðvelt er að losa af. 2202206

**6.443** kr  
~~8.590~~ kr



175 kg

Hillurekki  
Strong 175 Galva

Stærð: 180x90x45 cm,  
5 hillur, hver hilla ber 175 kg. Litur: Galv. 5803673

**5.830** kr  
~~7.329~~ kr



20%

33%

Makita.

Höggborvél 18V  
+74 fylgihlutir

2 stk., 18V 1.5Ah li-ion rafhlöður, tveggja hraða, 0/400/1400 sn./mín. Hersla 42Nm, 16 átaksstillingar, hleðslutími 60 mín., þyngd 1,7 kg. 5255490

**37.495** kr  
~~49.995~~ kr



26%

NEO

Verkfæraskápur

Hjól með bremsum,  
hægt að læsa, 6 skúffur,  
hæð: 103 x breidd: 68 x  
dýpt: 46 cm, burðargeta  
280 kg. 5024494

**36.995** kr  
~~49.995~~ kr



27%

NEO

Topplyklasett  
126 stk.

126 stk., 1/4" og 1/2".  
Toppur 4-32 mm.  
Skraff 72T. 5052576

**18.995** kr  
~~25.995~~ kr





blómaval HÚSASMÍÐJAN

# FYRIR ÞIG

## Lítum inn á við

Gerum heimilið fínt í febrúar



Nýtt blað  
er komið út  
husa.is



20%

LAUFEN Veggskál + seta, rimless  
Veggskál og seta. 7920019

**39.990** kr  
50.375 kr



20%

damixa™ Eldhúsblöndunartæki  
Silhouet, brass. 8000070

**34.290** kr  
42.865 kr



25%

damixa™ Handlaugartæki  
Silhouet, svart. 8000057

**27.990** kr  
34.990 kr



25%

BLACK+  
DECKER

Borvél 12V + 100 fylgihlutir  
Tvær rafhlöður, 1.5Ah - Lion.  
Hersla 25Nm. 10 mm patróna. 5245566

**15.995** kr  
50.375 kr



David Freeman var gefinn í hinn alræmda sértrúarsöfnuð *The Family*, þegar hann var aðeins tveggja ára gamall. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Var sviptur bernskunni í söfnuði

**David Freeman** ólst upp í sértrúarsöfnuði í Ástralíu en hóf nýtt líf á Íslandi fyrir rúmum tuttugu árum. Börnin í söfnuðinum voru svelt, barin og lokuð inni. Föstudaginn 14. ágúst 1987 ruddist lögreglan inn og frelsaði börnin.

Einar Þór Sigurðsson  
einarthor@frettabladid.is



Ég mun aldrei taka frelsi mínu sem sjálfsögðum hlut. Ástæða þess að ég skil hvað felst í orðinu frelsi er sú að ég eyddi tólf árum af barnæsku minni án þess," segir David Freeman, 47 ára karlmaður sem fæddist í Ástralíu en hefur búið á Íslandi í um tvo áratugi.

Saga Davíds er um margt óvenjuleg enda ólst hann upp í alræmdum sértrúarsöfnuði skammt frá borginni Melbourne, söfnuði sem komst í heimsfréttirnar árið 1987 þegar lögreglumenn, gráir fyrir járnum, ruddust til inngöngu og frelsaðu börn sem höfðu mátt þola skelfilega meðferð. David var eitt þessara barna og hefur líf hans litast af barnæskunni sem hann aldrei fékk að njóta. David hefur aldrei tjáð sig opinberlega um árin í sértrúarsöfnuðinum en segir að nú sé tíminn til þess kominn. Líf hans hefur ekki verið neinn dans á rósum á undanförmum árum og hefur hann glímt við kvíða og þunglyndi sem hann rekur til árána í söfnuðinum.

## Kyntist móður sinni aftur

Söfnuðurinn sem David tilheyrði frá tveggja ára aldri þar til hann var 14 ára gekk undir nafninu Fjölskyldan (e. *The Family*). Leiðtogi hans var Anne Hamilton-Byrne sem sagðist vera sjálfur frelsarinn, Jesús Kristur,



Hér sést David með móður sinni skömmu áður en hann var látinn í hendur sértrúarsafnaðarins. David segist ekki bera kala til móður sinnar.

endurfæddur og börnin í söfnuðinum áttu að vera tilbúin til að taka við völdum í heiminum vegna yfirvofandi dómisdags. Fyrirverandi meðlimir í söfnuðinum hafa stigið fram í bókum og heimildarmyndum og lýst því ofbeldi sem tíðkaðist í söfnuðinum. Börn voru svelt, barin, lokuð inni dögum saman og eru dæmi um að eldri börnum hafi verið gefnir stórir skammtar af ofskynjunarlyfinu LSD.

Anne var jógakennari, gædd miklum persónutöfrum og snemma á sjöunda áratug síðustu aldar var hún farin að kenna miðaldra konum í úthverfi Melbourne. Anne

náði vel til margra þessara kvenna og til að gera langa sögu stutta má segja að upp frá þessu hafi sértrúarsöfnuðurinn orðið til.

David er fæddur árið 1973 og var hann tveggja ára þegar Anne ættleiddi hann. Aðspurður segist hann ekki vera með það á hreinu hvernig hann komst í hendur hennar. „Ég er löngu hættur að pæla í því hvort ég hafi verið tekinn eða gefinn en það eru meiri líkur á að fólkíð í söfnuðinum hafi sannfært móður mína um að láta mig af hendi," segir David á nánast lýtalausri íslensku.

Tveimur árum eftir að hann var frelsaður komst hann í kynni við

móður sína á nýjan leik og eru þau í ágætum samskiptum í dag. „Hún bað mig afsökunar á þessu. Hún hefur aldrei þurft að segja neitt meira og ég hef aldrei spurt hana frekar því ég veit að þetta er líka sárt fyrir hana. Þó að hún hafi látið mig af hendi þá vil ég ekki að henni líði illa yfir því. Hún er gömul kona og á skilið að líða vel. Það eru góðar líkur á að henni líði illa yfir þessu og ég ætla ekki að bæta á það.“

## Minningin er botnlaus sorg

Anne ættleiddi fjölda barna á árunum 1968 til 1975 og voru sum þeirra börn annarra meðlima í söfnuðinum sem ýmist voru kallaðir frænkur eða frændur. Anne taldi börnunum trú um að hún væri líffræðileg móðir þeirra. David var yngsti strákurinn í söfnuðinum og næstýngsta barnið. Þegar hann er spurður hver hans fyrsta minning sé segir hann eftir smá umhugsun: „Að gráta. Ég gerði ekkert annað. Stundum grét maður svo mikið að líkaminn var hættur að framleiða tár. Samt hélt maður áfram og þá leiddi manni eins og augun væru að brenna. Minningin er botnlaus sorg, ótti og vonleysi. Þetta voru 12 ár, sem er heil eilífið í lífi barns.“

Heimili sértrúarsafnaðarins var kallað Kai Lama og var það staðsett við Eildon-vatn í Viktoríufylki. Staðurinn var afskekktur og úr alfaraleið og gátu safnaðarmeðlimir því verið í friði fyrir utanaðkomandi áreiti. Anne Hamilton-Byrne var ekki með fasta búsetu á staðnum og því voru börnin höfð í umsjón fylgjenda hennar.

## Stal hundamat og kattamat

David rifjar upp að hann hafi þjást af astma sem barn og fékk hann enga meðhöndlun við honum fyrr en hann var frelsaður árið 1987. „Á næturnar kom það fyrir að ég stóð á öndinni og ég man að eina nóttina fór það mjög í taugarnar á einni konunni sem átti að gæta okkar. Hún reif mig upp, fór með mig út í kofa sem notaður var til að geyma garðverkfæri og sagði að ég þyrfti að sofa þar. Kofinn var langt frá húsinu, myrkríð var algjört og ég man hversu hræddur ég var. Ég skildi ekki af hverju það var verið að refsa mér. Þetta gerðist oftar en einu sinni.“

Börnin voru einnig svelt og rifjar David upp að það eina sem var á boðstólum öll þessi ár hafi verið ávextir og grænmeti. „Ég neyddist til að stela mat sem var ætlaður fyrir gæludýrin. Kattamat, hundamat og mygluðu brauði sem var ætlað fuglunum. Ég átti það til að gramsa í ruslinu eftir einhverju ætilegu. Það má segja að dýrin hafi fengið betri meðferð en við börnin.“

Hann rifjar svo upp að eitt sinn hafi hann verið læstur inni á baðherbergi í heila sex daga. Þetta var ekki löngu áður en lögreglan réðist til inngöngu. „Ég fékk ekki að borða í þrjá daga. Það var mjög algeng refsing að gefa okkur ekkert að borða. Eftir kannski tvo daga var maður orðinn svo slappur og orkulaus að maður var farinn að æla magasýrum.“

Vannæringin í barnæsku hafði sín áhrif og þurftu David og yngsta stúlkan á staðnum að fara í meðferð á sjúkrahúsi þar sem þau fengu



# Við kynnum Islandus Dakota



JS WATCH CO. REYKJAVIK KYNIR MEÐ STOLTI NÝTT ÚR TILEINKAÐ HINU HEIMSFÆGA FLUGVÉLARFLAKI Á SÓLHEIMASANDI. ÚRIÐ ER SVOKALLAÐ FLUGMANNNA EÐA PILOT ÚR OG HEITIR ISLANDUS DAKOTA C-117. ÚRIÐ ER FÁANLEGT MEÐ SILFRADRI EÐA SVARTRI SKÍFU OG BRÚNNI EÐA SVARTRI LEÐUR ÓL.



ISLANDUS DAKOTA C-117  
SILFRUÐ SKÍFA MEÐ SVÖRTUM SJÁLFLÝSANDI STÖFUM  
OG VÍSUM MEÐ BRÚNNI KÁLFAÓL ÚR ÍTÖLSKU LEÐRI




ISLANDUS DAKOTA C-117  
SVÖRT SKÍFA MEÐ KREMUÐUM  
SJÁLFLÝSANDI STÖFUM OG VÍSUM MEÐ BRÚNNI KÁLFAÓL ÚR ÍTÖLSKU LEÐRI

## Sólheimasandur

63.459121°N, - 19.364734°W

GILBERT ÚRSMÍÐUR  
FAGMAÐUR Í YFIR 50 ÁR

DAKOTA C-117  
U.S. NAVY DOUGLAS DAKOTA C-117



JS Watch co.  
REYKJAVIK  
WWW.JSWATCH.COM

GILBERT  
ÚRSMÍÐUR  
Laugavegi 62 - sími: 551-4100  
www.gilbert.is





Anne Hamilton-Byrne var 98 ára þegar hún lést árið 2019. Hún þurfti aldrei að sæta ábyrgð fyrir það sem viðgekkst í söfnuðinum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Hér sést David í garðinum við heimili sitt í Melbourne þegar hann var tveggja ára. Á þessum tímapunkti óráði hann ekki fyrir því hvað átti eftir að biða hans.

vaxtarhormón. „Ég var illa farinn, ég var vannærður og allt of litill miðað við aldur. Ég var 14 ára en leit út fyrir að vera 9 ára.“

#### Föstudagurinn 14. ágúst 1987

David segir að börnin hafi ekki talað mikið saman um hlutina sín á milli, hugsanlega hafi eldri börnin gert það. Sjálfur var David mikill bókaormur og átti hann það til að lesa heilu bækurnar með vasaljós undir sæng. Smátt og smátt komst hann að því að heimurinn þarna úti var aðeins öðruvísi en hann átti að venjast.

Föstudagurinn 14. ágúst 1987 rennur David seint úr minni, en þann dag ruddust vopnaðir lögreglumenn inn í höfuðstöðvar safnaðarins og frelsuðu börnin. „Það var dagur frelsis,“ segir hann og rifjar upp að hann hafi hvorki fyrr né síðar séð jafn marga lögreglumenn á sama stað. Hann var í jóga ásamt öðrum meðlimum safnaðarins þegar lögregla ruddist inn. „Í fyrstu áttuðum við okkur ekki á því að það væri verið að hjálpa okkur. Um leið og ég sá lögguna varð ég smá hræddur enda allir vopnaðir, þetta var enginn smá dagur í lífi mínu.“

#### Erfitt að borða venjulegan mat

Eftir að David var frelsaður tóku við fjögur ár þar sem hann var í umsjá ríkisins á unglungaheimili. „Það var ágæt reynsla en auðvitað var þetta upp og niður. Ég kynntist krökkum sem áttu erfðaáttuð fóttid,“ segir hann og bætur við að hann hafi gengið í almenningskóla í Melbourne með jafnöldrum sínum. Mjög mikil áhersla var lögð á menntun innan sértrúarsafnaðarins og segir David að það hafi verið eins og að fara þrjú til fjögur ár aftur í tímann þegar hann fór í skóla. „Ég vissi þetta allt.“

Þó að hann hafi verið frelsin feginn þurfti hann að aðlagast hinu hefðbundna lífi. Hann rifjar upp að hann átti erfitt með að borða venjulegan mat eftir að hann var frelsaður og átti hann það til að kasta honum upp. „Líkaminn var ekki vanur að melta kjöt og mjólkurvörur til dæmis.“

David rifjar upp að mikið hafi verið fjallað um málið í áströlskum fjölmiðlum eftir rassiú lögreglunnar. Fjallað var um málið dag eftir dag í sjónvarpinu. Athyglin og umtalið fór illa í David og þegar hann var fimmtán ára ákvað hann að gera samning við sjálfan sig. „Ég gerði samning um að ég myndi aldrei segja annarri manneskju frá æskunni minni. Ég stóð við það þangað til ég varð fer-

tugur og bjó til aðra fortíð. Bara til að forðast þessa athygli, ég vildi bara fara í gegnum lífið undir ratsjá.“

#### Kynntist íslensku konu í Ísrael

Lif Davids tók svo aftur stakskiptum fljótlega eftir að hann varð tvítugur. Þá ákvað hann að fara í ferðalag um heiminn. „Þá fór ég í fyrsta skipti til útlanda. Ég fór til Indlands, Nepal og Ísraels þar sem ég kynntist íslensku konu.“

Þeim varð vel til vana en úr varð að hún fór aftur til Íslands og David aftur til Ástralíu. Þau héldu sambandi eftir að heim var komið og tveimur árum síðar, árið 1998, ákvað David að kíkja í heimsókn. Eitt leiddi af öðru og ekki leið á löngu þar til hún varð ólétt.

„Að eignast börn var nákvæmlega það sem ég þurfti til að koma mér aftur í jafnvægi. Ég reyndi að laga allt sem hafði farið úrskedis í minni barnæsku. Ég var alveg harðákveðinn í að þau þyrftu aldrei að þjást að óþörfu. Ef þau grétu þá tók ég þau upp og ég var skammaður fyrir það. Ég gat ekki hlustað á börnin mín gráta þegar ég vissi að ég gæti gert eitthvað til að hjálpa.“

#### Fortíðin bankaði á dyrnar

David settist að á Íslandi og hefur hann búð hér á landi nær sleitlaust frá árinu 1998. Hann á þrjú börn með tveimur konum; 20 ára stúlku og tvo drengi, 19 ára og 13 ára.

Þegar hann var orðinn fertugur má segja að fortíðin hafi bankað á dyrnar af miklum þunga og hefur David glímt við andlega erfiðleika undanfarin misseri. Hann gerði þau stóru mistök að prófa fíkniefni fyrir um tíu árum. Þá var hann staddur í Ástralíu ásamt fjölskyldu sinni um skamma hríð, þar sem markmiðið var að vinna og safna peningum. Þau fóru út árið 2007 en sneru alfarid aftur heim til Íslands árið 2012. Vinnufélagi hans var í neyslu og sannfærði hann David um að hann þyrfti að prófa það sama og hann.

„Ég var nógu heimskur til að þiggja það. Þetta var metamfetamín sem er örugglega eitt það hættulegasta sem hægt er að taka og eitt það mest ávanabindandi. Í kjölfarið á því byrjaði ég að glíma við ofsakvída, engan venjulegan kvíða. Ég gat ekki stjórnað líkama mínum, ég skalf svo mikið, og gat ekki einu sinni borgað fyrir hluti úti í búð. Þá byrjaði þetta allt saman,“ segir David sem hefur verið að vinna sig út úr þessum vanda síðustu ár.

„Þetta hefur verið erfiður tími, síðustu fimm, sex ár. Ég missti



„Að eignast börn var nákvæmlega það sem ég þurfti,“ segir David sem á þrjú börn. Hér er hann með tveimur elstu.



Þekkt ljósmynd kemur reglulega upp þegar leitað er að sértrúarsöfnuðinum á Google. David var yngstur drengjanna og er hér neðst á myndinni.

núna sem ég er byrjaður að hugsa um að deila þessu,“ segir David, sem vill leggja áherslu á lífið eftir sértrúarsöfnuðinum. Mikið hafi verið fjallað um gjörðir Anne Hamilton-Byrne en of lítið um líf þeirra sem þurftu að þola ofbeldi hennar og áhrif þess.

Anne lést í hárru elli árið 2019, 98 ára að aldri, en hún glímdi við Alzheimer-sjúkdóminn síðustu æviár sín. Anne þurfti aldrei að sitja í fangelsi vegna gjörðra sinna en var dæmd til greiðslu sektar fyrir að falska ættiliðingarskjöl.

#### Þakklátur fyrir Ísland

David segir að áströlsk yfirvöld megi eiga það að vel var haldið utan um hópinn eftir rassiú lögreglunnar árið 1987. Lögreglumenn, félagsstarfsmenn og jafnvel fjölmiðlafólk hafi verið í samskiptum þó að rúm 30 ár séu liðin.

„Ég get alls ekki kvartað undan því, miðað við að þetta var árið 1987.“ Hann kveðst þó vera einstaklega þakklátur fyrir að hafa sest að á Íslandi og getað kallað Ísland heimili sitt í um tuttugu ár. „Landið hefur hjálpað mér að setja fortíðina í baksýnispegilinn, þar sem hún á heima, en þegar ég hef þurft á aðstoð að halda hef ég aldrei komið að lokuðum dýrum neins staðar.“

David ver frítíma sínum í að teikna og mála en á daginn vinnur hann í byggingarvinnu á höfuðborgarsvæðinu. „Ég hef mikinn áhuga á myndlist og hún hefur í raun bjargað minni andlegu heilsu. Ég er líka algjört tónlistarnörd og elska íslenska tónlist.“

#### Einn á aðfangadag

Aðspurður um framtíðaráform segir David að hann ætli að halda áfram að sinna myndlistinni og treysta sambandið við börnin sín.

„Ef þú ert í neyslu loka allir hurðinni á þig sem er mjög skiljanlegt. Síðustu tvenn jólf hef ég verið einn heima. Á aðfangadag keyrði ég gjafir til barnanna minna og fór svo bara einn heim. Það var sárt í nokkra klukkutíma. Það var enginn sem bauð mér og ég skil það. Þegar ég var í neyslu gerði ég ekkert fyrir börnin mín, borgaði ekkert og hugsaði bara um sjálfan mig,“ segir hann en bætur við að hann hafi fengið öll börnin sín í mat í síðustu viku. Það hafi verið góð upplifun.

David segir að lokum að hans saga sýni hversu mikilvæg mótunarárin eru í lífi barna.

„Ég er kannski ekki í neinni stöðu til að gefa neinum ráð. En ef ég ætti að gera það væru skilaboðin þessi: Knúsaðu börnin þín á hverjum degi, ekki leyfa þeim að fara að sofa grátandi. Segðu börnunum þínum að þau séu að standa sig vel og að þú sért stoltur af þeim. Þetta er eitthvað sem ég fékk ekki sem barn. Ég var 26 ára þegar ég fann fyrst fyrir ást í garð einhvers, ég þurfti að eignast barn til að kynast þeirri tilfinningu.“



#### MINNINGIN ER BOTNLAUS

#### SORG, ÓTTI OG VONLEYSI.

#### ÞETTA VORU 12 ÁR, SEM ER

#### HEIL EILÍFÐ Í LÍFI BARNS.

boltann gjörsamlega þegar ég fór í neyslu. Í neyslu er maður eingöngu upptekinn af sjálfum sér. Ég er enn þá að borga fyrir það í dag og mun trúlega þurfa að borga fyrir það allt mitt líf. Hægt og rólega eru hlutirnir að komast í samt horf,“ segir hann og bætur við að erfitt sé að koma fólki í skilning um þá hluti sem hann upplifði sem barn.

„Það eru ekki margir með reynslu afsvona hlutum og ekki margir með skilning. Jafnvel ekki sálfræðingar. Hér á Íslandi er ég löngu búinn að gefast upp á því að tala við sálfræðinga,“ segir hann. Hann telur sig heppinn að vera á lífi. „Ég áttaði mig á því um daginn. Margir af þeim sem ég ólst upp með hafa svipt sig lífi. Þetta var mjög almennt, krakkar fóru út í bullandi neyslu og sáu ekki framtíð í neinu. Það voru margir fullorðnir sem gerðu það líka. Þessi kona er með mikið blóð á höndunum, það hefur ekki verið talað nógu mikið um það.“

Vildi að sjálfsvigið liti út sem slys Árið 2012 var David á mjög slæmum

stað andlega vegna ofsakvída og þunglyndis og um tíma sá hann aðeins þá lausn að svipta sig lífi. „Ég vildi deyja en gat ekki hugsað mér að börnin mín myndu minnast föður síns fyrir sjálfsvíg. Ég varð því að gera þetta þannig að eins og um slys væri að ræða og ætlaði mér að keyra á fullri ferð á tré. Sem betur fer lét ég ekki verða af þessu en þegar kvíðinn tók völdin þá veitti þessi hugsun um tréð mér ákveðinn innri frið.“

David dregur ekki fjöður yfir það að hann einn ber ábyrgð á ákvörðunum sínum, en hann segir að barnæskan hafi mótað hann mikið. „Ég fékk enga kennslu í mannlegum samskiptum. Við vorum einangruð, fengum aldrei að eignast vini og ég var 14 ára þegar ég lærði að hjóla. Ég held að þetta hafi truflað mig rosalega félagslega. Mér finnst ég alltaf vera hálfþyndur innan um fólk og mér liður alls ekki vel í hóp, þá er ég einmana en mér liður vel þegar ég er einn. Félagslega á ég mjög erfitt og það er mitt stærsta vandamál,“ segir David sem segir að með neyslu áfengis og eiturfjafa losni um þessar hömlur.

#### Vont að byrgja þetta inni

David hefur ekki áður farið nákvæmlega í saumana á sögu sinni og hann hefur meira að segja haldið sínum nánustu frá henni. „Þetta er eitthvað sem ég þarf að koma frá mér. Það er ógeðslega vont að byrgja þetta inni. Ég sagði ekki barnsmæðrum mínum frá þessu, þær heyrðu mína sögu frá öðrum. Ég faldi þetta,“ segir hann.

Aðspurður hvort hann hafi verið í samskiptum við aðra einstaklinga sem ólust upp með honum segir hann að lítið hafi verið um það. „Það er engin tilviljun að ég er nánast eins langt frá Melbourne og hægt er. Mér finnst óþægilegt að tala við fólkið sem ólst upp með mér. Það er fyrst

# Tilboð í febrúar

**Uppsetning á höfuðborgarsvæði og Norðurlandi.**



**Innifalið er sett eins og á mynd:**

**Grafskrift, lugt, vasi og fuglar (kopar eða grátt),  
blómarammi, jarðvegsdúkur og hvít möl.**

**Frír flutningur um allt land.**

**Geymum steina ef óskað er.**

**525.000 kr**

**425.000 án blómaramma**

 **STEINSMIÐJA  
AKUREYRAR**

**s: 466 2800 / 899 9370  
sala@minnismerki.is  
steinsmidjaakureyrar.is**



Börn og einstæðar mæður súa seyðið fjárhagslega, félagslega og sálfræðilega þegar feður kjósa að taka ekki þátt í lífi barna sinna, en slíkt er algengara en almennt er talið. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Feður sem yfirgefa börnin sín

Mörg dæmi eru um að feður kjósi af fúsum og frjálsum vilja að taka ekki þátt í lífi barna sinna. Engin úrræði standa börnum og barnsmæðrum þessara manna til boða, enda ekki gert ráð fyrir svona málum í félagskerfinu.

Kristlín Dís  
Ingilínardóttir  
kristlin@frettabladid.is



S umir feður eru fjarverandi frá upphafi en aðrir ala barnið upp í einhvern tíma áður en þeir kjósa að láta sig hverfa," segir Dagný Rut Haraldsdóttir, sem starfaði um árabíl sem lögfræðingur hjá Félagi einstæðra foreldra. „Í öllum tilfellum sem bást á þeim tíma sem ég starfaði þarna voru þetta mæður sem komu til okkar vegna þess að feður kusu að umgangast ekki börnin sín," segir Dagný. Nokkur slík mál hafa að jafnaði ratað til félagsins ár hvert. Í flestum tilvikum voru það mæður með eitt eða tvö börn en í einstaka tilvikum hafi börnin verið fleiri.

## Algengara en talið er

Þegar Dagný hóf störf hjá félaginu bjóst hún ekki við að mál af þessu tagi væru algeng. „Tálmun á umgengni hefur verið mun háværara mál, en síðar kom í ljós að það var minna um það og meira um feður sem ekki höfðu samband við börnin sín, sem kom mér mjög mikið á óvart.“

Í svörum Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu við fyrirspurnum Fréttablaðsins kom fram að engin úrræði væri að finna fyrir foreldri í þessari stöðu. Slík mál eru ekki til meðferðar hjá embættinu og er þar af leiðandi enga skrá eða tölfræði að finna um þau. Vissulega berist

sýslumanni þó fyrirspurnir um slík mál.

Barnauppeldi tekur sinn toll á öllum vígstöðvum, ekki síst fjárhagslega. Í úttekt Hagstofunnar kemur fram að árið 2013 hafi 30,8 prósent einstæðra foreldra verið undir lágtekjumörkum og 25 prósent barna þeirra skort efnisleg gæði. Til samanburðar má nefna að 6,2 prósent barna sem deildu heimili með tveimur fullorðnum sem voru undir lágtekjumörkum og 4,1 prósent skorti efnisleg gæði.

## Skökk umræða

Barn á lögum samkvæmt rétt á forsjá foreldra sinna, annars eða beggja. Foreldrar hafa það hlutverk að hlúa að barni sínu, sýna því umhyggju, virðingu og sinna forsjár- og uppeldisskyldum sínum á viðeigandi hátt með hag barnsins að leiðarljósi. „Þessi umræða er oft svolítið skökk hvað það varðar," segir Dagný. „Það setur hlutina í annað samhengi að hugsa um rétt barnsins.“

Í barnalögum eru þó engar reglur um það hve mikil umgengni á að vera við foreldra. „Það er ekki hægt að skylda fólk til að umgangast börnin sín, þú vilt heldur ekki að foreldri sem hefur engan áhuga sé í umgengni við barnið þitt," útskýrir Dagný.

Engar rannsóknir hafa verið gerðir á fjarverandi feðrum hér á landi en niðurstöður erlendra rannsókna hafa leitt í ljós að fjarvera feðra hafi neikvæð félags- og sálfræðileg áhrif á börn.

Dagný telur að ef hægt væri að ná sambandi við fjarverandi feður og sýna þeim fram á hvaða áhrif fjarvera þeirra hafi á börnin til framtíðar, yrði mögulega hægt að viðhalda tengslum þeirra á milli.

## Engin ein skýring á samskiptaröfi

Valgerður Halldórsdóttir, félags- og fjölskylduráðgjafi, hefur mikla reynslu af því að vinna í samskiptum milli bæði foreldra og barna. Hún tekur fram að það sé yfirleitt engin ein skýring á því að samskipti milli föður og barns rofni. Langflestir foreldrar vilji vera í samskiptum við börnin sín en utan- aðkomandi áskoranir geti gert það flóknara.

Ástæður sem feður hafa gefið fyrir fjarveru í samtali við Valgerði eru oft að þeir telji barnið betur sett án sín eða að samskipti við móður séu erfið. „Stundum átta feður sig ekki á mikilvægi sínu í lífi barnanna og stundum verða erfið samskipti til þess að feður láta sig hverfa.“

Fréttablaðið ræddi við fjórar mæður sem hafa alið börn sín upp einar og óstuddar og birtum hér sögu tveggja þeirra. Börnin eru í leik- eða grunnskóla. Í einu tilviki hafði faðirinn aldrei hitt barn sitt, en í hinum tilvikunum höfðu feðurnir hitt barnið einu sinni eða oftár, en aldrei viðhaldið umgengni til lengri tíma.

## Byrjaði að beita líkamlegu ofbeldi

Ein þessara mæðra bjó með barns-



## HANN HEFUR ALLTAF

### VITAD AF HONUM OG ÉG

### HEF ALLTAF SAGT HONUM

### AÐ HANN EIGI PABBA.

föður sínum þegar sonur þeirra fæddist en sleit sambandinu þegar sonurinn var mánaðargamall. „Við vorum búin að vera saman í tvö ár en ég var samt bara nítján ára þegar ég eignaðist strákinn minn.“ Sambandið hafi ekki verið mjög heilbriggt vegna andlegs ofbeldis en versnaði til muna eftir getnaðinn.

„Hann var svo glaður þegar ég sagði honum að ég væri ólétt en svo byrjaði hann að beita mig líkamlegu ofbeldi á meðgöngunni.“ Mánudagi eftir að sonurinn fæddist flutti móðirin út. Hún kveðst hafa vonað að sambandsplitin hefðu ekki áhrif á samband föðursins við son þeirra. Það reyndist þó raunin. „Þegar strákurinn var orðinn átta mánaða voru engin samskipti frá föður þar til hann var fimm ára.“

## Erfitt að útskýra fyrir syninum

Ástæða fjarverunnar leikur enn á huldu. „Ég er búin að reyna að finna svar við þessari spurningu í nærri áratug en er ekki enn þá komin með svar.“ Móðirin segir erfitt að útskýra aðstæðurnar fyrir syninum. „Ég hef aldrei logið að syni mínum en börn fara náttúrulega í gegnum ákveðin þroskastig og maður reynir bara að útskýra þetta fyrir þeim út frá því. Maður vill vera hreinskilinn.“ Hvorki megi þó segja of mikið né of lítið.

„Ég segi honum líka að fjölskyldur séu ólíkar og við séum heppin að vera tveggja manna teymi.“ Tilfinningarnar bera móðurina ofurlíði og hún vidurkennir að það sé erfitt að tala um þetta. „Við köllum okkur tvö alltafjölskyldu og hann sér það alveg að hann hefur það ekki verra þó að hann eigi bara mömmu," segir hún og brestur í grát.

## Í fyrsta skipti að heyra orðið pabbi daglega

Áhersla á hefðbundna kjarnafjölskyldu er þó viðtekin í samfélaginu og sérstaklega í leikskólum að mati móðurinnar. „Í leikskóla fór sonur minn í fyrsta skipti að heyra orðið pabbi daglega.“ Móðirin hafði áhyggjur af því að drengurinn yrði fyrir aðkasti í leikskólanum fyrir að eiga ekki föður.

„Ég upplifði alltaf rosalegan kvíða og streitu í kringum feðrakaffi og mér leið eins og strákurinn minn væri út undan af því að hann átti ekki pabba.“ Á sínum tíma spurði móðirin leikskólann hvort hægt

# RAFMAGNAÐ ÆVINTÝRI MEÐ ALVÖRU 4X4

Kynnum JEEP Renegade og JEEP Compass 4xe Plug-In Hybrid

**GERIÐ VERÐSAMANBURÐ**



**4xe**

JEEP RENEGADE PLUG-IN HYBRID VERÐ 5.499.000 KR.\*



**4xe**

JEEP COMPASS PLUG-IN HYBRID VERÐ 5.999.000 KR.\*

Einu rafknúnu Plug-In Hybrid jepparnir í sínum stærðarflokki með lágt drif.  
Ótrúlegt verð á bílum hlöðnum lúxusbúnaði.

\*\*Hægt er að panta reynsluakstur utan opnunartíma á [reynsluakstur@isband.is](mailto:reynsluakstur@isband.is)

**ISBAND**

UMBODSADILI JEEP. Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR  
S. 590 2300 • JEEP.IS • ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

**Jeep**



**Elly þekkir það á eigin skinni hvernig það er að alast upp án samskipta við föður.** FRÉTTA-  
BLAÐIÐ/SIG-  
TRYGGUR ARI

væri að kalla þessa daga fjölskyldudaga. „Ég fékk þau svör að þetta væri hefð og það væri bara svona.“ Að mati móðurinnar er yfirleitt kominn tími á breytingar þegar svörin eru af því tagi.

#### Kallaði hann strax pabba

Á fimmta ári drengsins hafði faðirinn samband og óskaði eftir að hitta soninn. Móðirin hugsaði að það yrði gaman fyrir soninn að hitta föður sinn. „Hann hefur alltaf vitað af honum og ég hef alltaf sagt að hann eigi pabba.“

Í heimsókninni var eldri dóttir föðursins með í för. „Ég þekki eldri systur hans vel og ég og hin barnsmóðir hans höfum alltaf verið góðar vinkonur og leyfum systkinunum að hittast reglulega.“

Þennan dag hittu drengurinn hins vegar föður sinn í fyrsta skipti sem hann man eftir. „Við förum öll saman í sund og strákurinn minn byrjaði strax að kalla hann pabba því systir hans gerði það.“ Hún segir þetta hafa verið mikla gleðistund. Feðgarnir hittust einu sinni í viðbót en eftir það fjöruðu öll samskipti út.

#### Rígheldur í minninguna

„Ég finn að strákurinn minn rígheldur í minninguna um þessa sundferð.“ Mánuðir og ár liðu og enn rifjaði drengurinn reglulega upp þennan fyrsta fund við föður sinn. „Hann spyr mig oft hvort ég muni eftir því þegar við hittum pabba í sundi.“

Skömmu eftir sundferðina fór móðirin til fjölskylduráðgjafa. „Ég hugsaði að það hlyti að vera eitthvað sem ég gæti gert til að bæta samskipti okkar og reyna að láta þetta ganga upp.“ Faðirinn samþykkti að mæta til ráðgjafa en móðirin segir fundinn hafa endað á því að hann hafi stormað út áður en tímanum lauk. „Við tók alger þögn. Engin símtöl, afmælis- eða jólagjafir eða neitt. Það féll allt aftur í sama horfið.“

#### Nær vart endum saman

Móðirin vinnur í heilbrigðisgeiranum á sumrin en stundar háskólanám á veturna. „Ég verð að vinna yfir sumarið til að ná endum saman, námslánin ná ekki alltaf að brúa bilið þó að ég búi á stúdenta-görðum.“

Engin aukaaðstoð er í boði frá hinu opinbera. „Það er ekki gert ráð fyrir fólki eins og mér.“ Meðlagið er það sama og fyrir mæður sem deila forsjá með feðrum. „Það er ekki horft á aðstæður hverju sinni eða tekið inn í reikninginn að faðir taki engan þátt.“

Feðgarnir hafa ekki hist síðustu tvö ár en undanfarna mánuði hefur hann þó hitt föðurömmu sína og afa. „Mér líður eins og amma hans hafi ákveðið að taka svolitíð ábyrgðina fyrir son sinn í bili.“

Drengurinn kann vel að meta það og hefur haft orð á því að honum þyki í lagi að hitta ekki pabba sinn. „Það róar aðeins mömmuhjartað að hann sé ekki að upplifa stanslausa höfnun. Mér líður líka eins og hann sé farinn að átta sig á því að pabbi hans geti ekki verið pabbi núna.“

#### Ákvað ein að eiga barnið

Önnur móðir hefur svipaða sögu að segja. „Ég hef séð hversu mikil áhrif þetta hefur á barnið mitt og þá verð ég reið.“ Hún segir erfitt að hugsa til þess að upplifa stanslausa úti viti ekki að hann sé að særa lítið barn. „Eða ég ímynda mér allavega að hann geri sér ekki grein fyrir því.“

Móðirin varð ólétt á tvitugsaldri og var ekki í sambandi á þeim tíma. „Þetta voru svokölluð skyndikynni en við þekktumst samt fyrir.“ Það kom að hennar sögn flatt upp á aðstandendur þegar hún sagðist ætla að eignast barnið. Faðirinn óskaði einnig eftir að framkvæmt yrði fadernispróf. „Ég var einhleyp á þessum tíma og þrátt fyrir að ég hafi vitað að hann væri pabbinn fannst mér eðlilegt að gangast undir DNA-próf.“

Á meðan beðið var eftir niðurstöðu prófsins var hún ekki í sambandi við föðurinn. „Þetta var erfitt meðganga sem endaði á 27. viku.“ Útskýrir móðirin, sem eyddi fyrstu vikum í lífi dóttur sinnar einstæð á vökudeildinni.

Á síðari árum hefur móðirin útskýrt fyrir dóttur sinni að hún hafi sjálf ákveðið að eiga hana og viljað vera mamma hennar. Fjarvera föðursins hefur þó ætíð verið dóttur hennar hugleikin. „Hún er mjög skýrt barn og hefur upplifað sterka höfnunartilfinningu í gegnum árin.“ Í gegnum það tíma-

bil hafi verið mikilvægt að útskýra fyrir henni að þetta tengdist henni sjálfri ekki neitt.

#### Meira en líffræði

„Hún tók í raun út hefðbundið sorgarferli yfir þessu.“ Útskýrir móðirin. „Fyrst einkenndust tilfinningarnar af sorg og gráti en svo kom reiðin yfir því að hann væri ekki í sambandi.“ Nýlega upplifir móðirin að dóttir hennar hafi sætt sig við aðstæðurnar og þar hafi hjálpað mikið að nú eigi hún stjúpföður sem hefur gengið henni í föðurstæð.

„Ég veit í rauninni ekki hvort það mætti segja að blóðfaðir hennar sé pabbi hennar í dag, þar sem hún þekkir hann ekki.“ segir hún og bendir á að það sé meira en líffræði sem geri fólk að foreldri.

#### Myndi ekki þekkja pabba sinn

Að sögn móðurinnar er ólíklegt að stúlkan myndi þekkja líffræðilegan föður sinn á fornum vegi. „Hún hefur oft fabúlarað um að einhverjir ókunnugir menn gætu verið feður hennar þrátt fyrir að sú sé ekki raunin.“

„Ég skil sjálf ekki þá ákvörðun að frita sig allri ábyrgð og taka ekki þátt og ég get alls ekki sett mig í þessi spor að vilja ekki vera í sambandi við barnið mitt.“ Engin augljós ástæða sé fyrir því. „Það er engin saga um veikindi, vanda eða erfiðleika, en fólk leitar oft að slíkri ástæðu þegar það spyr.“

Þá sé ídulega spurt hvort það hafi eitthvað komið upp þeirra á milli. „Fólk heldur oft að okkar samskipti gætu hafa hindrað hann í að hitta barnið sitt.“ Það finnst henni fremur barnaleg afsökun. „Það sem máli skiptir er að þetta er lítið barn og ef þú vilt raunverulega hafa samband við barnið þá berstu fyrir því. Það á ekki að vera óyfyrstíganlegt að hringja eitt samtál.“

#### Ég er enn að vinna í þessu í dag

Elly Ármannsdóttir þekkir það á eigin skinni hvernig það er að alast upp með fjarverandi föður og hefur það haft gríðarleg áhrif á hennar líf. „Þetta mótar ekki aðeins barnæskuna heldur hefur þetta alltaf fylgt mér alla daga og ég er enn að vinna í þessu í dag.“ Útskýrir Elly alvarleg. „Ég er dóttir pabba mins, þó að ég



**ÞETTA MÓTAR EKKI AÐ-  
EINS BARNÆSKUNA HELD-  
UR HEFUR ÞETTA FYLGT  
MÉR ALLA DAGA OG ÉG ER  
ENN AÐ VINNA Í ÞESSU Í  
DAG.**

hafi ekki beint fengið að hafa hann í lífi mínu.“

Móðir Ellýjar þurfti að berjast fyrir því að faðir hennar gengist við henni. „Aðeins sautján ára gömul fór hún í mál við pabba, en það dómsmál tók heil þrjú ár og mikla staðfestu af hennar hálfu.“ Framkvæmt var fadernispróf og þegar Ellý var orðin þriggja ára fékk hún loks nafn og staðfestingu á því að Ármann væri faðir hennar. „Ég fékk föðurnafnið mitt og það tekur enginn frá mér.“ segir hún stolt.

#### Systirin fæddist sjö dögum síðar

Mæðgurnar voru ekki í neinum samskiptum við Ármann fyrstu árin í lífi Ellýjar. „Ég vissi að ég átti pabba en það var eiginlega það eina sem ég vissi.“ Fjölskylduaðstæður Ármanns voru nokkuð flóknar á þessum tíma en hann átti fyrir eigin konu og börn. Systir Ellýjar fæddist sjö dögum á eftir henni og gerði það aðstæður mögulega erfðari.

Þegar Ellý var á fermingaráldri hittu hún föður sinn óvænt í heimssókn hjá ömmu sinni. „Það voru náttúrulega gríðarleg vonbrigði þar sem hann sagði bara „hæ, þekkirðu mig ekki?“ stoppaði örstutt og fór svo.“ Ellý hafði séð fyrir sér mikla fagnadardundi eða tilfinningalega stund en þess í stað voru kynnin heldur hversdagsleg. „Hann var almennilegur en ég var búin að

gera mér svo miklar vonir eftir allan þennan tíma.“

Þegar á leið braut Ellý heilann um það hvernig hún gæti náð sambandi við föður sinn. „Það var þá sem ég ákvað að verða þula.“ Í þeirri veiklu von að bæta samband sitt og föður síns ákvað hún að fanga athygli hans með því að gerast þula hjá RÚV og starfaði við það um árabíl. „Ég vissi að hann horfði alltaf á fréttirnar og ég vonaðist til þess að hann sæi mig og myndi hafa samband.“ Það gerðist þó aldrei.

#### Áhrifin óneitanleg

Elly kveðst ekki vita hvort faðir hennar hafi gert sér grein fyrir hversu mikil áhrif fjarvera hans hafði á líf hennar, en hann féll frá fyrir nokkrum árum. „Það var rosalega gott þegar ég hætti að hata sjálfa mig og allt í heiminum af því að enginn vildi mig.“ Sú hafi ekki verið raunin en upplifunin var á þá leið.

„Ég hélt að hann myndi koma þegar ég eignaðist börn.“ Þráin um að hann yrði hluti af lífi barnanna var á pari við drauminn um feðgina-sambandið. „Elsta barnið mitt heitir Ármann Elías í höfuðið á honum.“ Útskýrir Elly. Faðir hennar óskaði aldrei eftir því að hitta hana eða börnin en Ellý tekur þó fram að hann hafi alltaf verið tilbúinn til þess þegar hún bauð. „Hann kom í skírniina hjá yngri syni mínum, sem var alveg yndislegt.“

Bæði sem barn og fullorðin átti Ellý erfitt með að tala um föður sinn. „Ég gat það ekki því ég hafði engin svör.“ Enn í dag taki það á. „Þegar ég tala við börnin mín um hvernig þetta var þá finnst mér það enn þá rosalega erfitt og reyni að segja þeim bara stuttu útgáfuna því annars fer ég bara að gráta.“

Þrátt fyrir allt er Ellý innilega þakklát fyrir þann tíma sem hún átti með föður sínum sem hún segir að hafi verið draumi líkast. „Í jarðarförinni hans fékk ég að eiga stund með honum í kirkjunni og ég sagði honum að ég fyrirgæfi honum allt.“ segir Elly og brestur í grát. „Ég verð bara fimm ára aftur að tala um þetta.“ segir hún og brosir í gegnum tárin. „Pabbi var alveg frábær maður og ég reyni alltaf að sjá það besta í honum. Það er það eina sem ég get gert.“

# WELÖ

LAUGARDAGUR 6. FEBRÚAR 2021

## Helgin



Tónlistarkonan Kolbrún Gunnarsdóttir býr í danskri sveit með dýrum sem hún hefur bjargað frá slæmum örlögum. Hún er matgæðingur mikill og rekur nú vinsælan grænkerastað í Danmörku. ➔6



Július Óskar Ólafsson, framkvæmdastjóri rekstraraðila SPORT24 á Íslandi, segir nóg um að vera í SPORT24 OUTLET. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Splunkunýtt SPORT24 OUTLET á Smáratorgi

SPORT24 opnaði nýverið sitt fyrsta outlet hér á landi sem staðsett er á Smáratorgi. Þar er að finna mikið úrval af vönduðum íþrótt- og útivistarfatnaði á hagstæðu verði fyrir alla aldurshópa. Sjón er sögu ríkari. ➔2

## Bio-Kult®

Stendur vörð um þína heilsu!



60 capsules  
bio-kult.is



Júlíus Óskar Ólafsson segir tilvalið fyrir fjölskyldur að gera sér ferð í nýju búðina en þar er mikið úrval af íþróttavörum fyrir alla aldurshópa.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
STEFÁN

**S**PORT24 er dönsk verslana-keðja með 186 verslanir í Danmörku sem bjóða upp á fyrsta flokks íþróttavörur á afar hagkvæmu verði. SPORT24 á Íslandi fær sínar vörur í gegnum SPORT24 í Danmörku og getur því í mörgum tilfellum boðið upp á sérlega hagstæð verð á íþróttavörum.

Það eru þrjár SPORT24 verslanir á Íslandi: SPORT24 Miðhrauni, SPORT24 Reykjanesbæ og SPORT24 Akureyri, sem keppast við að vera með breitt og gott vöruúrval frá öllum stærstu íþróttavöruframleiðendum heims, eins og til dæmis NIKE, Adidas, Puma, Hummel og fleirum.

### Gæði á góðu verði

Júlíus Óskar Ólafsson, framkvæmdastjóri rekstraraðila SPORT24 á Íslandi, segir mikla eftirvæntingu hafa ríkt eftir nýjstu viðbótinni hér á landi. „Núna erum við loksins að opna SPORT24 OUTLET verslun á Íslandi. Það er virkilega spennandi að koma með SPORT24 OUTLET verslun til Íslands. Í Danmörku eru SPORT24 með 44 SPORT24 OUTLET verslanir og við erum búin að fylgjast grannt með vexti þessara verslana síðustu ár í Danmörku.“

Viðskiptavinir SPORT24 geta sem fyrr stólað á gæði, gott verð og fjölbreytt úrval. „Það er líka frábært að sjá hvað gæði verslana SPORT24 OUTLET eru orðin mikil. Við munum ekki slaka á í þeim kröfum þegar kemur að verslun okkar að Smáratorgi,“ segir Júlíus.

„Nú þegar við höfum opnað nýja og glæsilega SPORT24 OUTLET verslun að Smáratorgi komum við til með að geta þjónustað mjög breiðan markað þegar kemur að íþrótt- og útivistarmarkaðnum á Íslandi. Þar bjóðum við okkar eigin vörumerki í miklu úrvali ásamt vörulínum frá mörgum af helstu íþrótt- og útivistarvörumerkjum heims, sem SPORT24 gerir sérstaka samninga við um magninnkaup í allar verslanir SPORT24 en það eru samtals um 186 verslanir.“

### Fyrir alla fjölskylduna

Hjá SPORT24 er fjölskyldan í forgrunni. „Við leggjum mikla áherslu á fjölskylduna í okkar verslunum. Fjölskyldan getur komið til okkar



SPORT24 OUTLET er stútfull af vönduðum fatnaði.



Í SPORT24 OUTLET geta allir fundið eitthvað við sitt hæfi.

og klárað innkaup fyrir vonandi sem flesta í sömu innkaupferðinni. SPORT24 OUTLET verður með sama markmið nema þar getur þú hugsanlega fundið þessi innkaup á afar hagstæðu verði. Íþróttfatnað, úlpur, kuldagalla, skó og fleira.“

Júlíus segir að samstarfið við dönsku keðjuna geri þeim kleift að einfalda rekstur og spara bæði tíma og peninga. „Það er mikil hagræðing fyrir okkur að vinna með SPORT24 í Danmörku þegar kemur að pöntunum á vörum. Bæði fyrir SPORT24 OUTLET og hinar SPORT24 verslanirnar. Öll gögn í kringum pantanir fáum við forunnin frá SPORT24 og notum eitt tölvukerfi fyrir allar pantanir frá öllum birgjum. Sá tími sem við notum til að panta er ótúlega lítil miðað við þann fjölda vörunúmera sem við erum að panta. Með þessu fáum við mikla yfirsýn yfir vörustjórnun og vöruflæði til okkar.“

Þá eru þau í skýjunum með staðsetninguna. „Smáratorg er frábær staðsetning fyrir okkur. Hér erum við með mjög öflugar verslanir í kringum okkur og trafíkin er mikil hér á torginu. Það er það sem við viljum til að geta boðið vörur á þeim verðum sem við ætlum að koma með inn á markaðinn.“



Í SPORT24 OUTLET er sérstaklega mikið úrval af fatnaði fyrir börn á hagstæðu verði. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



# Óþægindi í blöðrunni hurfu

Margir þekkja óþægindi í þvagfærum en sýking af völdum þarmabaktería er langalgengasta orsök blöðrubólgu, sérstaklega hjá konum. Elísabet þekkir þetta vandamál af eigin raun.

**A**f hverju fáum við blöðrubólgu? Í daglegu tali er oftast talað um þvagfærasýkingar sem blöðrubólgu en ástæða þessara sýkinga er að bakteríur, sem oftast eru *E. coli* bakteríur, komast í þvagið gegnum þvagrásarop og fara að fjölga sér í þvagblöðrunni. Þrátt fyrir að líkaminn sé þannig hannaður að hann ver okkur gegn flestum bakteríum, þá geta þessar varnir brugðist. Algengast er að við fáum sýkingu í neðri hluta þvagfæranna, það er að segja í þvagrás og blöðru en svo geta þær náð lengra upp og alveg upp í nýrun sem er orðið mun alvarlegra.

## Brunatilfinning og tíð þvaglát

Þvagfærasýkingar geta verið einkennalausar en þegar svo er ekki geta einkennin verið:

- Tíð þvaglátapörf
- Brunatilfinning við þvaglát
- Erfitt að losa þvag, kemur í litlum bunum
- Þvagið virðist skýjað/gruggugt
- Litað þvag
- Sterk lykt af þvagi

Elísabet Jónsdóttir þekkir vel einkennin og hefur þessa sögu að segja af Bio-Kult Pro-Cyan.

„Ég á mér langa sögu um óþægindi á blöðrusvæði. Ég hef margoft fengið blöðrubólgu og hef þurft að taka inn sýklalyf. Ég var þrátt fyrir það alltaf með óþægindi á blöðrusvæðinu. Með tilfinningu eins og ég væri alveg að fá aftur sýkingu og var eiginlega að biða eftir að sýkingin kæmi aftur. Síðan ég fór að taka Bio-Kult Pro-Cyan hef ég ekki fundið fyrir óþægindum í blöðrunni og allt er eðlilegt.“

## Forvarnir og meðhöndlun

Þegar vægari þvagfærasýkingar (í neðri hluta þvagfæra) eru meðhöndlaðar í tíma, eru fylgikvillar litlir sem engir.

Ýmislegt er hægt að gera til að minnka líkurnar á því að fá sýkingu í þvagfærin og koma hér nokkur ráð:

- Drekkja nægan vökva, helst vatn. Þannig verður þvaglosun tíðari sem veldur því að bakteríur skolest út áður en þær nálgast blöðruna.
- Drekkja trönuberjasafa. Þrátt fyrir að ekki séu til rannsóknir



Elísabet Jónsdóttir hefur ekki fundið fyrir óþægindum í blöðrunni frá því hún byrjaði að taka inn Bio-Kult Pro-Cyan.

MYND/ADSEND

sem sýna að hann sé fyrirbyggjandi, getur hann ekki skaðað.

- Kvenfólk ætti að þurrka sig í áttina frá þvagrásaropinunni og aftur að endaparmsopinunni til að forðast að bakteríur frá endaparminum fari í þvagrásina.
- Hafa þvaglát strax eftir samfarir.
- Forðast vörur sem hugsaðar eru fyrir kynfærin á kvenfólki til dæmis svitalyktarsprey og mögulega sápur og önnur efni sem geta valdið ertingu.
- Velja getnaðarvarnir af kostgæfni.

## Einkaleyfisvarið innihaldsefni í Bio-Kult Pro-Cyan

Í Pro-Cyan eru tveir örverustofnar: *L. acidophilus* PXN 35 og *L. plantarum* PXN 47.




**Bio-Kult Pro-Cyan er glútenlaust og hentar grænmetisættum.**

Cranmax® er einkaleyfisvarin vinnsluáferð á trönuberjum þar sem tryggt er að öll virk efni trönuberjanna séu til staðar og einnig að þau lifi af ferðalagið gegnum meltingarveginn til að tryggja hámarks upptöku.

Auk þess inniheldur Pro-Cyan A-vítamín sem stuðlar að eðlilegri starfsemi ónæmiskerfisins og viðhaldi eðlilegrar slímhúðar. Þessi þrívirka blanda örverustofna, A-vítamíns og trönuberjapýkknis hefur reynst mörgum vel.


Pro-Cyan er glútenlaust og hentar grænmetisættum. Bio-Kult Pro-Cyan hentar einnig börnum en þá er mælt með hálfum skammti. Opna má hylkin og bæta út í mat, boost eða drykki.

Sölustaðir: Flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur verslana.



## Léttu lifrinni lífið

- Preyta og þróttleysi geta verið merki um að mikið álag sé á lifrinni.
- Lifrin er allt í senn; vinnslustöð, geymsla og dreifingarmiðstöð því allt sem við látum í okkur eða á, fer í vinnsluferli í lifrinni.
- Lifrin sinner yfir 100 mismunandi störfum í líkamanum og tengist hún beint eða óbeint allri líkamsstarfsemi.
- Active Liver inniheldur kólín sem stuðlar að viðhaldi eðlilegrar starfsemi lifrar og eðlilegum efnaskiptum. Auk þess inniheldur það ekstrakt frá mjólkurpistil, túrmerik, pístilhjörtum og svörtum pipar



Fæst í apótekum, heilsubúðum og stórmörkuðum.

# Ljúffengt bleikju- og spínatsalat

Völundur Snær Völundarson, matreiðslumaður og frumkvöðull hjá fyrirtækinu Algarum Organic, kom með nýjar lífrænar vörur á markaðinn síðla sumars á síðasta ári sem hafa hlotið athygli.

## Matarást Sjafnar

Sjöfn Þórðardóttir sjofn@torg.is



Víð heimsóttum Völla heim í eldhúsið þar sem hann fræddi okkur um forsögu þessara lífræna vara og töfraði jafnframt fram himneskt bleikju- og spínatsalat sem er toppað með Umami-saltinu frá Algarum Organic.

## Upphaflega vinnan hófst fyrir fjórum árum

„Hann Símon Már vinur minn hjá Íslenskri bláskel og sjávargröðri var byrjaður að þurrka þara fyrir fólk sem vantaði hann til ýmissa nota. Hann færði mér tvo stóra kassa fyrir fjórum árum til að prufa mig áfram með. Þá byrjaði ég að skoða hann sem hráefni í matargerð en skipti fljótlega um gir eftir því sem ég las meira um hversu ofbóðslega heilnæmur þarinn er. Þannig hófst þessi vinna og ákváðum við í upphafi að hafa vöruna lífræna og 100 prósent endurvinnanlega.“

## Fimmta bragðið er í raun umami

Völli segir eiginleika Umami-saltsins umtalsverða og að mikil vinna liggja að baki þróuninni sem unnið hefur verið að hjá Algarum Organic. „Umami er í raun fimmta bragðið, en tungan skynjar sætt, salt, súrt og beiskt, síðan er umami fimmta bragðið sem var skilgreint 1908 og þá úr dashi-sodi sem



Völundur Snær Völundarson, eða Völli, er matreiðslumaður og frumkvöðull hjá fyrirtækinu Algarum Organic. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

inniheldur einmitt kelp eða þara. Umami er undirliggjandi bragð sem má í raun kalla bassann í bragðinu. Þessu bragði verður ekki náð með einhverjum samsetningum heldur liggur það í þangi og þara. Þess vegna þróuðum við blöndu af söltum sem inniheldur mismunandi tegundir af þara og gefur þetta einstaka undirliggjandi bragð.“

Paraduftið og -hylkin eru 100% lífræn unnin úr íslenskum þara. En hvað er það sem gerir þaraduftið og hylkin svo eftirsóknarverð?

„100% lífræn, vegan og í 100% endurvinnanlegum og niðurbrjótanlegum umbúðum. Þari er í raun eina plöntu- eða jurtagrundin sem inniheldur jod sem er líkamanum lífsnauðsynlegt. Í vörunni er eingöngu íslenskur handtíndur 100% lífrænt vottaður þari en eitt stærsta yfirvofandi



Bleikju- og spínatsalat með sitrónuvinaigrette er ljúffengur réttur.

heilsufarsvandamál í heiminum í dag er jodskortur og í fyrsta skipti mælist jodskortur hér á landi. Fólk borðar almennt minna af fiski og jodskortur hefur áhrif á skjaldkirtilinn og hormónastarfsemina sem



Umtalsverð vinna liggur að baki þróuninni á Umami-saltinu.

hefur margvísleg einkenni á borð við þreytu, slen, þyngdaraukningu og þunglyndi.“

Víð fengum Völla til að deila með okkur uppskrift að einu af sínu uppáhaldssalötum með sjávarfangi sem tilvalið er að njóta, ljúffengu bleikju- og spínatsalati með sitrónuvinaigrette sem bragð er af.

## Bleikju- og spínatsalat með sitrónuvinaigrette

Fyrir 4

2 bleikjuflök

½ haus spergilkál, skorið í minni bita

2 tómatar, skornir í báta

½ gurka, skorin í sneiðar

1 poki spínat

4 radísur, þunnt skornar

1 hnúðkál, skorið í þunnar sneiðar

1-2 gulrætur, skornar í strimla

1 appelsína, skorin í lauf

Safi úr ½ sitrónu

200 ml grænmetisolia

1 msk. ólífuolia

Ocean Umami-salt

Penlið eldfast mót með oliu og setjið bleikjuflökin í ofn á 180°C í 10 mínútur og látið kólna. Skafið svo litla bita af roðinu í skál. Setjið spergilkálið í eldfast mót með 1 matskeið af ólífuolíu í ofn á 180°C gráður í 5 mínútur og látið kólna.

# Kröftug og breiðvirk blanda

Arctic Star sæbjúgnahylkin innihalda ríflega 50 tegundir næringarefna sem hafa ýmis heilsueflandi áhrif, eins og að draga úr stirðleika og liðverkjum, auka blóðflæði og styrkja ónæmiskerfið.

Sandra Yunhong She, framkvæmdastjóri hjá Arctic Star, segir sæbjúgu hafa verið notuð í Asíu um langt skeið við margs konar kvillum. „Í Kína eru þau stundum kölluð „ginseng hafsins“ en Kínverjar eru stærstu neytendur sæbjúgna í heiminum. Þau eru notuð þar til að meðhöndla háan blóðþrýsting, draga úr liðverkjum og auka kynorku og eru einnig vinsæl í Indónesíu þar sem þau eru talin búa yfir lækningamætti vegna græðandi eiginleika og eru meðal annars notuð á magasár.“

## Kollagen og vítamín

Arctic Star hefur verið með sæbjúgu á markaðinum í um fimm ár og hafa vörurnar frá þeim hlotið góðar undirtektir. Nú hefur Arctic Star bætt við úrvalið með sérstakri blöndu af sæbjúgu, D-vítamíni og kollageni. Sæbjúgun (Cucumaria Frondosa) sem Arctic Star notar eru veidd í Norður-Atlantshafi við strendur Íslands og innihalda mikið magn kollagens. Þau eru veidd úr sjónum en að sögn Söndru eru villt sæbjúgu með umtalsvert meiri virkni en eldisræktuð sæbjúgu.

„Sæbjúgun sem við notum eru ekki eldisafurð. Þetta er lindýr sem vex á botni sjávar og þessi ákveðna tegund inniheldur mjög hátt hlutfall prótíns eða um 70% og einungis 2% fitu. Blandan inniheldur að



Sandra Yunhong She segir sæbjúgu mikið notuð víða í Asíu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Það nýjasta frá Arctic Star eru sæbjúgnahylki sem eru D3-vítamínþætt.

auki fiskiprótein sem unnið er úr þorskröði ásamt steinefnum og vítamínum.“ Ávinningur af neyslu kollagens er talinn margþættur.

„Blandan hefur sérstaklega góð og styrkjandi áhrif á liði, húð, neglur og hár. Við bættum svo við C-vítamíni en það eykur virkni kollagensins og styrkir brjós, bein og húðina ásamt því að efla starfsemi taugakerfisins og ónæmiskerfisins. Þá er C-vítamín talið verja frumur líkamans gegn oxunarálagi og draga úr þreytu og sleni.“ útskýrir Sandra.

„Við höfum einnig bætt við D-vítamíni en það styrkir líka ónæmiskerfið, stuðlar að eðlilegri upptöku líkamans á kalsíum og fosfóri ásamt því að styrkja bein, tennur og vöðva.“

## Ríkulegt magn aminosýra

Sæbjúgu innihalda einnig mikinn fjölda aminosýra en þær eru undirstaða og byggingarefni prótína. „Meðal aminosýra sem er að finna í sæbjúgu má nefna metónín sem er blóðaukandi, eykur orku líkamans ásamt því að stuðla að myndun húðpróteins og insúlíns. Þá er einnig að finna aminosýruna lýsín sem talin er efla proska hellans, stýra heilakönglinum, mjólkurkirtlum, eggjastokkum og vernda frumur líkamans gegn hrönnun. Lýsín er líka mikilvægur þáttur í starfsemi lifrar og gallblöðru og tryptófan er

talið aðstoða við myndun magasafta og insúlíns. Aminosýran valín er líka í sæbjúgu en hún er sögð stuðla að eðlilegri virkni í taugakerfi og hefur góð áhrif á gulbú, brjóst og eggjastokka.“ segir Sandra.

„Aðrar aminosýrur sem er að finna í sæbjúgu er meðal annars treónín sem stuðlar að jafnvægi aminosýra, leucine sem getur lækkað blóðsykur í blóðinu og styrkt húðina auk þess sem sár og bein gróa betur. Einnig má nefna isoleucine sem hefur jákvæð áhrif á kirtlastarfsemi líkamans, milta, heila og efnaskipti og fenýlalanín sem styrkir nýrun og þvagblöðruna ásamt því að auka virkni ónæmisfruma líkamans og þannig stuðla að myndun mótefna.“

Sandra byrjaði að taka inn sæbjúgnahylki upp úr þritugu og segist raunar ekki hafa veikst síðan hún hóf reglulega inntöku á þeim. „Ég var alltaf með flensu á hverju ári en það hefur ekki gerst núna í langan tíma eða frá því að ég byrjaði að taka þetta daglega. Húðin á mér varð mun betri og hár og neglur urðu sterkari. Þetta er gríðarlega öflug blanda.“

Framleiðandi sæbjúgna er Arctic Star ehf. Allar nánari upplýsingar fást á arcticstar.is. Arctic Star sæbjúgnahylki+D3 fást í flestum apótekum og heilsubúðum ásamt Hagkaupum og Fjarðarkaupum.



## Norðurál leitar að öflugum fólki

Íslenski áliðnaðurinn er með stærstu útflutningsgreinum landsins og Norðurál er eitt stærsta iðnfyrirtæki á Íslandi. Hjá okkur starfa um 600 manns með fjölbreytta menntun og bakgrunn. Á hverju ári notum við endurnýjanlega raforku til að framleiða um 320.000 tonn af áli fyrir erlenda markaði.

### Norðurál óskar eftir að ráða öfluga sérfræðinga

Verkefni eru fjölmörg, áhugaverð og krefjandi í lifandi og góðu starfsumhverfi þar sem metnaður og fagmennska eru í fyrirrúmi. Við leggjum áherslu á jöfn tækifæri, góðan starfsanda og samstarf ásamt ríkri öryggis- og umhverfisvitund.

### Áreiðanleikafræðingur (Reliability Engineer)

Helstu viðfangsefni eru gerð fyrirbyggjandi viðhaldsáætlana fyrir framleiðslubúnað, rýni á viðhaldskerfi til að greina tækifæri til umbóta, greiningu gagna, skýrslugerð og tölfræðileg úrvinnsla ásamt þróun lykilmælikvarða. Áreiðanleikafræðingur sinnir rötargreiningu á bilunum í framleiðslubúnaði, gæðaeftirliti, veitir verkáætlanadeild og viðhaldsteymi tæknilegan stuðning og tekur þátt í þverfaglegum umbótaverkefnum.

### Sérfræðingur iðntölvakerfa steypuskála

Helstu viðfangsefni eru þróun stýri- og stjórnkerfa, umsjón með iðnstýriforritum fyrir búnað steypuskála og hýsingu þeirra, stuðla að aukinni sjálfvirkni búnaðar og nýtingu upplýsinga frá iðnstýrikerfum og að hámarka skilvirkni ferla og kerfa. Viðkomandi er þátttakandi í skilgreiningu og hönnun vegna breytinga og nýfjárfestinga.


### Sérfræðingur vélbúnaðar

Helstu viðfangsefni eru tæknilegur stuðningur og ráðgjöf vegna viðhalds og reksturs á vélbúnaði, hönnun og eftirfylgni með breytingum á vélbúnaði og þátttaka í verkefnum um aukna sjálfvirkni búnaðar. Viðkomandi mun sjá um samskipti við framleiðsludeildir og framleiðendur búnaðar og taka þátt í skilgreiningu og hönnun vegna breytinga og nýfjárfestinga.

Nánari upplýsingar um störfin og menntunar- og hæfniskröfur er að finna á [intellecta.is](http://intellecta.is).

Nánari upplýsingar veitir Torfi Markússon ([torfi@intellecta.is](mailto:torfi@intellecta.is)) og Hafdís Ósk Pétursdóttir ([hafdis@intellecta.is](mailto:hafdis@intellecta.is)) í síma 511 1225. Umsóknarfrestur er til og með 17. febrúar nk. Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál. Sótt er um á [intellecta.is](http://intellecta.is) og þarf starfsferilskrá að fylgja umsókn.

Íslenskt ál um allan heim | [nordural.is](http://nordural.is)



Lífsverk lífeyrissjóður óskar eftir að ráða öflugan einstakling í nýtt og spennandi starf áhættustjóra. Í starfinu felst einnig greiningarvinna og eftirfylgni á sviði eignastýringar.

## Helstu verkefni og ábyrgð:

- Ábyrgð á starfssviði áhættustýringar
- Greining, mæling og skýrslugjöf um áhættu
- Mótun og umsjón með áhættustefnu og áhættustýringarstefnu
- Frumathugun og greining nýrra fjárfestingarkosta
- Eftirfylgni með óskráðum eignum
- Flokkun eigna, skýrslugjöf og skoðun fjárfestinga með tilliti til stefnu Lífsverks í ábyrgum fjárfestingum
- Aðstoða stjórn og stjórnendur við þróun og viðhald á skilvirku eftirlitskerfi fyrir áhættu í rekstri sjóðsins

## Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf á sviði fjármála, verk- eða tölfraði eða sambærileg menntun. Meistarapróf er kostur
- Greiningarhæfni og hæfni til að setja fram efni og niðurstöður í tölum og texta
- Haldgóð starfsreynsla í eignastýringu eða á fjármálamarkaði
- Sjálfstæði, skipulagshæfni og öguð vinnubrögð
- Góð færni í íslensku og ensku
- Hæfni í mannlegum samskiptum og jákvætt viðmót

Umsóknarfrestur er til og með **15. febrúar 2021**. Umsókn óskast fyllt út á [www.intellecta.is](http://www.intellecta.is) og þarf að fylgja starfsferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað að ráðningu lokinni.

Nánari upplýsingar um starfið veita Thelma Kristín Kvaran ([thelma@intellecta.is](mailto:thelma@intellecta.is)) og Helga Birna Jónsdóttir ([helga@intellecta.is](mailto:helga@intellecta.is)) í síma 511 1225.

Lífsverk er opin lífeyrissjóður fyrir háskólamenntaða. Allir sem lokið hafa grunnnámi á háskólastigi geta skráð sig í sjóðinn.

Lífsverk var fyrsti lífeyrissjóðurinn sem byggði á aldurstengdum réttindum, tók upp sjóðfélagalýðræði og rafrænt stjórnarkjör.

Sérstaða Lífsverks er m.a. hár ávinningur réttinda og val um leiðir fyrir skyldusparnað.


Sjóðurinn er ört vaxandi og nemur hrein eign í árslok um 120 milljörðum króna.

Gildi sjóðsins eru:

## Heilindi – jákvæðni – ábyrgð

Nánari upplýsingar um sjóðinn má finna á heimasíðu hans [www.lifsverk.is](http://www.lifsverk.is)

**intellecta**  
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir



## Sérfræðingur í námsefnisgerð

Marel leitar að metnaðarfullum, sjálfstæðum og drifandi starfsmanni með mikla þekkingu og áhuga á námsgagnagerð.

Hlutverk sérfræðingsins (Learning & Development Specialist) er að vinna að gerð og miðlun námsefnis til sölu- og þjónustufólks Marel út um allan heim. Meðal verkefna er að skilgreina áherslur í námsefni í samráði við fagaðila, ritstýra og framleiða námsgögn.

### Starfssvið:

- Greina námsþörf fyrir sölu- og þjónustunet Marel
- Skilgreina námsefni í samstarfi við vörusérfræðinga
- Færa námsefni í kennsluhæft form sem hentar hverju sinni
- Verkstjórn við framleiðslu námsgagna
- Taka virkan þátt í námsefnisgerð
- Hönnun námsferla fyrir skilgreindar starfslýsingar
- Uppsetning námsferla í mannauðskerfi Marel
- Þátttaka í alþjóðlegu teymi kennslusérfræðinga Marel

### Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla í kennslu og námsefnisgerð
- Almennur áhugi á tæknilausnum og því umhverfi sem Marel vinnur í
- Góð þekking á hugbúnaði og kerfum sem tengist námsefnisgerð
- Góð þekking á þróun kennsluáðferða t.d. fjarkennslu og notkun sýndarveruleika
- Færni í samskiptum og teymisvinnu
- Frumkvæði, nákvæmni og sjálfstæð vinnubrögð
- Mjög góð enskukunnátta

Nánari upplýsingar veitir Hildur Halldórsdóttir, [hildur.halldorsdottir@marel.com](mailto:hildur.halldorsdottir@marel.com).

Umsóknarfrestur er til og með **21. febrúar**. Sótt er um rafrænt á [marel.com/störf](http://marel.com/störf)

Information in English can be found on Marel's website

Marel er alþjóðlegt hátækniyrirtæki með um 7.000 starfsmenn, þar af um 700 á Íslandi. Fyrirtækið er brautryðjandi á heimsvísu í þróun og framleiðslu tækja og hugbúnaðar fyrir matvælaíðnað. Við leggjum ríka áherslu á nýsköpun og framþróun í öllu okkar starfi. Þess vegna viljum við ráða til okkar öflugt fólk, sem hefur áhuga á að mæta nýjum og spennandi áskorunum á hverjum degi. Við bjóðum upp á góða vinnuaðstöðu, skilvirka starfsþjálfun, sveigjanlegan vinnutíma, glæsilegan matsal, framúrskarandi íþróttaaðstöðu og gott félagslíf.





## Hjúkrunarfræðingur á hjartasviði

Laus er til umsóknar staða hjúkrunarfræðings á hjartasviði. Um er að ræða tímabundna ráðningu til allt að eins árs og er staðan laus nú þegar. Um dagvinnu er að ræða og er starfshlutfall samkomulag.

Gerð er krafa um íslenskt hjúkrunarleyfi og þarf viðkomandi að búa yfir þekkingu á hjartasjúkdómum og meðferð þeirra ásamt ríkri hæfni í mannlegum samskiptum og sjálfstæðis í starfi.

Á Reykjalundi er unnið í þverfaglegri teymisvinnu þar sem áhersla er lögð á skjólstæðingsmiðaða nálgun og heildræna sýn.

Laun byggja á kjarasamningi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og fjármálaráðherra auk stofnanasamnings Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og Reykjalundar.

Upplýsingar um starfið veita Þórunn Guðmundsdóttir hjúkrunarstjóri í síma 585-2000, netfang; thorunn@reykjalundur.is og Guðbjörg Gunnarsdóttir mannauðs- stjórnari í síma 585-2143, netfang; gudbjorg@reykjalundur.is

**Umsóknarfrestur er til 20. febrúar 2021.**

Umsóknarform og upplýsingar um Reykjalund má finna á heimasíðunni [www.reykjalundur.is](http://www.reykjalundur.is)



## Hjúkrunarfræðingur á verkjasviði

Laus er til umsóknar 80 - 100% staða hjúkrunarfræðings á verkjasviði. Staðan er laus nú þegar.

Gerð er krafa um íslenskt hjúkrunarleyfi og þarf viðkomandi að búa yfir ríkri hæfni í mannlegum samskiptum og sjálfstæðis í starfi. Þekking á hugrænni atferlismeðferð er kostur.

Á verkjasviði er unnið að endurhæfingu einstaklinga með langvinna verki. Unnið er í þverfaglegu teymi fagfólks, þar sem góð samvinna, fagmennska og þekking er höfð að leiðarljósi. Lögð er áhersla á skjólstæðingsmiðaða nálgun og heildræna sýn.

Laun byggja á kjarasamningi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og fjármálaráðherra auk stofnanasamnings Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og Reykjalundar.

Upplýsingar um starfið veita Þóra Hjartardóttir hjúkrunarstjóri verkjasviðs í síma 585-2118, netfang; thorahj@reykjalundur.is og Guðbjörg Gunnarsdóttir mannauðs- stjórnari í síma 585-2143, netfang; gudbjorg@reykjalundur.is

**Umsóknarfrestur er til 20. febrúar 2021.**

Umsóknarform og upplýsingar um Reykjalund má finna á heimasíðunni [www.reykjalundur.is](http://www.reykjalundur.is)

# SKÓLASTJÓRI SJÁLANDSSKÓLA Í GARÐABÆ

Laus er til umsóknar staða skólastjóra Sjálandsskóla sem er heilstæður grunnskóli fyrir nemendur í 1. - 10. bekk. Nemendur skólans eru 270. Sjá nánar á [sjalandsskoli.is](http://sjalandsskoli.is)

Skólastjóri tekur þátt í að móta metnaðarfullt skólasamfélag Garðabæjar með uppbyggilegum og framsýnum hætti.

### Helstu verkefni:

- Að vera faglegur leiðtogi og bera faglega og rekstrarlega ábyrgð á starfi skólans, stjórna daglegri starfsemi og hafa forgöngu um mótun og framgang stefnu skólans
- Vinna náið með starfsfólki að skapandi námsumhverfi fyrir alla nemendur
- Leiða og hvetja starfsfólk með það að markmiði að tryggja sem best vellíðan og árangur hvers og eins
- Taka þátt í þróun skólastarfsins og mótun menntastefnu í samræmi við lög og reglugerðir aðalnámskrár og stefnu Garðabæjar
- Bera ábyrgð á samstarfi við aðila skólasamfélagsins
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, s.s. ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun starfsmanna skólans

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leyfisbréf til kennslu (leyfisbréf fylgi umsókn)
- Hafa að lágmarki 60 námseiningar í uppeldis- og kennslufræðigreinum
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar og/eða reynsla af stjórnun
- Reynsla af þátttöku í skólaþróunarverkefnum og teymisvinnu
- Reynsla af úrlausnum nemendamála og foreldrasamskiptum
- Lipurð og færni í mannlegum samskiptum ásamt metnaði í starfi
- Frumkvæði, skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góð íslenskukunnátta og ritfærni er skilyrði
- Góð tölvukunnátta
- Kennslureynsla í opnum skóla á grunnskólastigi er kostur

Umsókninni skal fylgja ítarleg starfsferilskrá um störf umsækjanda og menntun, stjórnunarreynsla og verkefni sem hann hefur unnið að og geta varpað ljósi á færni hans til að sinna starfi skólastjóra. Þá skal fylgja umsókninni greinargerð með hugmyndum umsækjanda um starfið og hvernig hann sér Sjálandsskóla þróast undir sinni stjórn.

**Umsóknarfrestur er til og með 22. febrúar 2021.** Staðan er laus frá og með 1. ágúst 2020.

**Nánari upplýsingar um starfið veita** Eiríkur Björn Björgvinsson, sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, s. 525-8500 [eirikurbjorn@gardabaer.is](mailto:eirikurbjorn@gardabaer.is) og Edda Björg Sigurðardóttir, grunn- og tónlistarskólafulltrúi s. 525-8500, [eddabsig@gardabaer.is](mailto:eddabsig@gardabaer.is).

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Skólastjórafélags Íslands.

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um. Nánari upplýsingar má finna á ráðningarvef Garðabæjar <https://starf.gardabaer.is>



RÁÐGJÖF  
RÁÐNINGAR  
RANNSÓKNIR

intelleccta

Síðumúla 5 • 108 Reykjavík • 511 1225 • [intelleccta.is](http://intelleccta.is)

## MENNTAMÁLASTOFNUN

### Starfsfólk óskast við forprófun PISA rannsóknarinnar

Menntamálastofnun leitar að starfsfólki við alþjóðlega menntarannsókn OECD sem nefnist PISA (Programme for International Student Assessment).

Um er að ræða verktöku í apríl og maí og felst verkefnið í fyrirlögn prófsins í 10. bekk grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu og kóðun á opnum svörum nemenda. Starfið krefst reynslu af starfi með unglingum, góðrar tölvu- og íslensku-kunnáttu og skipulags- og samstarfshæfileika. Æskilegt er að umsækjendur hafi háskólamenntun og hafi góð tök á stærðfræði á unglingastigi.

**Umsóknarfrestur er til og með 17. febrúar nk.**

Umsóknir skulu sendar á netfangið  
svanhildur.steinarsdottir@mms.is.

Fyrir nánari upplýsingar hafið samband við Svanhildi í síma 514-7500 eða með tölvupósti.

## STÖRF HJÁ GARÐABÆ

### Bæjarskrifstofur

- Bókari í fjármáladeild

### Leikskólinn Lundaból

- Leikskólakennari

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar má finna á ráðningarvef Garðabæjar <https://starf.gardabaer.is>



GARÐABÆR  
gardabaer.is



job  
Finnum draumastarfið saman



Erum við  
að leita að þér?

# SUMARSTÖRF HJÁ GARÐABÆ

GARÐABÆR AUGLÝSIR LAUS TIL UMSÓKNAR  
EFTIRFARANDI SUMARSTÖRF ÁRIÐ 2021  
FYRIR UNGT FÓLK

## GARÐYRKJUDEILD

### ALMENN GARÐYRKJUSTÖRF

Umsækjendur skulu vera fæddir árið 2003 eða fyrr.

### FLOKKSTJÓRAR VIÐ GARÐYRKJU

Umsjón með garðyrkjuhópum.

Umsækjendur skulu vera fæddir árið 2000 eða fyrr.

### STÖRF Í SLÆTTI

Umsækjendur skulu vera fæddir árið 2003 eða fyrr.

### FLOKKSTJÓRAR VIÐ SLÁTT

Umsjón með sláttuhópum og tækjabúnaði.

Umsækjendur skulu vera fæddir árið 2000 eða fyrr.

## ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ

### ALMENNIR VERKAMENN

Umsækjendur skulu vera fæddir árið 2003 eða fyrr.

## VINNUSKÓLINN

### FLOKKSTJÓRAR

Skipulagning og stýring á vinnuhópum unglunga á aldrinum 13 – 16 ára við ýmis garðyrkjustörf.

### SKRÁNING UNGLINGA Í VINNUSKÓLANN

Skráning unglunga sem fæddir eru árin 2005, 2006 og 2007 er hafin.

## FJÖLBREYTT SUMARSTÖRF FYRIR 17 ÁRA UNGMENN

Umsækjendur skulu vera fæddir árið 2004.

Hægt er að sækja um eftirfarandi störf:

Störf í umhverfishópum, störf í leikskólum, störf í þjónustu við eldri borgara í Jónshúsi, skapandi sumarstörf, störf í stuðningi við fötluð ungmenni og störf á sumarnámskeiðum íþrótt- og tómstundafélaga.

## FJÖLBREYTT SUMARSTÖRF FYRIR 18 ÁRA OG ELÐRI

Umsækjendur skulu vera fæddir árið 2003 eða fyrr. Hægt er að sækja um eftirfarandi störf: Ýmis störf í umhverfishópum, störf í leikskólum, störf í þjónustu við eldri borgara í Jónshúsi, störf á bæjarskrifstofum, störf á bókasafni, störf á Hönnunarsafni, skapandi sumarstörf, störf í stuðningi við fötluð ungmenni, störf í stuðningi við börn með sérþarfir á sumarnámskeiðum og störf á sumarnámskeiðum íþrótt- og tómstundafélaga.

### VERKEFNASTJÓRI, AÐSTOÐARMAÐUR VERKEFNASTJÓRA OG FLOKKSTJÓRAR

#### Stuðningur við fötluð ungmenni

Verkefnastjóri skal helst vera með þroskapjálfaþenningu og reynslu af störfum með fötluðu fólki. Aðstoðarmaður verkefnastjóra skal helst vera með þroskapjálfaþenningu og reynslu af störfum með fötluðu fólki.

#### Skapandi sumarstörf

Starf aðstoðarmanns verkefnastjóra felst í skipulagningu og stýringu á vinnu ungmenna í skapandi sumarstarfi í samvinnu við verkefnastjóra. Umsækjendur skulu vera fæddir árið 2001 eða fyrr.

#### Flokkstjórar í leikskólum

Störfin felast í skipulagningu og stýringu í samvinnu við leikskólastjóra á vinnu ungmenna á aldrinum 17 – 20 ára sem eru við sumarstöf í leikskólum. Umsækjendur skulu vera fæddir árið 2001 eða fyrr.

#### Flokkstjórar umhverfishópa

Störfin felast í að stýra hópum ungmenna við almenn garðyrkjustörf. Umsækjendur skulu vera fæddir árið 2000 eða fyrr.

## ATVINNUTENGD FRÍSTUNDAÚRRÆÐI FYRIR FÖTLUÐ UNGMENN 17 ÁRA OG ELÐRI

Umsækjendur skulu vera fæddir árið 2004 eða fyrr.

Markmiðið með frístundastarfinu er að efla sjálfstæði einstaklinga og styrkja félagsleg tengsl þeirra.

Nánari upplýsingar og lýsingar á störfunum má finna á heimsíðu Garðabæjar [www.gardabaer.is](http://www.gardabaer.is)

Umsóknarfrestur er til og með 8. mars 2021.

Umsækjendur skulu sækja um ofangreind störf rafrænt á ráðningarvef Garðabæjar <https://starf.gardabaer.is>



GARÐABÆR  
gardabaer.is





# Hagstofa Íslands leitar að metnaðarfullum sérfræðingum

## í nýsköpunar- og þróunarteymi

Hagstofa Íslands leitar að metnaðarfullum sérfræðingum í nýsköpunar- og þróunarteymi þjóðhagsreikninga og opinberra fjármála. Um er að ræða ný störf sem tengjast fjárfestingaráttaki stjórnvalda. Starfsmennirnir mun starfa í hópi sérfræðinga við þróun og smíði nýs þjóðhagsreikningakerfis fyrir Ísland sem er ætlað að svara aukinni þörf fyrir upplýsingar um stöðu og þróun efnahagsmála og nýst geta við stefnumörkun, vandaða ákvarðanatöku og bættu upplýsingagjöf til almennings.

Upplýst samfélag

### Gagnagrunnsérfræðingur

Í starfinu felst umsjón með hönnun og uppbyggingu gagnainviða ásamt þróun og innleiðingu ferla innlestrar og úrvinnslu í nýju kerfi þjóðhagsreikninga. Starfið krefst þekkingar og reynslu af vensluðum gagnagrunnum ásamt þekkingar og reynslu á sviði gagnaforritunar og gerð gagnaleiðslna (e. data pipelines).

Starfsmaðurinn mun hafa umsjón með hönnun og uppbyggingu gagnagrunna nýrra þjóðhagsreikninga ásamt viðhaldi og umbótum þeirra. Gerð er krafa um að starfsmaðurinn geti miðlað upplýsingum tengdum gagnagrunnskerfi þjóðhagsreikninga, hönnun og högun ásamt viðhangandi ferlum innan þess, til samstarfsmanna, notenda og hagsmunaaðila á skýran og skilvirkan hátt.

#### Hæfnikröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, t.d. tölvunarfræði, verkfræði eða sambærilegt er kostur
- Þekking á tæknilegri högun og skipulagi gagnagrunnskerfa er skilyrði
- Reynsla af hönnun og viðhaldi gagnagrunna er skilyrði ásamt því að hafa reynslu af smíði gagnaleiðslna
- Yfirgripsmikil þekking á Microsoft SQL Server er kostur
- Forritunarhæfni og þekking á helstu hugbúnaðarvenjum er skilyrði
- Þekking og reynsla af notkun lausna á borð við R eða Python er kostur
- Vilji og geta til að tileinka sér nýjungar
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Geta til að vinna sjálfstætt, skipulega og undir álagi
- Góðir samstarfs- og samskiptahæfileikar

### Sérfræðingur í þróun staðvirðingar

Í starfinu felst umsjón með þróun og innleiðingu staðvirðingar í nýju kerfi þjóðhagsreikninga. Í því felst meðal annars að yfirfara, meta og endurskoða núverandi aðferðir við verð- og magnmælingar, auk þróunar nýrra mælinga á grundvelli alþjóðlega viðurkenndra aðferða.

Starfið krefst mikillar hæfni í megindlegri aðferðafræði og er því framhaldsmenntun á sviði hagfræði, stærðfræði, tölfræði, eðlisfræði eða annarra skyldra greina skilyrði. Sjálfstæð vinnubrögð og góðir samskiptahæfileikar ásamt ríkri þjónustulund eru eiginleikar sem viðkomandi sérfræðingur verður að búa yfir ásamt því að búa yfir reynslu í notkun lausna á borð við R og/eða Python.

#### Hæfnikröfur

- Framhaldsmenntun á háskólastigi sem nýtist í starfi, t.d. hagfræði, stærðfræði, tölfræði eða eðlisfræði
- Þekking og reynsla af notkun R, Python eða sambærilegra forritunarmála
- Reynsla af tölfræðilegri úrvinnslu og framsetningu tölulegra upplýsinga er æskileg
- Þekking og reynsla af gagnagrunnsvinnslu er kostur
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Geta til að vinna sjálfstætt, skipulega og undir álagi
- Góðir samstarfs- og samskiptahæfileikar

### Sérfræðingur í nýsköpunar- og þróunarteymi

Í starfinu felst greining, hönnun, smíði og innleiðing nýs kerfis þjóðhagsreikninga fyrir Ísland. Í því felst að vinna í gagnagrunnsmiðuðu umhverfi þar sem skilvirkni og sjálfvirkni eru höfð að leiðarljósi.

Starfið krefst sjálfstæðra vinnubragða og mikillar hæfni í tölfræðilegri aðferðafræði og úrlausn tæknilegra viðfangsefna. Í starfinu felst meðal annars smíði líkana og ferla í umhverfi á borð við R, Python, SQL og/eða í sambærilegum lausnum. Því er framhaldsmenntun á sviði hagfræði, tölfræði, verkfræði eða sambærilegra greina skilyrði.

#### Hæfnikröfur

- Framhaldsmenntun á háskólastigi sem nýtist í starfi, t.d. hagfræði, tölfræði eða verkfræði
- Þekking og reynsla af notkun R, Python eða sambærilegra forritunarmála
- Reynsla af tölfræðilegri úrvinnslu og framsetningu tölulegra upplýsinga er æskileg
- Þekking og reynsla af gagnagrunnsvinnslu er kostur
- Góð íslensku- og enskukunnátta
Glæsilegt 4ra herb raðhús á einni hæð ásamt innbyggðum bílskúr á þessum eftirsóttá stað í Urriðaholti. Húsið selst fullbúið án gólfna en votrymi og forstofa eru flisalögð. Eignin er til afhendingar við kaupsamning. Byggingaraðili er Ingvar og Kristján ehf. Mikil lofthæð, stórir gluggar og gólfhit. Innréttingar frá Brúnás, tvöfaldur ofn, innbyggð uppþvottavél og tvöfaldur isskápur frá Simens fylgir með í eldhúsi. Lóðin verður grófjofnuð en bílastæði hellulögð Staðsetning er mjög eftirsótt þar sem útivistarsvæðin Heiðmörk og Vífilstaðavatn eru í næsta nágrenni.  
Upplýsingar veitir Hafís fasteignasali í gsm: 820 2222

**NÝTT**

FASTEIGNASALAN TORG | BESTLA BYGGINGARFÉLAG | TVÍHORF arkitektar

**ÁLALIND 18-20** **201 KÓPAVOGUR**

33 eignir selda á fyrst 2 vikunum

57 NÝJAR GLÆSILEGAR ÍBÚÐIR | 10 ÍBÚÐIR Á 1.HÆÐ ERU MEÐ SÉRINNGANGI  
51 STÆÐI Í LOKUÐUM BÍLAKJALLARA | 2 RÚMGÓÐIR BÍLSKÚRAR **AFHENDING MAÍ 2021**

**OPIÐ HÚS sunnudaginn 7. feb kl. 13:00-14:00** **HERB.: 2ja -5 | STÆ: 51,8 – 203,6 m<sup>2</sup>** **VERÐ: 42.990.000 – 114.990.000 kr.**

Glæsilegt nýtt fjölbýlishús í Glaðheima hverfinu í Kópavogi.  
Húsið er stallað og eru það mismunandi 4ra, 6 eða 7 hæða. Allar íbúðir eru með aukinni lofthæð, 2,68 M. Húsið er staðsteypt, einangrað að utan og klætt og því einstaklega viðhaldslítið.  
Íbúðum er skilað fullbúnum án gólfna nema á votrymum og á forstofu, þar eru fallegar 60 x 60 flisar frá Álfaborg. Innréttingar eru frá Innréttingarframleiðandanum Voke-3 og eru almennt í ljósum lit með dökku uppþrofi. Í eldhúsi fylgir spanhelluborð, bakaraofn frá AEG og gufugleypi frá Airforce/Elica. Undir veggjengdum efrí skápum er innfræst led lýsing. Sér þvottaástaða er innan 4ra og 5 herbergja íbúðanna. Í 2ja og 3ja herb íbúðunum er einstaklega góð aðstaða fyrir þvottavél og þurrkara í innréttingu.  
Porsteinn Fasteignasali 694 4700  
Berglind Fasteignasali 694 4000

**Sæbraut 4** 170 Seltjarnarnes **145.000.000**

**HRINGIÐ OG BÓKIÐ EINKASKOÐUN S. 820 2222**  
Herbergi: 8 Stærð: 330,4 m<sup>2</sup>

Sjávarútsýni. Fallegt og frábærlega vel staðsett einbýlishús með innbyggðum bílskúr á þessum eftirsóttá stað á suðurhluta Seltjarnarness. Finnur Fróða teiknaði hluta af innréttingum og skápum og Stanislav Bochic teiknaði og hannaði garðinn. Árið 2018 var eldhús endurnýjað og fremra baðherbergi neðri hæðar árið 2020. Svefnherbergin eru 5 og stofurnar 2. Stutt er í alla þjónustu og fallegar gönguleiðir við sjóinn.  
Upplýsingar veitir Hafís fasteignasali í gsm: 820 2222

**Gnoðarvogur 48** 104 Reykjavík **69.900.000**

**OPIÐ HÚS sunnudaginn 7. feb. kl. 16 – 16.30**  
Fjölbýli Herbergi: 4 Stærð: 161,8 m<sup>2</sup>

Þjört og skemmtileg sérhæð með bílskúr (aukaíbúð) í fjölbýli á þessum vinsæla stað í borginni. Eignin er á 2. hæð og deilir inngangi með risibúð. Þrjú rúmgóð svefnherbergi ásamt 32,2 fm bílskúr sem hægt er að nýta sem útleigubúð. Vel staðsett eign í hinu vinsæla Vogahverfi Reykjavíkur, beint á móti Menntaskólanum við Sund, þar sem stutt er í alla þjónustu, skóla, leikskóla, íþróttir og útivist. **Uppl. veitir Elka fasteignasali í gsm: 863 8813**

# VIÐ VEITUM TOPP ÞJÓNUSTU



Helgi  
Fasteignasali  
780 2700



Hrönn  
Fasteignasali  
692 3344



Hólmgeir  
Lögmaður  
520 9595



Þóra  
Fasteignasali  
822 2225



Þorgeir  
Fasteignasali  
696 6580



Hafliði  
Fasteignasali  
846 4960



Ragnar  
Fasteignasali  
844 6516



Unnur Svava  
Sölufulltrúi  
623 8889



Elka  
Fasteignasali  
863 8813

## VIÐ LEITUM FYRIR KAUPENDUR AÐ:

- Er með akveðin kaupanda af rað/par eða einbýli í Kópavogi 201-203.
- Er með akveðin kaupanda af rað/par eða einbýli í Garaðbæ 210.

► Þorsteinn GSM: 694 4000

- Vantar raðhús/parhús í Mosfellsbæ fyrir ákveðinn kaupanda, verð að 100 milljónum.
- Vantar raðhús/parhús í Urriðaholti fyrir ákveðinn kaupanda, verð að 100 milljónum.
- Vantar raðhús/parhús í Áslandi, Hafnarfirði fyrir ákveðinn kaupanda, verð að 100 milljónum.
- Vantar 2-3 herb íbúð með lyftu og suðursvölum í Kópavogi, verð að 55 milljónum, 60 ára plús er kostur.

► Ragnar GSM: 844 6516

- Vantar einbýlishús á Seltjarnarnesi fyrir ákveðinn kaupanda.  
**Verð allt að 200.000.000**
- Vantar einbýlishús í Garaðbæ bæði á einni og tveimur hæðum.  
**Verð allt að 200.000.000**

► Hafdís GSM: 820 2222

- Leita af 3-4 herbergja íbúð nálægt Álfatúni í Kópavogi.
- Er með kaupanda að hæð í Hlíðunum, 4-5 herbergja.
- 3 herbergja íbúð í Grafarholti upp að 50 milljónum
- Er með ákveðinn kaupanda að hæð/íbúð í Vesturbænum upp að 70 milljónum.

► Þorgeir GSM: 696 6580

- Einbýli/Parhús í Árbæ/Ártúnsholt. Verð að 100 milljónir.
- Einbýli/Par/Raðhús í Seljahverfi. Verð að 90milljónir.
- Einbýli í Bæjunum í Árbænum fyrir ákveðin kaupanda.
- Rað/parhús í Árbæ/Seljahverfi. Verð að 90milljónir.

► Helgi GSM: 780 2700

- 3 herbergja íbúð í 101/Hlíðar. Verð að 50 milljónir.
- 3 herbergja íbúð í 110/200. Verð að 45-50 milljónir.
- 2-3 herbergja íbúð í 101-104-105-200. Verð að 45 milljónir.

- Óska eftir 4ra herbergja hæð í 105 Rvk -Lækir og Teigar og 104 Rvk-Laugarás. Hámark 70 milljónir. Kaupendur búnir að selja.
- Óska eftir um 200 fm sérbýli með bílskúr á einni hæð í Öldu-og Örvasölum eða við Álma-og Austurkór í Kópavogi.
- Óska eftir atvinnuhúsnæði 250 fm með 1-2 innkeyrsluhurðum og skrifstofurými í Kópavogi-Smiðjuvegi eða í Ártúnshöfða 110 Rvk.
- Óska eftir 3ja herbergja íbúð í 107 Reykjavík nærri Hagatorgi.

► Dórothea GSM: 898 3326

## NÝBYGGINGAR

### Elliðabraut Norðlingaholti 110 Reykjavík

SÝNUM  
DAGLEGA




EINUNGIS 7 ÍBÚÐIR ÓSELDAR!

Í sölu hjá Fasteignasölnni **TORG**.  
Nýbyggingar við Elliðabraut í Norðlingaholti, 110 Reykjavík.

Glæsilegar 2-5 herb íbúðir í vinsælu hverfi þar sem stutt er í skóla, leikskóla og fallegar gönguleiðir um óspillta náttúru.

Svalalokun með völdum íbúðum og afgirt timburverönd á jarðhæðum.

Stæði í lokaðri bílgeymslu fylgir 3-5 herb íbúðum.



Herbergi: 2ja-5 | Stærðir: 53 - 165 m<sup>2</sup>



Þóra  
fasteignasali  
gsm: 822 2225  
thora@fstorg.is



Helgi  
fasteignasali  
gsm: 780 2700  
helgi@fstorg.is

**OPIÐ HÚS**  
sunnudaginn 7. feb.  
kl. 16:00-17:00

# Smáauglýsingar

**550 5055**  
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opin alla virka daga frá 9-16  
Netfang: [smaar@frettabladid.is](mailto:smaar@frettabladid.is)

## Þjónusta

### Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Litið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 [www.flytja.is](http://www.flytja.is) flytja@flytja.is

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**

Þjóðum hagstætt verð í töfluskípti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. [straumblik@gmail.com](mailto:straumblik@gmail.com)

### Húsviðhald

**k2**  
LOFTSTOKKAHREINSUNIN

- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR

Við hreinsum allar gerðir lofttræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu frjá ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná [www.k2.is](http://www.k2.is)

## PROSTONE

- » Smíðavinna
- » Múrvinna
- » Málningarvinna

Þjónustum einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög

**519 7780**  
[prostone@prostone.is](mailto:prostone@prostone.is)

## Rúnar Múrari ehf

Húsviðgerðir Tröppuviðgerðir  
Flotun Lekaviðgerðir Flísalögn  
Málningarvinna-Pakmálun o.m.fl.

40 ára reynsla í utanhúsviðhaldi.

Við gerum tilboð þér að kostnaðarlausu.  
[runarmur@gmail.com](mailto:runarmur@gmail.com)



**Húsmiður getur bætt við sig verkefnum**

- Öll almenn húsmiði.
- Vönduð vinnubrögð.
- Góð umgengni.

[www.fagsol.is](http://www.fagsol.is)  
[fagsolbyggir@gmail.com](mailto:fagsolbyggir@gmail.com)  
S. 773-3376

## FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

### Nudd

#### NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Ábendingahnappinn má finna á

**BARNAHEILL.IS**



SAFT TROVAF

## Keypt & Selt

### Til sölu



Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. [www.myranaut.is](http://www.myranaut.is) s. 868 7204

## Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27  
Sími 552 2125  
[www.gitarinn.is](http://www.gitarinn.is)



Gítarar og hljómborð í miklu úrvali

Verð við allra hæfi

### Óskast keypt

## STADGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

[www.kaupumgull.is](http://www.kaupumgull.is)

Opíð mán - fös 11-16, Skípholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Kaupi gamla mynt, isl. & erlenda brons, silfur og gullpeninga. Peningaþola frímerki póstkort. Verðmet heil söfn. S. 615 2715.

## Skólar & Námskeið

### Námskeið



**ICELANDIC, ENGLISH, NORWEGIAN, DANISH & SWEDISH F. FOREIGNERS - ENSKA, NORSKA, DANSKA, SÆNSKA**

Only 2-5 students per course! Also Icelandic for Thais and Vietnamese. Einnig Sérnámskeið fyrir Heibrigðisstarfsfólk/Also Special Courses for Health Personnel. Enska fyrir Leiðsögumenn/Icelandic for Guides. Start: 1/3, 29/3, 26/4, 24/5, 21/6, 19/7, 16/8. 4 weeks x 5 workdays or Sat/Sun x 10 weeks. AM & PM. Price: 49.50. Labour Unions/Labour Directorate pay back 50-90% of price/Stéttafélag/Vinumálastofnun endurgreiða 50-90% gjalds. [www.iceschool.is](http://www.iceschool.is) - [ff@icetrans.is](mailto:ff@icetrans.is). [facebook.com/icetrans](http://facebook.com/icetrans). [iceschool.com/icetrans](http://iceschool.com/icetrans). Fullorðinsfræðslan Ármúli 5. 108, s. 8981175.

**GEFÐU VATN**  
gjofsemgefur.is  
907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar

## Heimilið

### Barnavörur



#### SYSTKINA VAGN/KERRA

Verð frá 165.900 kr. Barnið Okkar - Hliðasmára 4 - 201 Kóp. s. 5538313 [barnidokkar.is](http://barnidokkar.is)

## Húsnæði

### Húsnæði í boði

Herb. til leigu á svæði 201. Með aðgangi að eldh., baðherb. og þvottavél. Uppl. í síma 893 3475

2ja herb. kjallara íbúð í 2ja hæða fjölb. 200 Kóp. Laus strax og uppl. í s. 856 1115

### Geymsluhúsnæði

#### GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. [www.geymslur.is](http://www.geymslur.is)


## Tilkynningar

### Einkamál



[www.makaleit.is](http://www.makaleit.is)

Vandaður íslenskur stefnumótavefur. Makaleit.is - aðeins 999 kr



**DEIT.IS**  
STEFNUMÓTASÍÐA

Finndu félagskap fyrir framtíðina. 30 daga áskrift kostar aðeins 999 kr.

intellecta.is

# RÁÐNINGAR

**intellecta**

# Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

**EYJALIND** Varahlutir í VOLVO Vinnutæki

Vertu vinar okkar á Facebook  
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - [www.eyjalind.is](http://www.eyjalind.is)

**GLUGGA GERÐIN**

Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.

Hafðu samband og við metum ástandið.

Smíðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - [gluggagerdin@gluggagerdin.is](mailto:gluggagerdin@gluggagerdin.is)

**LOK Á HEITA POTTA**

Framleiðum einangrunarlok og yfirbreiðslur á allar tegundir potta. Metum ástand og gerum við.

[www.fjardarbolstrun.is](http://www.fjardarbolstrun.is)

Fjardarbolstrun S. 561 4188 • 840 0339 • [fjardarbolstrun@gmail.com](mailto:fjardarbolstrun@gmail.com)

**NAGLADEKKIN EKKERT VANDAMÁL**

Gólfíð verður rykfrítt og hart sem stál

**HARKA**

[harka@harka.is](mailto:harka@harka.is) [www.harka.is](http://www.harka.is)

**ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?**

Bílsætaviðgerðir-, mótörhjóla og snjósléðasæti. Húsbilaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu. Skoðið video af vinnslu á [www.hsbolstrun.is](http://www.hsbolstrun.is)

**FYRIR EFTIR**

**Formbólstrun**  
Hamraborg 5 Kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 [www.hs@bolstrun.is](http://www.hs@bolstrun.is)

**ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR**

ÞARFT ÞÚ AÐ KOMA FYRIRTÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?

HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ

**FRÉTTABLAÐIÐ**

Sími 550 5055 | [smaar@frettabladid.is](mailto:smaar@frettabladid.is)

Alla fimmtudaga og laugardaga

[arnarut@frettabladid.is](mailto:arnarut@frettabladid.is)

# ÚTSALAN

ER Í  
FULLUM  
GANGI



icebreaker®

30-50%

afsláttur

Einnig  
fánleg í  
barna-  
stærðum



## OSPREY BAKPOKAR

Hágæða bakpokar.  
Eitt mesta úrval landsins!

30-50%

afsláttur

Klifurbakpokar  
Leiðsögumannabakpokar  
Fjallgöngubakpokar • Dufflar  
Krakkabakpokar • Fjallaskíðabakpokar  
Hjólabakpokar • Ferðatöskur



30-50%

afsláttur



30%

afsláttur



30-50%

afsláttur



GÖNGUSKÓR  
OG SANDALAR

20-50%

afsláttur



ALLAR  OG  VÖRUR  
MEÐ GÓÐUM AFSLÆTTI

# GG SPORT



Í vefverslun okkar á [ggsport.is](http://ggsport.is) má finna meira úrval af öllu sem þarf í ævintýrið þitt!

 @ggsport.is  @gg\_sport

Smiðjuvegur 8, Græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • [ggsport.is](http://ggsport.is)  
Opnunartími: Virkir dagar 10:30-18, laugardagur 11-17, sunnudagur 12-16

# VeganDóttir er dóttir veiðimanns

Tónlistarkonan Kolbrún Gunnarsdóttir býr í danskri sveit með dýrum sem hún hefur bjargað frá slæmum örlögum. Hún er matgæðingur mikill og rekur nú vinsælan grænkerastað í Danmörku.

Þórdís Lilja  
Gunnarsdóttir  
thordisg@frettabladid.is



**H**ann pabbi minn er veiðimaður. Ég fór eitt skipti með honum á andaveiðar, en það var áður en ég valdi græna lífsstílinn. Þess vegna fannst mér svolítið skondið að velja nafnið VeganDóttir á veitingastaðinn; á dönsku hljómar það eins og ég sé dóttir manns sem er vegan, en pabbi er það auðvitað ekki,“ segir Kolbrún Gunnarsdóttir, VeganDóttir, og bætir kát við: „Hæ, pabbi! Ég elska þig!“

## Bjargvættur dýra

Kolbrún er tónlistarkona og matgæðingur, fædd í Reykjavík árið 1990 en fluttist með móður sinni til Danmerkur á fimmta árinu.


„Mamma vildi mennta sig sem Waldorf-kennari, sem þá var ekki hægt heima á Íslandi. Síðan höfum við flutt margoft fram og til baka á milli Íslands og Danmerkur, en ég hef lengst af búið hér úti og tala bæði og skrifa dönsku betur en íslensku,“ segir Kolbrún sem lokið hefur meistaraáráðu í tónlist og hljóðframleiðslu.

„Ég bý í litlu húsi í danskri sveit, umkringd fagurri náttúru. Ég elska dýr og í húsinu mínu eru frekar mörg dýr sem ég hef bjargað frá slæmum örlögum. Draumurinn er að eignast stóra jörð, byggja mér leirhús, stunda þar siyrkju og bæta við enn fleiri dýrum til að tryggja þeim gott og langt líf.“

## Maturinn seldist strax upp

Í fyrrasumar opnaði Kolbrún veitingastaðinn VeganDóttir nálægt gömlu lestarstöðinni í Álaborg.

„Ég hafði lengi gengið með þann draum í maganum að opna matsölu fyrir grænkerana. Hugmyndin kviknaði þegar ég var enn í tónlistarnámi við háskólann í Álaborg, en eftir að hafa óðlast reynslu við að reka gistiheimilið Kirkjuból í Önundarfirði í hálf tölur heima á Íslandi fannst mér ég tilbúin til að reka eigin veitingastað. Ég fór því á viðskiptanámskeið þar sem ég lærði allt um að stofna og reka fyrirtæki, og fann með mér tvo eistneska viðskiptafélaga, þau Rasmus Rospel og Paulu Uspenski, og saman höfum við látið drauminn um vegan-staðinn rætast,“ segir Kolbrún, en þríeykið



VeganDóttir liggur á hjarta að sýna að veganmatur er einkar gómsætur og einfaldur í gerð. MATARMYNDIR/RAFAEL ZAJAC



Þríeykið Rasmus Rospel, Kolbrún og Paula Uspenski. MYND/ROCCO PEDITTO

er allt grænkerar og Kolbrún síðan 2014.

VeganDóttir matreiðir gómsætun grænkeramat sem hitt hefur Dani í hjartastað.

„Strax fyrsta daginn myndaðist löng röð við VeganDóttur og maturinn seldist upp. Við erum staðsett í Kærbyen sem er vinsælt fjölskylduhverfi og upplifum mikinn áhuga íbúanna og annarra sem drifur alls staðar að, ekki bara grænkerana heldur alls konar fólk sem elskar matinn okkar og hugsjónir.“

Vinsælast á matsæðlinum eru fjórir djúsi hamborgarar; ostaborgari, sveppaborgari, pestóborgari og chili-bbq-borgari.

„Bráðum bætast við gómsæt

salöt og samlokur úr heima-bökuðu súrdeigsbrauði,“ upplýsir Kolbrún sem gerir allan mat VeganDóttur frá grunni. „Allur okkar matur er glútenlaus og hægt að velja mismunandi brauð fyrir hamborgarann, glútenlaust, brioche og súrdeigsbrauð. Við notum aðallega lifrænt grænmeti sem er ræktað í nærumhverfinu og ekki sprautað með neinu. Við fáum líka grænmeti sem er ræktað í síyrkjugörðum (e. premaculture gardens), það er enn betra og ferskara en lifrænt ræktað. Við hugsum líka mikið um að nota frekar baunir, sólþurrkaða tómata og fleira úr ál- eða glerumbúðum sem hægt er að endurnota oftan en plast.“



Hamborgarar VeganDóttur eru æði.

í Álaborg, nálægt lestarstöðinni á Hjulmagervej 58, 9000 Aalborg, beint fyrir utan gamla, stóra byggingu sem var í gamla daga lestar-geymsla en hýsir nú fullt af litlum fyrirtækjum og kallast Rát&Gott (Hrátt & Gott).

## Kartöflufrikadellur

8 stykki

Upplagt er að nota kartöflur frá deginum áður og það sem til er í grænmetisskúffunni þar sem innihaldslýsingin er ekki heilög. Það sama gildir um „umami“-bragðið... þetta sem fær marga til að segja „Vá! Er þetta í alvöru vegan?“. Því næg með því að nota dijonsinnep, sojasósu, sólþurrkaða tómata og næringarger. Það má alveg eins nota sveppi, þang, ólífur, balsamik-edik, tómaturpuré, ferska tómata, grillað eða steikt grænmeti, kryddað með reyktri papriku, ristudum fræjum, hnetum og grænmetiskrafti. Nýtum endilega það sem til er, til að koma í veg fyrir matarsóun!

### 5 soðnar kartöflur\*

1 soðin gulrót

3 hakkaðir sólþurrkaðir tómatar

1 msk. dijonsinnep

2 msk. sojasósa

4 msk. næringarger\*\*

1 dl haframjól

2 msk. olía

Blandið öllu saman með töfrasprota eða með því að stappa hráefnin saman. Bætið þá við einum sóxuðum lauk, 1 dl hveiti, salti, pipar, tabasco-sósu eða öðrum kryddum.

\*Ekki þarf að taka hýðið af kartöflunum.

\*\*Næringarger er óvirkt ger, sem líkist gulum hafröflögum og er skylt sveppum. Það sem er sérstakt við næringarger, fyrir utan öll B-vítamínin sem það inniheldur, er að það bragðast eins og hnetur eða ostur.


## BYGGINGARIÐNAÐURINN

Þriðjudaginn 23. febrúar gefur Fréttablaðið út sérblað um allt sem viðkemur byggingariðnaðinum á Íslandi, hvort það eru bæjarfélög, verktakafyrirtæki, trésmiðjur og söluaðilar byggingarvöru.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

Nánari upplýsingar veitir:

Ruth Bergsdóttir  
ruth@frettabladid.is • Sími 694 4103



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ





# Leitar þú að starfsmanni?

HH Ráðgjöf hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

## ■ Vinnusparnaður

Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.

## ■ Markviss leit

Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.

## ■ Þriggja mánaða ábyrgð

Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.

## ■ Ekkert staðfestingargjald

Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavinum okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.

## ■ Fjöldi hæfra umsækjenda

Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.

## ■ Fjölbreyttar þjónustuleiðir

Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.

## ■ Reynsla og þekking

Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.

## ■ Sanngjarnt verð


Þjódum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!

HH Ráðgjöf er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: [hhr@hhr.is](mailto:hhr@hhr.is)



**HH**  
**RÁÐGJÖF**  
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA



Erum við að leita að þér?

# HUGSAÐU VEL UM TANNHEILSUNA



FYRIR HREINAR OG  
FRÍSKAR TENNUR

Tannlæknafélag Íslands mælir  
með notkun xylitols sem  
aðalsætufrnis í tyggigummii



Blómainssetningin er í raun hægfara flugeldasýning sem hægt er að njóta mikið lengur að sögn Siggú, hér í Hallargarðinum ásamt dóttur sinni, Ísold Freyju. MYND/LEIFUR WILBERG ORRASON

# Ræktaði flugeldasýningu

**Sigríður Soffía Nielsdóttir** danshöfundur, var listrænn stjórnandi flugeldasýninga á Menningarnótt 2013-2015 og 2020, en í nýjasta verki sínu, Eldblómum, dansverki fyrir flugelda og flóru, ræktaði hún flugelda í Hallargarðinum.

Björk  
Eiðsdóttir  
bjork@frettabladid.is



**MIG LANGAÐI AÐ FANGA**

**KÁTÍNUNA OG GLEÐINA**

**SEM FYLGIR FLUGELD-**

**UNUM, VERANDI ÁSTRÍÐU-**

**FULLUR SPRENGJUVAÐUR**

**ÞÁ ELSKA ÉG FLUGELDA, EN**

**EKKI MINGUNINA.**

Sigga Soffía, eins og hún er oftast kölluð, fann fyrir skyndilegum og óvæntum áhuga á blómum og garðrækt fyrir nokkrum árum.

„Árið 2017 vann ég að flugeldasýningu í Barcelona og valdi skotkökur fyrir sýninguna sem báru nafnið Babys Breath. En eftir að hafa skotið upp kókunni sem var allt annað en rólegur andardráttur barns skoðaði ég bombuna nánar og tók þá eftir öðru heiti, Gypsophila, sem er nafn á blómi, en skotkakan hamraði upp á himininn á aggressívan hátt nokkurs konar runna af hvítum litlum blómum.“


Blómið sem um ræðir nefnist brúðarslör á íslensku. „Eftir þessa uppgötvun prófaði ég að fletta upp nafngiftum flugeldanna af pöntunarlistum sem eru á japönsku, kínversku, frönsku og spænsku eftir framleiðendum og í langflestum tilfellum voru nafngiftir flugeldanna eftir blómum eða trjám,“ segir Sigga, sem taldi þarna koma skýringuna á skyndilegum áhuga sínum á garðrækt.

„Ég var raunverulega að horfa á fyrirmyndir flugeldanna sem ég hef kynnst svo vel síðustu árin.“

## Eldblóm á gamlárskvöld

Sigga þyrsti í að vita meira og komst yfir biblíu flugeldahönnuða, bókina Fireworks, art, science and technique, eftir Takeo Shimizu.

„Þar gat ég loksins lesið mér til um upphaf flugeldanna. Japanska orðið yfir flugelda er Hanabi, en samkvæmt bókinni Fireworks þýðir „Hana“ eldur og „bi“ blóm. Þeir tala því ekki um flugelda í beinni þýðingu heldur sem eldblóm. Árið 1926 hannaði Gisaku Aoki fyrsta eldblómið, Chrysanthemum with pistil, og nánast allir flugeldar sem við Íslendingar sprengjum á gamlárskvöld eru eldblóm, skotið myndar stilk og út springur blóm. Algengustu flugeldaeffektar í dag eru blóm og tré af asískum uppruna, blóm sem margir hafa ræktað í mörg ár fyrir sumarbeiðin,“ útskýrir Sigga af



áhuga, en þarna fæddist hjá henni hugmyndin að því að rækta flugeldasýningu.

„Þegar hugmyndin um að rækta í stað þess að sprengja var fædd, var fyrsti partur rannsóknavinnunnar að komast að því hvaða blóm ég þyrfti að prófa að rækta. Á Edo-tímabilinu í Japan frá 1603 til 1868 kepptust listamenn um að framleiða flugelda í mismunandi formum, en flugeldasýningar voru algeng skemmtun fyrir fjöldann. Tilgangur flugeldasýninga var að sameina þjóðir, stuðla að samkennd og friði.

Japanir hafa alltaf borið mikla

virðingu fyrir náttúrunni og á þessum flugeldasamkomum kepptust sveitarfélög um hönnun á falletustu eldskúlptúrunum. Þeir leituðu þá eftir innblæstri frá nærumhverfi sínu, þess vegna eru algengustu flugeldarnir blóm af asískum uppruna, kirsuberjatréd sakura, weeping willow-tré og mismunandi blómatagundir. Enn þann dag í dag eru þessi blóm framleidd sem flugeldar í hundruðum útfærsla, mismunandi litum og stærðum.“

## Lagði stofuna undir ræktunina

Áhugi Siggú var kveiktur og næstu þrjú ár kynnti hún sér réttu fræin,

Flugeldasýningu Siggú Soffíu sem átti að vera á síðustu Menningarnótt var frestað til næsta sumars vegna gildandi samkomutakmarkana.

hnýðin og laukana í réttum litaafbrigðum.

„Ég fann blómabónda á Instagram sem ég gat keypt fræ af og vorð 2018 lagði ég hálfu stofuna undir tilraunir mínar og hóf ræktun á flugeldasýningu. Vinir og fjölskylda voru ekki að kveikja á þessari hugmynd þarna á byrjun,“ segir hún og hlær.

„Með mikilli eftirvæntingu fylgdi ég með fyrstu eldblómum kikja upp úr moldinni,“ segir Sigga, sem komst að því að hægt væri að rækta flugeldasýningu en sjálf væri hún ekki með réttu kunnáttuna.

„Ég komst þá í samstarf við hina hæfileikaríku Zuzanna Vondra sem



FYRIR MIG VAR ÞETTA

ÆFING Í AÐ SÆTTA MIG

VIÐ DAUÐLEIKANN, AÐ

HORFA Á FRÆ TEYGJA SIG

TIL HIMINS, BLÓMSTRA

OG DEYJA Á SVO FALLEGAN

HÁTT.

er í dag verkefnastjóri Eldblóma og hefur yfirumsjón yfir ræktun og útfærslu flugeldagardönsins. Eldblóm – dansverk fyrir flugelda og flóru var svo opnað á Listahátíð 2020.“

Verkið er tvískipt. „Sömu danssmíðarnar fyrir blóm og flugelda – fyrst á jörðu, svo á himnum. Blómainssetningin og flugeldasýningin hafa sömu hreyfiferla og jafnmargir dansarar eru í verkunum, eða nánar tiltekið 850 flugeldar og 850 blóm.“

Sigga segir blómainssetninguna í raun vera hægfara flugeldasýningu. Þegar flugeldasýning sé hönnuð skipti sekúndufjöldi til sprengingar öllu máli en í blómainssetningunni sé einblint á tímarnar þegar blómin springi út, þar sé þó ekki um að ræða sekúndur heldur mánuði.

„Í byrjun mars má segja að flugeldasýning blómanna hafi byrjað, það er fræin voru virkjuð og hreyfiferillinn hafinn.“



#### Allt tekur enda

Meðfram blómainssetningunni unnu Sigga Soffía og eiginmaður hennar, ljósmyndarinn Marínó Thorlacius, ljósmyndasýninguna Frá fræi til flugelda, sem sjá má á Hörputorgi og við Sæbrautina.

„Frá fræi til flugelda er tilraun til að sætta sig við að allt tekur enda. Allt hefur byrjun og enda. Fyrir mig var þetta æfing í að sætta mig við dauðleikann, að horfa á fræ teygja sig til himins, blómstra og deyja á svo fallegan hátt. Ljósmyndirnar sýna daliurnar kolsvartar en þær þola alls ekki frost. Það var eins og litríka blómabeðið hefði verið brennt þann 28. september þegar

fyrsta frostið bar að garði. Að mínu mati var það ekki síður fallegt svart en litríkt.“

Þau Sigga og Marínó eru vön því að vinna saman en þau kynntust í París árið 2010. „Ég var þar að dansa á Paris fashion week í tiskusýningu SruLi Recht en Marínó var að mynda sýninguna. Við byrjuðum á að vinna saman sem listamenn svo það var upphaflega sameiginlega ástríðan. Ég er oft með hugmyndir sem ég gæti aldrei útfært nema með jafn hæfileikaríkum ljósmyndara og honum, hann nær að fanga kjarna verkanna.“

Um jölin fæddist fyrirtækið Eldblóm og er fyrsta vara þess gjafa-

Siggu, sem er ástríðufullur sprengjuvargur, langaði að fanga gleðina sem flugeldum fylgir án mengunarinnar.



Sigga segir gaman hafa verið að sjá að hægt væri að rækta svona stórfengleg blóm á Íslandi.

kassi með broti af verkinu, Eldblóm, 100% vistvænir flugeldar.

„Mig langaði að fanga kátínuna og gleðina sem fylgir flugeldunum, verandi ástríðufullur sprengjuvargur þá elska ég flugelda, en ekki mengunina. Blómin eru aldeilis fullkomin þar, menga ekkert og veita ánægju í mánuði en ekki sekúndur.“

#### Kóreógrafar blómabeð

Um er að ræða vefverslunina eldbloom.is þar sem boðið er upp á fræ og hnýði sem kaupandi svo ræktar sjálfur blóm upp af. „Með gjafapakkanum fylgja upplýsingar um hvernig þú „kóreógrafar“ blómabeð. Okkur langaði að gefa fólki tækifæri til að rækta sína eigin flugeldasýningu heima og fá þannig brot af listaverkinu til sín.“

Sem byrjanda í ræktun fannst mér ótrúlega skemmtilegt að sjá að hægt væri að rækta svona stórfengleg blóm úti í garði á Íslandi, en með fjórum lyklatríðum við ræktun frá fræi virðist allt hægt. Daliurnar og liljurnar og sólblómin stóðu í Hallargarðinum, Árbæjarsafni og Seltjarnarnesi í öllum veðrum og sönnuðu þar með fyrir okkur hve vel þau geta dafnað í íslenska sumrinu. Við vildum þá deila gleðinni

– leyfa fólki að prófa að rækta flugelda í stað þess að sprengja þá. Fyrir utan það hvað það er gaman að geta farið út í garð og klippt fersk blóm í vasa inn á borð.“

Danshöfundurinn Sigga Soffía tók við sem stjórnarformaður Íslenska dansflokksins síðasta sumar.

„Íslenski dansflokkurinn hefur á síðustu árum ekki bara unnið fram-sækin verk hér á landi heldur verið flaggskip íslenskrar danslistar á erlendri grundu og skapað sér góðan orðstír. Flokkurinn hefur unnið til erlendra verðlauna og verið landi og þjóð ítrekað til sóma,“ segir Sigga.

Sigga starfaði sem dansari í í dansflokki Ernu Ómarsdóttur, Shalala, árin 2009 til 2014, en hefur síðan þá verið sjálfstætt starfandi listamaður og dansað í uppfærslum bæði í Frakklandi og Belgíu.

„Sem sjálfstætt starfandi listamaður flakka ég milli þess að vinna dans í formi myndlistar, texta, sem flugelda, danssýningar og videóverk.“

Það er svo margt að gerast á mörkum myndlistar og dans eða dans og gjörningalistar,“ segir hún að lokum.

Áhugasömum má benda á Eldblóm á Instagram: eldbloom2020.

**FJÖRÐUR**

**útsölu lok**  
allt að 90% afsláttur

Götubitinn hjá Firði  
Laugardaginn 6. feb  
12:00 - 14:30  
17:00 & 19:30

Fylgstu með!  
@fjordur

G.Ö.T.U.B.I.T.I.N.N.  
RVK  
Street Food

BÖKUBÍLLINN  
ALVÖRU ELDRAGARAR FÉLAGIÐ

# Út fyrir kassann

Sigmundur Ernir Rúnarsson



## Ó byggð, mín byggð



Höfundur er sjónvarpsstjóri Hringbrautar, sem rekin er af Torgi, sem jafnframt gefur út Fréttablaðið.

Það er jafnan stórfenglegt að standa efst í Hafnarskarði á gönguleiðinni frá Hornströndum yfir í Veidileysufjörð, þar sem ferðalangsins bíður báturinn til byggða. Þá sér oftast yfir kynngimagnað friðlandið á nyrstu mörkum þessa óviðjafnanlega landskika, einkum til Hornvíkur, sem frá náttúrunnar hendi er hremmílegasta virkisborg Íslands, með fallbeint Hælavíkurbjargið á aðra hönd og þverhnipt Hornbjargið á hina, en á milli þeirra rennur haf og himinn saman í stórbrotinni dulúð, svo stappar nærri algleymi þess sem skímar augum yfir.

Skarðið liggur í 519 metra hæð yfir máli sjávar – og þótt þar eigi að heita sumar á fyrstu dögum júlí geta veðrin í efra sveipað sig hvaða klæðum sem er án nokkurs fyrirboða. Er þar skemmst að minnast síðustu göngu minnar á þessum slóðum, en þá var siglt í bliðskaparveðri frá Ísafirði á opið Djúpið – og þaðan fyrir Ryt og Straumnes, undan Fljótavík og Hælavík, uns lent var í sjálfri Hornvíkinni undir skærri sumarsól. Og ógleymanleg var hún, sem stundum fyrr, uppleiðin á undarmjúka grasteigana í dalbótunum inn af Horni sem þverbratt úr hafinu rís, riflega 500 metra þar sem bjargið er hvað hæst á enda Íslands.

Sú tilfinning að leggjast þar fram á brúnina við Kálfatind og aðrar eggjar bjargsins er komin til að vera – og hverfur ekki úr minni, hversu oft sem þar er farið um. Brattara verður ekki bjargið.

En því er á þetta minnst að þremur dögum seinna, á göngu úr Látravíkinni yfir Kyrskarð og þaðan á vadi yfir Hafnarós og Háumela, mátti vera ljóst að mildi sumars var á enda, altént um sinn, skýjabakkarnir höfðu hlaðist upp í norðri og nú gekk hann á með hryðjum þegar Víðisár-brekkurnar voru að baki, en fyrir fótum lá niðdimmt



**LANGSAMLEGA STÆRSTA  
OG ÁRANGURSRÍKASTA  
BYGGÐAÐSTOÐ ÍSLANDS-  
SÖGUNNAR ER AÐ HAFNA  
VALIÐ ALLRI STJÓRNSÝSLU  
OG LYKILÞJÓNUSTU  
RÍKISINS STAÐ Á EINUM  
PUNKTI LANDSINS.**

skarðið hulið kalsaboku af suddalegri sort. Og ekki laug hitamælirinn á bakpokanum þegar staðið var í klaufinni miðri, næstum tveggja stiga frost mátti lesa af visum hans – og svo mjög var farið að grána í fjöll að gamla leiðin að Steinólfsstöðum niðri á strönd gat allt eins hafa breyst í brunafrosin svellalög.

Það er á svona stundum sem maður skilur af hverju Hornstrendingar héldu burt á fyrri tíð með allt sitt hafurtask og helga bók. Og þótt byggðir þeirra væru á tímum blómlegar og gjöfular í haga jafnt sem hafi, svo og hömrnunum allt í kring, kom sumarið stundum seint – og stundum alls ekki.

Úr þokusælu Hafnarskarðinu er næsta auðvelt að fyllast bæði angursemð og ónotum yfir hlutskipti fólksins sem freistaði þess hér öldum saman að hafa betur gegn náttúruöflunum við ysta haf, allra þessara harðduglegu kvenna og karla innan um ómegð og aldurhnigna ættingja sem rétt svo höfðu það af að þrúka súran og saltadan veturinn uns fuglinn settist upp og færði fólkinu kærkomið nýmeti og fjörefni af eftirsóttasta tæi – og mátti þá litlu muna að skyrbjúgur og önnur sultarmein í aflokuðum vikum væru ekki þegar búin að ganga af liðinu dauðu.



Búið var í flestum vikum og fjórðum Hornstranda fram á miðja síðustu öld, frá Furufirði og þaðan hringinn fyrir Horn og allt inn í Jökulfirði. Þéttust var byggðin í báðum krikum Aðalvíkur, á Sæbóli bjuggu 80 manns um 1900 og hálfri dagleið norðar, í sjávarþorpinu Látrum höfðust 120 sálir við um 1920. Á svæðinu öllu bjuggu að líkindum um 500 manns þegar mest lét á nitjándu öld, en mannsaldri síðar eða svo, voru allir farnir. Síðast tóku Grunnvíkingar sig upp og fluttu í heilu lagi árið 1962, flestir til byggðanna við Ísafjarðardjúp.



Álíka sögur af búferlaflutningum fólks þekkjast úr öllum fjórðungum landsins. Og ástæðan er augljós, með aukinni upplýsingu varð einangrunin óbærileg, afviknir og innilokaðir staðir, án nokkurs vegasambands að vetri jafnt sem sumri, rýrðu þá römmu taug sem rakka dregur, föðutúna til.

Ystu byggðir gátu ekki lengur keppt við kaupstaðina þar sem fjölbreytta vinnu og afþreyingu var að hafa, ásamt aðgangi að menntun og heilsugæslu, en samheiti þessa alls er lífskjarabót.

Og þetta var eðlileg þróun. Hún gerðist hvarvetna í löndunum í kringum Ísland. Af sömu orsökum. Og henni vindur núna fram um alla jörðina, frá fátækari löndum til ríkari, frá þróunarríkjum til þróaðra, frá innilokuðum samfélögum til opinna. Hornstrandir eru svo víða um veröld.



Það sem er aftur á móti miður eðlilegt er að samfélag einnar þjóðar sogist á einn og sama blettinn. Það er ekki eðlileg þróun. Það er hættuleg þróun. Og hún mun, ef fram heldur sem horfir – og á því eru allar líkur – draga svo máttinn úr möguleikum lands og þjóðar að ef til vill breytist mest öll byggðin utan Hvitánnu um suðvestanvert Ísland í samfelldar Hornstrandir, já fagurt friðland, mannlaust, fyrir utan stöku ferða-

lang á stjækli með bakpokann sinn og göngustaf.

Tölurnar tala sínu máli. Æpa eiginlega um eyðisandinn. Og í þessum efnum stendur Ísland frammi fyrir stærri áskorun en nokkru sinni.

Í fyrsta manntali landsmanna 1703 voru hér litlu fleiri en 50 þúsund sálir, mun fleiri konur en karlar sakir tíðra drukknana þeirra síðarnefndu. Í þann tíð var Vestfirðingafjórðungur fjölmennastur með nærri 18 þúsund íbúa, en til samanburðar bjuggu þá á svæðinu frá Sólheimasandi til Borgarfjarðardala riflega 15 þúsund manns.

Vissulega hlutu þessar tölur að breytast. Og það mjög. Eðlilega. En að hinu leytnu er ekkert eðlilegt við það að jafnvægi hafi aldrei verið náð í byggðaþróun á Íslandi á síðustu öld og áratugum. Á þeim tíma hefur 90 prósent fólksfjölgunar átt sér stað á láglandinu milli Hvitánnu í suðvestri þar sem svo er nú komið að átta af hverjum tíu íbúum landsins búa. Og það sem meira er: Öll fjölgun landsmanna á undanföllum aldarfjórðungi hefur verið á þessu svæði og rúmlega það, því að fólki utan svæðisins hefur fækkað að mun.

Munar hér mestu um pólitíkina og það embættismannavald sem einatt er Alþingi skörinni hærra. Langsamlega stærsta og árangursríkasta byggðaástandið Íslandssögunnar er að hafa valið allri stjórnsýslu og lykilþjónustu ríkisins stað á einum punkti landsins. Hún hefur heppnast algerlega. Aðrar byggðaástandir hafa verið í skötulíki, dúsa hér og dúsa þar upp í bjargarlausar byggðir.



Samviskusamlega hafa Íslendingar misst valdið á þróun byggðar, ólíkt helstu nágrönnunum í Noregi og víða á öðrum Norðurlöndum. Það mun þýða máttvuna pylsusjoppur á stangli og minniháttar innviði um meginhluta þessa lands í norðvestanverðri Evrópu sem talið er eiga mesta möguleika í sjálfbærri ferðaþjónustu. Eftir hálfu öld mun það merkja Hornstrandir svo víða, víða um eyjuna þvera og endilanga.

EKKI frá náttúrunnar hendi, heldur af mannavöldum.

# HEILSUDÖGUM LÝKUR Á SUNNUDAGINN

KYNNTU ÞÉR ÖLL  
FRÁBÆRU TILBOÐIN  
Í HEILSUBLAÐINU

Fylgstu með og nálgastu  
upplýsingar á [netto.is](http://netto.is) og  
Facebook-síðu Nettó varðandi  
leiki og ofurtilboð dagsins á  
Heilsudögum.



**25%**  
AFSLÁTTUR  
AF HEILSU- OG  
LÍFSSTÍLSVÖRUM

## OFURTILBOÐ - GILDIR ÞENNAN EINA DAG!

Laugardagur 6. feb.  
Tilboð dagsins



**45%**  
AFSLÁTTUR

Guli Miðinn  
B-Stress Vítamín  
100 töflur  
**1.110** KR/PK  
ÁÐUR: 2.019 KR/PK



Whole Earth  
Engiferöl  
330 ml  
**142** KR/STK  
ÁÐUR: 229 KR/STK

**38%**  
AFSLÁTTUR

**50%**  
AFSLÁTTUR

Spergilkál (kg)



Sunnudagur 7. feb.  
Tilboð dagsins



**38%**  
AFSLÁTTUR

Fulfil Próteinstykki  
Hnetu og Karamellu eða Súkkulaði Deluxe  
**235** KR/PK  
ÁÐUR: 379 KR/PK

**50%**  
AFSLÁTTUR

Grænkál (150 g)



**nettó**

Lægra verð - léttari innkaup

NÝTTU ÞÉR VEFVERSLUNINA

ÖLL TILBOÐ Á HEILSUDÖGUM MÁ FINNA Á NETTO.IS



HEILSU- OG LÍFSSTÍLSDAGAR NETTÓ STANDA YFIR DAGANA 25. JANÚAR - 7. FEBRÚAR 2021

Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Búðakór • Grandi • Mjódd • Lágmúli • Salavegur • Hafnarfjörður • Hrísalundur • Glerártorg • Húsavík • Höfn • Íðavellir • Grindavík • Krossmói • Borgarnes • Ísafjörður • Egilsstaðir • Selfoss

# TÍMAMÓT



Ástkær eiginmaður, faðir, stjúpfaðir, bróðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Hafsteinn Linnet**

vélvirki,  
Lækjargötu 10, Hafnarfirði,

lést 27. janúar á Landspítalanum við Hringbraut. Útför fer fram 12. febrúar klukkan 11.00 í Friðkirkjunni í Hafnarfirði. Sérstakar þakkir fær allt starfsliðið á blóðlækningadeild 11G á Landspítalanum við Hringbraut. Útförinni verður streymt.

**Anna Snjólaug Arnardóttir**

**Helga Linnet**

**Jóhann Linnet**

**Logi Þróstur Linnet**

**Guðrún Alda Linnet**

**Gunnar Linnet**

**Rósa Guðrún Linnet**

**Eiður Ingi Sigurgeirsson**

**Svava Björg Sigurgeirsdóttir**

barnabörn og barnabarnabörn.

**Stefán Hreinn Stefánsson**

**Suzen Mapulanga**

**Elin Gísladóttir**

**Þorvaldur Helgi Þórðarson**



Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Auðar Magneu Jónsdóttir**

Austurbyggð 17, Akureyri.

Jarðarförin fór fram 21. 12. 2020 frá Akureyrarkirkju.

**Anna Lúthersdóttir**

**Guðný Pálsdóttir**

**Þórunn Pálsdóttir**

**Unnur Pálsdóttir**

**Magnús Pálsson**

**Páll Sigurðsson**

**Jakob Jónasson**

**Lára M. Sigurðardóttir**

og fjölskyldur.



„Ég hlakka til að kynnast Ísafirði, hef heyrt að þar sé góður andi og bæjarbragur,“ segir Nichole Leigh. FRÉTTAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Hef ástríðu fyrir umbótum

Nichole Leigh Mosty, fyrrverandi alþingismaður, var nýlega skipuð forstöðumaður Fjölmenningsseturs af Ásmundi Einari Daðsyni, félags- og barnamálaráðherra.

Þegar hringt er í Nichole Leigh Mosty og byrjað á að óska henni til hamingju með embættið – forstöðumaður Fjölmenningsseturs – svarar hún hress: „Þakka þér fyrir, mér finnst það æðislegt. Heyrir þú ekki bros?“

Nichole er fædd í Michigan í Bandaríkjunum en flutti til Íslands 1999 og hefur náð góðum tókum á tungumálinu. Hún sat á Alþingi Íslendinga fyrir Bjarta framtíð og hefur valist til ábyrgðarstarfa í skólum og ráðum og unnið sem verkefnastjóri hjá Þjónustumiðstöð Breiðhólts frá 2018. Hún hefur látið sig fjölmenningu varða og er formaður Samtaka kvenna af erlendum uppruna, sem er ólaunað starf. Ég bendi henni á að nú bætist karlarnir við. „Já, ég hefstarfað á leikskólum og í þjónustumiðstöð og sinnt fjölskyldum – börnum, konum og körlum,“ segir hún og lætur ekki slá sig út af laginu.

### Nýtt að búa á landsbyggðinni

Fjölmenningssetrið er á Ísafirði, þar verður vinnustaður Nichole næstu fimm árin, frá og með 1. mars. Henni finnst það spennandi áskorun. „Það er fjöldi folks af erlendum uppruna vestur á fjörðum og með því að vera staðsett þar er ég því aðgengilegri. Fjölmenningssetrið er ríkisstofnun og á að sinna fólki í öllum sveitarfélögum landsins. Það er mín bjartasta von að fá að teygja boðskapinn eins langt og hægt er.“



Eins og ég sagði við manninn minn – þetta kannski fullkomnar þá reynslu mína að vera Íslendingur!

Ekki kveðst Nichole hafa búið úti á landi áður. „Þetta er alger nýjung,“ segir hún glæðlega. „Reyndar taldist það strjálbýli sem ég ólst upp í, þar voru um 20.000 manns. Sem Íslendingur hef ég alltaf búið í Breiðholti, ég er í raun Breiðhyllingur í húð og hár. En ég hlakka til að kynnast Ísafirði, hef heyrt að þar sé góður andi og bæjarbragur. Eins og ég sagði við manninn minn – þetta kannski fullkomnar þá reynslu mína að vera Íslendingur!“

Já, manninn. Nichole á íslenskan mann og þau eiga þrjú börn. „Börnin eru að komast á unglingsaldur og ætla að prófa að leyfa mömmu að vinna fyrir vestan en þau koma að heimsækja mig. Þeim líður vel hér og eitt af því sem maður lærir í fjölmenningslegu samfélagi er að fólki þarf að líða vel í sínu umhverfi,“ segir Nichole. „Þetta verður svona núna, svo sjáum við hvað gerist í sumar þegar þau komast í frí. Ég er svo heppin að eiga fjölskyldu sem skilur mig og metnað minn, hún hefur oft sleppt

mér í krefjandi verkefni, fyrst þegar ég fór að vinna á þinginu. Ég hef líka farið til Grikklands að starfa og í janúar 2020 fór ég til Kaliforníu og endaði með að vera föst þar í COVID. Svo hvað eru Vestfirðir? Þangað er bara 45 mínútna flug úr borginni!“

### Spennandi verkefni

Nichole segir hlutverk starfsfólks í Fjölmenningssetrinu fyrst og fremst vera að veita ráð og upplýsingar, ekki bara til einstaklinga heldur líka fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga sem vinna með innflytjendum. „Samþætting er svo mikilvæg og spennandi,“ segir hún og býst við fleiri brýnum verkefnum svo sem að samræma þjónustu í móttöku flóttafólks og þeirra sem fá alþjóðlega vernd. „Það er nýbúið að mæla fyrir því frumvarpi á þinginu og í von um að það fái brautargengi er mikilvægt að vel takist til með framkvæmdina. Við fylgjumst með.“

Hvað um Alþingi? Hefur hún misst áhugann á því? „Nei, ég lauk ekki erindi mínu á þingi svo ég hef verk að vinna þar. En tækifærið núna er of stórt til að segja nei við því. Ég hef ástríðu fyrir umbótum sem skipta máli. Þegar ég var á þingi lærði ég mikið um Ísland og Íslendinga og hef líka kynnst stjórnsýslu Reykjavíkurborgar. Nú fæ ég að læra um minni sveitarfélög og bæta við skilning minn á þjóðfélaginu. Því verð ég í enn sterkari stöðu þegar ég býð mig næst fram til þings.“ [gun@frettabladid.is](mailto:gun@frettabladid.is)

Mergættu, hlýja og virðing Við andlát ástvinar



**Ísleifur Jónsson** Steinunn Magnúsdóttir  
Útfararstjóri Útfararþjónusta  
Farsími 821 5353 Farsími 861 3441



Álfheimum 35, 104 Reykjavík  
Sími 553 5353 og 821 5353

[www.usr.is](http://www.usr.is)

[isleifur@usr.is](mailto:isleifur@usr.is)

Þjónusta allan sólarhringinn

## ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Símar allan sólarhringinn:

**581 3300 & 896 8242**

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er

[www.utforin.is](http://www.utforin.is)

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

[www.utfararstofa.is](http://www.utfararstofa.is) • Símar: 565 5892 & 896 8242



Útfararþjónusta  
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | [utfor@utfor.is](mailto:utfor@utfor.is) | [utfor.is](http://utfor.is)

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðbjörg Jóna Jónsdóttir**

Miðvangi 41, Hafnarfirði,

lést á hjúkunarheimilinu Sólvangi, Hafnarfirði, 29. janúar.

Útförin fer fram frá Friðkirkjunni í Hafnarfirði miðvikudaginn 10. febrúar, kl. 13.00. Vegna aðstæðna er mælt til að takmarka fjölda ættingja og vina og eru þeir velkomnir meðan pláss leyfir. Útförinni verður streymt og hægt er að nálgast virkan hlekk á [mbl.is/andlat](http://mbl.is/andlat).

**Jón Magnús Harðarson**  
**Örn Harðarson**

**Gróa Björg Jónsdóttir**  
**Bryndís Richter**

barnabörn og barnabarnabörn.



Okkar ástkæri faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Helgi Sigurður Ásgrímsson**

Ásvegi 5, Dalvík,

lést á heimili sínu mánudaginn 25. janúar 2021. Útförin fer fram í Dalvíkurkirkju 13. febrúar, kl. 13.30.

Vegna fjöldatakmarkana verða aðeins viðstaddir ættingjar og nánustu vinir. Streymi verður aðgengilegt á Facebook, Jarðarfarir í Dalvíkurkirkju.

**Íris Dagbjört Helgadóttir**  
**Aðalbjörg Gréta Helgadóttir**  
**Árni Geir Helgason**

**Jens Viborg Óskarsson**  
**Snæbjörn V. Ólason**  
**Guðrún Ásgeirsdóttir**

afabörn og langafabörn.





Sigurgeir Skafti hefur spilað á þorrrablótum frá unglingsaldri og fannst ótækt að sleppa því í ár. MYND/ÞSEND

# Sunnlenskt netþorrrablót

Sigurgeir Skafti Flosason er hinn þjóðmenningarlega sinnaði maður sem stendur bak við Þorrrablót Sunnlendinga í kvöld, hvar sem þeir eru í heiminum. Það er á netinu.

Mér fannst óhugsandi að hafa ekkert þorrrablót en var samt tvístígandi," segir Sigurgeir Skafti Flosason, tónlistarmaður og primusmótor í Þorrrablóti Sunnlendinga sem haldið verður í kvöld. Eftir segir hann hafa stafað af því að hann og unnusta hans, Unnur Birna Björnsdóttir, hafi eignast sitt fyrsta barn í nóvember. „Mér fannst að nú ætti ég að vera rölegur heima og sló þorrrablótið út af borðinu á tímabili. En ég hitti góðan vin minn á Akranesi, Ísólfr Haraldsson, sem var meðal forsprakka að Skagablóti og hann kveikti í mér, svo ég hringdi nokkur simtöl og óð í þetta, með góðum hópi.“

## Heilmikið í dagskrána lagt

Sigurgeir er Selfyssingur, þó hann búi í Hveragerði núna og kveðst hafa spilað á þorrrablótum frá því hann var unglundur, meðal annars í Reykjavík, með Studlabandinu. En hvernig fer þetta blót fram? „Fólk fer inn á tix.is og kaupir miða þar,



Það er ekki þorrrablót nema vera með Guðna Ágústsson Flóamann.

í dag opnast linkur eða lykilorð að sjónvarpi Símans, Apple TV og snjalltækjum, þar er skrifaður ákveðinn kóði, þetta er mjög einfalt," lýsir hann. „Streymið verður opið upp úr fimm, sennilega komin dinnermúsík um hálf átta og formleg dagskrá hefst klukkan átta. Við ætlum að hafa þetta eins eðlilegt og við getum fyrir fólk heima í stofu.“

Hvað með þorramatinn? „Það borðar hver heima hjá sér, býst ég við. Ákveðin íþróttafélög hafa verið að selja þorrbakka og Suðurlandsblótið sjálft líka, svo hafa matsölustaðir á vestanverðu Suðurlandi tekið sig saman um mat-

seðil með réttum sem fólk getur tekið heim.“ En fyrir hvað er fólk að borga? „Dagskrána sem er glæsileg," svarar Sigurgeir. „Það er ekki þorrrablót nema vera með Guðna Ágústsson Flóamann. Svo er Ólafía Hrönn sem ólst upp á Hornafirði og er auðvitað óborganleg, Sólí Hólm fæddur Hvergerðingur, kann sögur og getur hermt eftir mörgum. Markhópurinn er sem sagt á svæðinu frá Ölfusi austur í Hornafjörð.“

Guðni setur hátíðina um áttaleytið, að sögn Sigurgeirs. „Svo verða tónlistaratriði með Unni Birnu og Pétri Jesú. Hjördís Geirs söngkona og Grétar í Áshól harmónikuleikari fara yfir sögu sveitaballa. Það verður fjöldasöngur, minni karla og kvenna og endað á dansleik, spilið lög sem við getum sungið og dillað okkur við heima.“

Undirtektir eru framar björtustu vonum, að sögn Sigurgeirs. „Sunnlendingar úti um allan heim eru að kaupa sér miða. Það geta allir haft gaman af þessu þó uppstæðan í skemmtiatriðum verði léttar fréttir af Suðurlandi. Í heildina er þetta fyrir alla.“ [gun@frettabladid.is](mailto:gun@frettabladid.is)



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sigfríð Hallgrímsdóttir**  
frá Skálanesi við Seyðisfjörð,

lést mánudaginn 1. febrúar á hjúkrunarheimilinu Grund.

Útförin fer fram frá Fossvogskirkju þann 10. febrúar. Í ljósi aðstæðna verða aðeins hennar allra nánustu viðstaddir útförina. Streymt verður frá athöfninni í Facebook-hópnum "Útför - Sigfríð Hallgrímsdóttir". Vefslóð facebook.com/groups/2763519640567470

**Inga Þórarinsdóttir**  
**Bjarnís Harðardóttir**  
**Puríður Höskuldsdóttir**  
**Hjörtur Harðarson**  
**Hallgrímur Harðarson**  
**Helena Harðardóttir**

**Mimie Friða Libongcogon**  
**Anna Guðbjörg Sigmarsdóttir**  
**barnabörn og langömmubörn.**



Ástkær eiginmaður minn, sonur, bróðir, faðir, tengdafaðir, afi og frændi,

**Jens Andrésson**

vélfræðingur,  
Grænumýri 28, Seltjarnarnesi,

varð bráðkvaddur á heimili sínu 27. janúar.

Útför hans fer fram föstudaginn 12. febrúar kl. 14. Vegna aðstæðna í samfélaginu eru einungis boðsgestir leyfðir, en athöfninni verður streynt á vef Óháða safnaðarins. Þeim sem vilja minnast hans er bent á styrktarsjóð ÍFR, í síma 561 8225.

**Kristín Þorsteinsdóttir**

**Ellen M. Guðjónsson**

**Grimur Andrésson**  
**Óskar Jenson**  
**Ívar Jenson**  
**Ellen Margrethe Holm**  
**Anna Kristín Jenson**  
**Jón Þorsteinn Sigurðsson**  
**Andrés Ívarsson**

**María Friðriksdóttir**  
**Björg Ýr Guðmundsdóttir**  
**Hafdis Elfa Sævarsdóttir**  
**Tony Holm**

**Svetlana Veshchagina**  
**Þorbjörg Pálmadóttir**  
**og barnabörn.**



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

**Ásdís Hannesdóttir**

Sóltúni 7,  
Reykjavík,

lést á Hrafnistu í Reykjavík mánudaginn

1. febrúar. Útför hennar fer fram frá Laugarneskirkju, fimmtudaginn 11. febrúar klukkan 13. Vegna fjöldatakmarkana verða eingöngu nánustu aðstandendur og vinir viðstaddir útförina. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir, en þeim sem vildu minnast Ásdísar er bent á að láta líknarstofnanir njóta þess.

**Gunnar I. Waage**

**Benedikt G. Waage**  
**David G. Waage**

**Óláf Björnsdóttir**  
**Carolina Castillo**  
**Alexander, Ísabella og Emma Björk**



Elskulegur eiginmaður minn,

**Birgir Lúðvíksson**

Sléttuvegi 23,

lést á heimili sínu 3. febrúar.  
Útför auglýst síðar.

**Fyrir hönd aðstandenda,**  
**Helga Brynjólfsson**



Ástkær móðir mín og tengdamóðir,

**Matthildur Haraldsdóttir**

lést á hjúkrunarheimilinu Mörk,  
Reykjavík, þriðjudaginn 2. febrúar.  
Útför verður auglýst síðar.

**Einar Örn Einarsson**

**Jennifer Pors**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,  
**Sveinsína Guðmundsdóttir**

lést á dvalarheimilinu Lundi, Hellu,  
fimmtudaginn 4. febrúar sl.  
Útförin verður auglýst síðar.

**Ólafía Ingólfssdóttir**  
**Gróa Ingólfssdóttir**  
**Kristinn Karl Ægisson**  
**Guðrún Breiðfjörð Ægisdóttir**  
**Friðleifur Valdimar Ægisson**  
**Fjóla Breiðfjörð Ægisdóttir**  
**Guðmundur Breiðfjörð Ægisson**  
**Björg Elísabet Ægisdóttir**

**Guðmundur Eliasson**

**Hrönn Baldursdóttir**  
**Kjartan Jóhannsson**

**Þorsteinn Þorvaldsson**  
**Annemarie Ægisson**  
**Björg Þorkeldsdóttir**  
**og fjólskyldur.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, bróðir, afi og langafi,

**Sigurður Th. Ingvarsson**

frá Ísafirði,  
Sléttuvegi 29, Reykjavík,

lést 1. febrúar.

Útförin fer fram frá Grensáskirkju  
12. febrúar kl. 15.00. Í ljósi aðstæðna fer útförin fram með nánustu ættingjum og vinum.

**Arndís Ólafsdóttir**

**Sigríður Brynja Sigurðardóttir**  
**Ólafur Sigurðsson**  
**Anna Ólafía Sigurðardóttir**  
**Björk Sigurðardóttir**

**Hilmar Guðmundsson**  
**Svala Guðmundsdóttir**  
**Stefán Hrafnkelsson**

**Sigrún Stella Ingvarsdóttir**  
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

**Guðjón Guðmundsson**


frá Arkarlæk,

lést á dvalarheimilinu Höfða,  
Akranesi, þriðjudaginn 2. febrúar.  
Útförin fer fram frá Akraneskirkju,  
fimmtudaginn 11. febrúar kl. 13.

Vegna aðstæðna í þjóðfélaginu munu einungis nánustu aðstandendur verða viðstaddir. Útförinni verður streynt frá vef Akraneskirkju, [www.akraneskirkja.is](http://www.akraneskirkja.is)


**Börn, tengdabörn,**  
**barnabörn og langafabörn.**

# KROSSGÁTA & ÞRAUTIR



Lausnarorð síðustu viku var

## RAUÐBRÝSTINGUR



**LAUSNARORÐ** Ef bókstöfunum í lituðu reitunum er raðað rétt saman birtist sælureitur á Norðurlandi. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 11. febrúar næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „6. febrúar“.



### VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Brúðarkjöllinn** eftir Pierre Lemaitre frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Elisa Björg Þorsteinsdóttir, Reykjavík**.

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

### LÁRÉTT

- 1 Færi tuskukind í fót úr gamalli yfirbreiðslu (9)
- 8 Betri er krókur en krakki, segir máltækið (6)
- 11 Fæ mikið út úr því að forvitnast um hagi hagsýnna húsmæðra (7)
- 12 Toga allt úr húsi og í það aftur, líka lengdan bekkinn (9)
- 13 Hún mun missa allt sem gutlar, þessi elska (6)
- 14 Skal nú ákaft eggja kala kvenna í millum (7)
- 15 Skal nota kantnagla eða þráð til að festa botn á skó? (9)
- 16 Færðum þau þangað í þörum (6)
- 17 Koma sér smám saman í gott form þrátt fyrir þveruð annarra (7)

- 18 Tökum stöðuna á stigmáli með þessum græjum (9)
- 19 Við hittum þig á stórum stefnum (6)
- 23 Það er bölvad strit fyrir slappan mann að færa stóru bókina (8)
- 24 Okkur líður vel þarna uppi á stalli með ásunum (7)
- 27 Blessað skinnið hún Harpa Sjöfn (5)
- 28 Og aftur höfum við betur í baráttunni um hjú (9)
- 32 Rúmgóður bráðabirgðakoppur í stað notalegs grímubúnings? (8)
- 33 Það dugur ekkert væl þótt Evrópumótið sé haldið í Brasilíu (5)
- 34 Hró hengir sig á heljarmenni er það bærir á sér (7)

- 35 Óþarfi að lagfæra vel flutta ræðu (8)
- 37 Orð þeirra sem pikkað var í virka sem stingur á hina (7)
- 39 Hér þarf réttar græjur, segir sá er dæma má (7)
- 40 Hún glamrar alltaf þegar hún fer út á galeiðuna (8)
- 42 Brigslyrði og barsmíðar hrína seint á svo rættinn orm (7)
- 45 Hört er holdleg þrá þá heift ræður för (8)
- 49 Undasveiti örláttra veitenda bjargar mannslífum (9)
- 51 Tobbi óttast að húsbóndinn verði hrekkjunum að bráð (8)
- 52 Hér er smuga fyrir fugla (5)
- 53 Setjið sitrónu og banana á ævintýrafjárjóðinn (9)

- 54 Margoft hef ég sagt að þvottur og skitur fari illa saman (6)
  - 55 Fráskilið fólk er stundum skilið út undan (7)
- ### LÓDRÉTT
- 1 Hvika ekki frá fjölförnum skipalægjum í fermingum (13)
  - 2 Uppskipti eru það eina sem ég hef ekki með í þessu (9)
  - 3 Fyrir þennan svein er það sama, hvort það er drós eða dama, hann elskar þær allar jafn heitt (9)
  - 4 Með algjöra dellu fyrir öndum (9)
  - 5 Sterkari fagmaður að utan myndi setja listinni skýr mörk (10)

- 6 Staðan sýnir að ræðan í tröppunum er efst (10)
- 7 Hlaupum frá forkeppni (10)
- 8 Flikka upp á söngbók (8)
- 9 Min umbun er grasblettur í öll pláss (7)
- 10 Settu skó á alla þá sem hnepptu mig í fjötra (7)
- 20 Bara börn en borðið þó á við bolakálfinn (9)
- 21 Þetta er hin alræmda okurbúlla „Í hund og kött“ (7)
- 22 Ætla að vaða í bræðurna (7)
- 25 Hvað gerist ef ég sný upp á murtuna? (7)
- 26 Fer inn að því sem yst er (7)
- 28 Það sem ég sel er einkum froða, og svo affærsla ef affærsla bregst (8)
- 29 Lærðu allt um orð og auðlindir (7)

- 30 Fornt orðalag um drápur og þulur (7)
- 31 Friður stráka veltur á þessum fagra titti (8)
- 36 Gerum kröfu um bjálka í bókum (8)
- 38 Þar sem Ægir hittir ægi (8)
- 41 Stemma um fögur leiði (6)
- 43 Set vinnu við raflagnir á bið (6)
- 44 Hélt mig frá æstum múgnum og hótunum hans (6)
- 46 Hvað segiði um ísaða skúfa? (5)
- 47 Jafnan gusar bull úr gini gæja (5)
- 48 Svæfði fyrst þann sem óðari var (5)
- 50 Smásild er herra-mannsmatur, Bára mín (4)

### LÉTT

8	3						
		5	4	3	7	1	2
			5		9		3
				5	8	3	7
9	8		6				
2		7	9				
		1				6	4
	2			5	8		
	6			1	7		

### MIDLUNGS

		4	3	7	5	9	6
		9				3	4
6	2			9		7	
	8					6	
	7	5		3			2
	1	6			5		
	5		4			7	
2				9			3
4				8			

### PUNG

		5					6
						4	1
			4		9		
	1	3		8	5		7
				7		2	
6			9	2			3
3		1	5	9			
	9		7		6	3	2
			8			5	

### Skák Gunnar Björnsson

#### Hvítur á leik



Guðmundur Kjartansson (2.488) átti leik gegn Gaulta Páli Jónssyni (2.081)

**20. axb6! Hxc7 21. bxc7 b5** (21... Hc8 veitir meiri vörn). **22. Bb4 Hc8 23. Hd6 Db7 24. Hd8+ Kh7 25. Ba5 Bf6 26. Hxc8 Dxc8 27. Hd1 Da7 28. Hd6! Dxd6 29. c8D** og hvítur vann nokkru síðar. Opera Euro Rapid hefst í dag á Chess24. Magnús Carlsen er meðal keppenda. Hraðskákmót Reykjavíkur fer fram á morgun. Allir velkomnir! [www.skak.is](http://www.skak.is): Skákþing Reykjavíkur

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri nju reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

### Bridge Ísak Örn Sigurðsson

### VOND LEGA

Netspilamennska á tölvu er mjög algeng um þessar mundir í þessu faraldursástandi, enda ekki „lifandi“ spilamennska hjá félögum á Íslandi. Mjög vinsælt hefur verið, hjá „spilapýrstum“ Íslendingum að spila í „Real-bridge“ forritinu. Þriðjudaginn 2. febrúar var haldinn fjölmennur (28 þör) impa-tvímenningur í því forriti. Þegar skor fyrir spil voru

reiknuð út, var reiknað meðaltalskor í hverju spili og skor hvers pars borðið saman við það. Félagarnir Kristinn Kristinsson og Karl Grétar Karlsson enduðu í fyrsta sæti þessa tvímennings með +1,81 impa að meðaltali í spili. Annað sætið var með +1,61 impa í spili. Í þessu móti kom þetta mikla skiptingaspil fyrir. Austur var gjafari og enginn á hættu:

<b>Norður</b> ♠ G107 ♥ 7 ♦ 107632 ♣ K863	<b>Vestur</b> ♠ - ♥ ÁD1086432 ♦ ÁG ♣ 1092	<b>Austur</b> ♠ D9863 ♥ K95 ♦ 854 ♣ 75	<b>Suður</b> ♠ ÁK542 ♥ G ♦ KD9 ♣ ÁDG4
--	---	--	---

Eins og búast mátti við voru sagnir ansi fjórlegar á báðum borðum. Toppinn í NS fengu fengu Björn og Þórður Jónssynir fyrir töluna 550 fyrir fimm lauf dobluð og staðin. Það gaf rúmlega 12 impa gróða. Hins vegar fengu Aðalsteinn Jörgensen og Ómar Óskarsson toppinn í AV fyrir fjögur hjörtu dobluð og slétt staðin (590) og það tæpa 10 impa fyrir. Ansi margir í NS reyndu, eðlilega, fjóra spaða, sem stóðu aldrei vegna skelfilegrar legunnar. Þeir sem sluppu einn niður, fengu +2,31 impa fyrir það. Hins vegar var erfitt að hnekkja fimm laufum í suður, þar sem vestur átti útspil. Sigurvegarar mótsins voru í AV og í vörn gegn sex spöðum sem fóru þrjá niður.

# Þetta er mikilvægt neyðarkall til þín!

Á óvissutímum senda björgunarsveitirnar frá sér mikilvægt Neyðarkall til stuðnings starfi sínu um allt land.

Taktu vel á móti sjálfbóðaliðum okkar næstu daga og stuðlaðu þannig að eigin öryggi og annarra.



Björgunarhundurinn er í aðalhlutverki þetta árið.

Í sölnni verða smitvarnir í fyrirúmi og allt okkar fólk búið grímum, hönskum og spritti.




SLYSAVARNAFÉLAGIÐ  
LANDSBJÖRG

## KRAKKAR

## Konráð og félagar á ferð og flugi


440

„Og hvað eigum við nú að gera við þessa gulu og grænu þríhyrninga?“, spurði Kata snúðug. „Ég sé átta gula og átta græna þríhyrninga. Þetta er nú ekki erfið þraut,“ bætti hún við rogginn. „Þrautin er ekki alveg svona einföld,“ sagði Lísaloppa. „Við eigum líka að telja alla þá þríhyrninga sem við getum séð út úr myndinni, líka þá þríhyrninga sem verða til úr öðrum.“ „Þú meinar ekki bara þessa átta gula og átta grænu?“, spurði Kata. „Líka þá sem verða til, eins og



einn gulur plús sá græni við hliðina á honum og svo framvegis?“ „Já, einmitt,“ sagði Lísaloppa. Það hnussaði í Kötunni. „Auðvitað, gera manni lífið erfiðara en nauðsynlegt er.“ Konráð horfði á myndina og byrjaði að telja. Hann fann að hann ruglaðist

oft og var farinn að sjá þríhyrninga alls staðar í myndinni og tapaði tölunni fljótlega. „Úff, það eru endalausir þríhyrningar í þessari mynd,“ sagði hann og dæsti. „Ekki endalausir,“ sagði Lísaloppa. „En mér sýnist þeir vera ansi margir.“



### Brandarar



Gestur á veitingahúsi: „Þjónn. Ég vil gjarnan fá það sem maðurinn þarna er að borða.“

Þjónninn: „Ég skal reyna að ná disknum af honum en ég er ekki viss um að hann verði ánægður með það.“

Gunnar: „Pabbi, er Kyrrahafið alltaf kyrrt?“

Pabbi: „Geturðu ekki spurt að einhverju gáfulegra?“

Gunnar: „Jú, hvenær dó Dauðahafið?“

Skúli: Nú get ég varið mig ef einhver ræðst á mig. Ég er byrjaður að æfa karate og er þegar búinn að brjóta múrstein með hnefanum. Stebbi: Það er flott hjá þér, en er ekki frekar sjaldgæft að múrsteinar ráðist á fólk?

Málfræðikennarinn var að reyna að útskýra muninn á nútíð og þátíð fyrir Júlíusi og vildi ekki gefast upp. „Júlíus minn,“ sagði hann. „Hvaða tíð er „ég borða“?“ Júlíus: „Það er pottþétt máltíð.“

### Spilið



Öll þessi fimm spil hafa sitt hlutverk og eru þýðingarmikil í spilinu Hæ gosi!

## Hæ, gosi!

Spilararnir eru tveir. Annar stokkar spilin og gefur, skiptir spilunum jafnt þannig að hvor sé með 26 spil. Best er að gefa þrjú og þrjú í einu.

Spilararnir hafa bunkana á hvolfi fyrir framan sig og skiptast á að fletta upp einu spili, hvor af sinum bunka, og leggja það á mitt borðið í kastbunka. Sá sem ekki gaf byrjar.

Þegar spilin tíu, gosi, drottning kóngur og ás koma upp keppast spilararnir um að gefa eftirfarandi merki.

- **Tíu:** Skella flötum lófa ofan á bunkann.
- **Gosi:** Hröpa „Hæ, gosi.“
- **Drottning:** Blístra.
- **Kóngur:** Bera hönd að enni að hermansíð.
- **Ás:** Standa upp.

Sá spilari sem er fyrri til að gefa merki tekur allan kastbunkann og bætir honum neðst í eigin bunka. Ef báðir eru alveg jafn fljótir að gefa merki er bunkinn látinn liggja áfram á borðinu. Sá vinnur sem endar með allan bunkann í lokin.



„Ég sem ljóð heima en mér er kennt það í skólanum,“ segir Kári Rafnar.

# Reyni að særast ekki of mikið

Kári Rafnar Eyjólfsson, tíu ára, sigraði í Ljóðakeppni grunnskóla Kópavogs. Hann kveðst hafa verið smá hissa fyrst.

**Yrkir þú mikið, Kári Rafnar?** Bara stundum.

**Í skólanum eða heima?** Ég sem ljóðin heima en mér er kennt það í skólanum.

**Englabróðir er frekar sorglegt ljóð.** Já, Sverrir Rafn bróðir minn dó áður en ég fæddist en ég sakna hans samt.

**Samdir þú ljóðið fyrir keppnina?** Ég gerði hluta af því meðan mamma fór að grófa bróður míns. Svo bætti ég við það og sendi í keppnina.

**Hugsar þú oft um hvernig lífið væri ef Sverrir Rafn væri lifandi?** Já, en ég reyni að særast ekki of mikið.

**Áttu fleiri systkini?** Tvo bræður, annar er 30 ára og hinn 21. Ég er eini krakkinn á heimilinu núna.

**Hver eru helstu áhugamálin þin?** Fótbolli og handbolli. Ég er nýbyrjaður í handbolta eftir hlé en hef verið í fótbolta frá því ég var fimm eða sex ára.

**Hvert er uppáhaldsfagið í skólanum?** Líklega samfélagsfræði, mér gengur best þar.



### Englabróðir

Stóri bróðir ég sakna þin. Eitt það sem ég þrái heitast er bara að sjá þig, bara einu sinni alla vega. En ég veit að þú ert alltaf hjá mér og gætir mín í gegnum skýin.

Nú værir þú tólf ára, tveimur árum eldri en ég. Þú myndir gæta mín samt, þótt við hefðum fengið að vera hér samtímis. En nú gerir þú það í gegnum skýin.

Það er skritin tilfinning að sakna þin án þess að hafa hitt þig. Mér finnst ég hafa hitt þig í gegnum minningar þeirra sem þekktu þig best og við elskum báðir.

Þú hést Rafn, ég heiti Rafnar því ég gæti krummans þíns.

**Lestu mikið?** Ágætlega mikið, oft þegar ég fer að sofa.

Ég man mest eftir nýjustu bókinni um Kidda klaufa. Núna er ég að lesa bók um Klopp, þjálfara Liverpool.

**Hefurðu lent í ævintýrum?** Ég hef oft farið til útlanda að heimsækja bróður minn þar, hann er stöðugt að flytja en er í Þrándheimi núna. Svo var ævintýri þegar billinn hans þabba festi sig í drullu.

# PIER



24.990.-

24.990.-



26.990.-



38.990.-



Skermar frá 5.990.-

## 30% AFSLÁTTUR AF GJAFU- OG SMÁVÖRU



Vegglampi  
28.900.-



Púðar frá  
1.990.- 1.493.-



Toronto 3ja sæta sófi 179.900.-



24.990.-



Hliðarborð  
38.990.-



Góflampi  
64.990.-



Leður sessa 38.990.-



Sófaborð 2 stk saman 99.990.-



18.990.-



Blómapottar  
lítil 15.990.- 11.993.-  
stór 18.990.- 14.243.-



Stálbekkur 119.990.-



Hægindastóll 124.990.-

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Laugardagur

Reykjavík



2 | 6  
°C | ↶

Egilsstaðir



-2 | 3  
°C | ↶

Ísafjörður



-3 | 3  
°C | ↗

Kirkjubæjarkl



1 | 9  
°C | ↶

Akureyri



-3 | 3  
°C | ↗

Hveravellir



-7 | 5  
°C | ↗

Bjartviðri norðvestan- og vestanlands í dag. Hiti í kringum frostmark, en frost 0 til 9 stig norðan- og austantil.

	Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
<b>Reykjavík</b> 	 0   5 °C   ↶	 2   6 °C   ↶	 -2   4 °C   ↶	 1   5 °C   ↶	 2   8 °C   ↶
<b>Ísafjörður</b> 	 -1   2 °C   ↶	 -1   5 °C   ↶	 -4   6 °C   ↶	 -7   3 °C   ↶	 -3   4 °C   ↶
<b>Akureyri</b> 	 -5   1 °C   ↗	 -3   1 °C   ↗	 -2   1 °C   →	 -2   0 °C   ○	 -2   2 °C   ↗
<b>Egilsstaðir</b> 	 -2   3 °C   ↘	 -2   1 °C   ↘	 -3   2 °C   ↗	 -4   3 °C   ↗	 -4   3 °C   ↗
<b>Kirkjubæjarklaustur</b> 	 1   8 °C   ↶	 1   4 °C   ↶	 -1   3 °C   ↶	 -1   3 °C   ↶	 2   6 °C   ↶
<b>Hveravellir</b> 	 -9   2 °C   →	 -8   3 °C   ↘	 -10   4 °C   ↘	 -6   7 °C   ↗	 -4   10 °C   ↗

## ERT ÞÚ Í BYGGINGARHUGLEIÐINGUM?

Húseining býður upp á einstök og falleg einingarhús sem hönnuð og framleidd eru á Íslandi fyrir íslenskar aðstæður.



Sumarhús

Verð frá 116.900 kr. pr/m<sup>2</sup>



Einbýlishús

Verð frá 139.900 kr. pr/m<sup>2</sup>

### VIÐ FRAMLEIÐUM EINNIG

Smáhýsi  
Gestahús  
Parhús  
Raðhús

Sérbýlishús  
Módula  
Þaksperrur  
Sökkla



www.huseining.is  
sala@huseining.is  
s: 686-8680

## VELDU GÆÐI!

Taktu forskot á Bolludaginn.

Þú færð gómsætar bollur hjá okkur alla helgina 5. til 7. febrúar.



mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30  
laugardaga 8.00 - 16.00  
sunnudaga 9.00 - 16.00

Austurströnd 14 • Hringbraut 35

www.bjornsbakari.is

## Pondus

Eftir Frode Øverli



## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



## Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





**Í KVÖLD 18:55 - Í BEINNI ÚTSENDINGU**

Stórskemmtilegur þáttur fyrir alla fjölskylduna á Stöð 2 þar sem spilað er bingó. Veglegir vinningar verða í boði fyrir þátttakendur frá **Hagkaup, Kids Coolshop, Lindex, Minigarðinum, Air Iceland Connect, Löður og Myndform.** Bingóspjöld og nánari upplýsingar er hægt að nálgast á **visir.is/bingo**

 +  = **7.990 kr./mán.**  
Lægra verð á Stöð 2 & Stöð 2+ saman

Tryggðu þér áskrift í dag á **stod2.is**



Mynd Andreas Eriksson, Fjället, frá árinu 2020. MYND/ADSEND

## Andreas sýnir í i8

Sýning Andreas Eriksson í i8 galleríi, Tryggvagötu, stendur nú yfir og lýkur 3. apríl.

Andreas vinnur í senn málverk, vefnað, skúlptúr, ljósmyndun, hreyfimyndir og innsetningar.

Andreas hefur gjarnan lýst verkum sínum sem „tilvistarlandslagi“, málverkin eru því innri leit listamannsins, en þó er greinilegt að uppsprettan er umhverfið og staðhættir í kringum heimili hans, sem stendur við stöðuvatn í Svíþjóð.

Verk hans eru gjarnan tengd við hefð norrænnar rómantíkur í málalag og nefnir hann gjarnan Edvard Munch og Jóhannes Sveinsson Kjarval sem áhrifavalda í list sinni. Árið 2014 stýrði hann sýningunni Efsta lag á Kjarvalsstöðum þar sem hann valdi saman verk eftir sjálfan sig og Kjarval. Árið 2017 tók Andreas Eriksson þátt í samsýningu í i8 galleríi.

Andreas var fulltrúi Svíþjóðar í norræna skálanum á 54. Feneyjavíðringnum (2011) og á að baki margar einkasýningar. Verk hans má finna í mikilvægum, alþjóðlegum söfnum og má þar nefna Centre Pompidou í París, FRAC Auvergne í Clermont-Ferrand í Frakklandi; MUMOK í Vín; Nasjonalmuseumet í Osló; Moderna Museet í Stokkhólmi og X Museum í Peking.



Fantasia Flamenca leikur flamenco.

## Flamenco í Hörpu

Fantasia Flamenca heldur tónleika í Hörpu á Sigildum sunnudögum, á morgun, sunnudaginn 7. febrúar, kl. 16.00.

Efnisskráin inniheldur ýmsar stiltegundir flamenco-tónlistarinnar og ólík form hennar, meðal annars Bulerias, Soleares, Dansa Mora og Tangos. Flutt verða verk eftir nokkra helstu meistara þessarar tónlistarhefðar Andalúsíu, þar á meðal Paco de Lucia, Paco Cepro og Estrella Morente, en þau eru meðal fremstu tónlistarmanna flamenco-tónlistar. Einnig verða flutt nýrri verk eftir Simon H. Ívarsson.

Hljómsveitina skipa gítarleikararnir Símon H. Ívarsson og Ívar Símonarson, söngkonan Ástrún Friðbjörnsdóttir, Kristberg Jóhannsson, slagverksleikari og Hrafnkell Sigvatsson bassaleikari.



Jonatan Habib Engqvist er sýningarstjóri, en hann hefur unnið töluvert hér á landi. MYND/ADSEND

# Þrír listamenn og verk sem tala saman

**Kristján Steingrímur, Pétur Magnússon og Tumi Magnússon sýna í Listasafni Árnesinga. Jonatan Engqvist er sýningarstjóri og yfirskrift sýningarinnar er Troika.**

Kolbrún

Bergþórsdóttir

kolbrunb@frettabladid.is



Sýningin Troika, Тройка, verður opnuð í dag í Listasafni Árnesinga í Hveragerði. Þar sýna þrír listamenn verk sín: Kristján Steingrímur, Pétur Magnússon og Tumi Magnússon. Jonatan Habib Engqvist er sýningarstjóri. Hann er sænskur, bjó um tíma á Íslandi og hefur síðan unnið töluvert hér á landi og með íslenskum listamönnum erlendis.

Spurður um yfirskrift sýningarinnar segir Jonatan: „Troika er rússneskt orð sem þýðir hópur þriggja, stundum þýtt sem þríeyki. Það getur til dæmis átt við þjóddans með þremur þáttakendum. Við erum vön paradansi með tveimur þáttakendum en þegar dansararnir eru orðnir þrír þá er kominn skemmtilegur vinkill. Orðið getur líka átt við ungerskan hestvagn sem dreginn er af þremur hestum sem hafa mismunandi gang til að geta haldið sama takti. Það er gaman að leika sér með þetta orð sem inngang að sýningu þriggja listamanna af kynslóð sem hefur haft áhrif á nútímalist á Íslandi,“ segir Jonatan.

Hann segir listamennina vera ólíka. „Á sýningunni verður til samtal milli listaverkanna og til verður þessi dans og hreyfing sem troikan er. Verkin eru að stærstu hluta ný.“

Pétur Magnússon vinnur mikið með sjónarhorn og rými. Áhorfandanum sýnist verkin vera á ákveðinn hátt en þegar hann kemur nær eru þau kannski aðeins öðruvísi.

Tumi Magnússon sýnir verk sem eru einhvers staðar á milli þess að vera teikningar og málverk og snúast um tímann og rýmið. Hann er líka með stóra og spennandi vídeóinnsetningu. Þar eru samtöl milli fólks sem er að drekka kaffi og talar ólík tungumál. Fólkið er að segja



Jonatan með Kristjáni Steingrími og Tuma Magnússyni.



**ÁHORFANDANUM SÝNIST VERKIN VERA Á ÁKVEÐINN HÁTT EN ÞEGAR HANN KEMUR NÆR ERU ÞAU KANNSKI AÐEINS ÖÐRUVÍSI.**



Málverk Kristjáns Steingríms af Surtsey.

persónulegar sögur milli þess sem það talar ofan í hvert annað, mislengi, og þegar þau drekka er eins og þau séu öll í sama rými. Þannig verður til tungumál sem hljómar mjög ruglað eins og í sögunni um Babelsturninn.“

Meðal verka Kristjáns Steingríms er málverk, Surtsey. „Þar er landslagið sjálf myndin,“ segir Jonatan. „Kristján var í samskiptum við jarðfræðing sem aðstoðaði hann við að ná í efni frá Surtsey sem hann málar svo á striga. Þannig að Surtsey sjálf er máluð á striga. Myndin er hluti af seríu sem heitir Forboðnir staðir. Svo er önnur sería þar sem málverkin eru unnin úr sandi frá Normandi og loftsteini.“

Í tilefni af sýningunni hefur safnið gefið út sýningaraskrá sem verður fljótlega hægt að skoða á heimasíðu safnsins.

Sýningin stendur yfir til 23. maí og er opið alla daga nema mánudaga í safninu.



# LEIÐTOGAR Í EIGIN LÍFI

Örnámskeið fyrir 14-17 ára í samstarfi við Dale Carnegie



## FYRIR UNGMENNI SEM HAFA GREINST MEÐ KRABBAMEIN OG ÞAU SEM ERU AÐSTANDENDUR

Í samstarfi við Dale Carnegie bjóðum við 14-17 ára ungmenni sem greinst hafa með krabbamein, eða eru aðstandendur, velkomin á tveggja skipta námskeið í Ljósinu.

Á námskeiðinu setjum við raunhæf markmið fyrir vorið og mótum framtíðina á okkar eigin forsendum. Við skoðum styrkleikana okkar og finnum eldmóðinn sem þarf til að ná sem mestum árangri. Við þjálfumst í að líta á áskoranir sem tækifæri til þess að efla okkur og ná lengra.

Námskeiðið er þátttakendum að kostnaðarlausu og fer fram í húsnæði Ljóssins að Langholtsvegi 43, fimmtudagana 4. og 11. febrúar milli 19:30-21:30.

Skráning fer fram í móttöku Ljóssins í síma 561-3770





Á sýningunni má sjá verk listamannsins frá síðustu þrjátíu árum.

## Efni og óefni

### Aðalsteinn Ingólfsson skrifar um Óra- Vidd yfirlitssýningu á verkum Sigurðar Árna Sigurðssonar á Kjarvalsstöðum.

**F**ram eftir nýliðinni öld deildu menn um íslenska myndlist á forsendum þjóðhollustu fremur en fagurfræði. Inn í þá umræðu voru stundum dregnar erlendar myndlistarstefnur, eftir því hvort þær féllu að listrænum hagsmunum Íslendinga eður ei. Þá var myndlistarleg heimsmynd Íslendinga tiltölulega fábreytt; fyrir þeim var listin annað hvort þýsk eða frönsk. Þeim sem annat var um það sem þeir kölluðu „heilindi“ íslenskrar myndlistar, töldu að hún ætti að taka sér til fyrirmyndar þýsku myndlistina, að því gefnu að hún væri laus við áhrif frá bolsévíkum og Gyðingum. Íslendingar væru jú þjóð af sama germanska meidi og Þjóðverjar. Sjálfir gerðu Þjóðverjar og Frakkar greinarmun á myndlist þjóðanna, eins og hún birtist á tuttugustu öldinni. Að þeirra mati snerist þýsk myndlist fyrst og fremst um tjáningu sjálfins, en frönsk myndlist var athugun á tjáningu sjálfins. Á þessu er umtalsverður munur.

Á Íslandi var frönsk myndlistarhefð síðast til umræðu í kjölfar strangflatarlistarinnar á sjötta áratugnum, enda var sú vitsmunalega, yfirvegaða myndlist sannarlega sprottin upp úr því sem var að gerast í menningarlífinu í París á árunum eftir síðari heimsstyrjöld. Síðan leið og beidd, allt þar til „nýja málverkið“ hafði runnið sitt skeið á enda. Þá er það sem þrír ungrir listamenn frá Akureyri halda til Frakklands í framhaldsnám, fyrstu íslensku listmálarar til að gera það í áratugi. Þarna er ég að tala um þá Birgi Snæbjörn Birgisson, Sigtrygg Bjarna Baldvinsson og Sigurð Árna Sigurðsson.

Þessir þrír listamenn báru sig öðruvísi að en flestir jafnaldrar þeirra í íslenskrar myndlist. Myndlist þeirra var – og er – hófstíllt, yfirveguð og knúin áfram af rannsóknarþörf, enquête, fremur en tjáningu

sjálfins, sem er einmitt einkenni á bestu málalari Frakka. Birgi Snæbjörn hefur helgað sig athugunum á kynjabundnum staðalmyndum og myndlist Sigtryggs Bjarna snýst fyrst og síðast um hegðan vatnsins í íslenskrar náttúru. Og nú má kynna sér til hlitar hvað Sigurður Árna hefur haft fyrir stafni síðastliðin þrjátíu ár, því enn stendur yfir gagnvönduð yfirlitssýning á verkum hans að Kjarvalsstöðum. Þetta er ekki sýning þar sem leitast er við að koma til skila öllu sem listamaðurinn hefur fengist við um dagana, heldur er hún straumlínu-löguð að helstu hugmyndum hans og viðfangsefnum. Hér er sýningarstjórinn, Markús Þór, á heimavelli, og vélar um það sem hann hefur þekkingu á.

#### Takmörk og villuljós skynjunar

Að einu leyti þykir mér hann þó skjóta yfir strikið. Sýningin ber það fremur almenna nafn „ÓraVidd“ eða „Expanse“ á ensku. Í orðabók Menningarsjóðs stendur: „óráviddir“; einhver hinna þriggja stefna sem unnt er að mæla hluti í rúminu í, þ.e. lengd, breidd eða hæð“. Ég held að ekki þurfi að rýna lengi í verk Sigurðar Árna til að sjá að viðfangsefni hans er ekki „umfang“ rýmisins – eða tómsins – hvað þá „mælanleiki“ þess, heldur miklu frekar birtingarmyndir rýmis/tóms alls staðar í umhverfi okkar, og þau áhrif, tilfinningaleg eða vitsmunaleg, sem þær hafa á skynjun okkar. Til að mynda verður mörgum þeim sem fjalla um ævistarf Sigurðar Árna tíðrætt um skuggamótífið, sem er auðvitað býsna fyrirferðarmikið í verkum listamannsins. En skuggar, burtséð frá því sálfræðilega og bókmenntalega trússi sem á þá hefur hlaðist í tímans rás, eru kannski fyrst og fremst rýmið (eða „óefnið“) gert sýnilegt fyrir tilviljanir fjarveru – ljóssins.

Það sem er auðvitað mesta undrið, og knýr Sigurð Árna áfram



Sigurður Árni á sýningunni á Kjarvalsstöðum FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Þetta er ekki sýning þar sem leitast er við að koma til skila öllu sem listamaðurinn hefur fengist við, segir Aðalsteinn Ingólfsson.

### GAMAN ER AÐ SJÁ ÍSLENSKA MYND- LISTARHEFÐ OG FRANSKA RENNA SAMAN Í LANGVARANDI GLÍMU SIGURÐAR ÁRNA VIÐ ÓEFNIÐ.

í rannsóknum sínum, er hve stórt hlutverk óefnið leikur í þeim heimi rökhyggju og áþreifanleika sem við teljum okkur vera hluta af. Þannig malar Sigurður Árni hverja myndina á fætur annarri, þar sem endurkast hluta eða forma kallar á jafn mikla athygli áhorfandans eins og hlutirnir sjálfir. Hér er ekki á ferðinni ábyrgðarlaus leikur með form og endurkast þeirra, heldur grafalvarlegar ábendingar um takmörk og villuljós skynjunar. Vætanlega gefur augaleið að ef óefnið, fjarvera hlutanna, er orðið snar þáttur þess „sýnilega veruleika“ sem við búum við, þá er veraldleg vegferð okkar meira óvissuferðalag en við áttum okkur á.

Óefnið er gert sýnilegt með margvíslegum hætti í verkum Sigurðar Árna. Plexíglerplötur í litum eru festar framan á ljósa fleti til að sýna – og virkja – bilið milli glers og flata, þar sem verður til og blandast „litað“ endurkast, s.s. tómarúm.

Listamaðurinn gerir teikningar á hálfgagnsæjan smjörpappír og leggur ofan á aðrar teikningar; við það myndast „merkingarými“ milli teikniflatanna beggja.

#### Huglægir staðir

Sameindamyndir Sigurðar Árna, sem eru eins konar tilbrigði við samtengd mólekúl, hafa reynst honum heilladrjúg verkfæri í framköllun óefnis. Málverk og lágmyndir af „sameindum“ hafa gert honum kleift að gangsetja ýmiss konar leiki með skuggafleti og rými. Framhald þeirra verka eru lágmyndir úr málm, teygðar á ýmsa vegu svo að úr fjarlægð virðist eiga sér stað ummyndun sjálfs rýmisins/óefnisins innan í þessum verkum („Valerie“).

Mestar viddir er Sigurður Árni með undir í þeim verkum sem láta einna minnst yfir sér, formrænt séð. Þar á ég við nokkra álskúlptúra á miðju gólfi, verkin „Landrek“ (1999) og „Án titils“ (2007). Þessi verk hafa ekki ósvipaða verkan og „útvortis“ húsið hans Hreins Friðfinnssonar, þar sem allir innveggir sneru út, þar með taldist gjörvallur heimurinn hluti af innréttingum hússins. Í Landrekverkið mætast „flekarnir“ sem marka fyrir láreittum víddum, sem eru auðvitað takmarkalaust óefni. „Án titils“ er röð kringlóttar álpynna sem festar eru hornrétt saman um miðjuna, og þar sem þær standa á gólfi safna þær til sín opnu rými úr öllum áttum, verða miðpunktur þar sem allar áttir eiga upphaf sitt.

Gaman er að sjá íslenska mynd-

listarhefð og franska renna saman í langvarandi glímu Sigurðar Árna við óefnið. Í mynd frá 1990 tekur hann til athugunar „gegnheila“ skýjabólstra Jóns Stefánssonar (með rætur í verkum málarans og hugsuðarins Cézanne) og býr þeim eins konar „hreidur“ í áþreifanlegu landslagi. En þessar hugmyndir fá verulegan byr undir vængi við nán kynni Sigurðar Árna af arfleifð Marcell Duchamps, helstu mann-vitsbrekku franskra myndlistar. Og ef hægt er að tala um jákvæða nærveru útlands listamanns í myndlist hans, þá er Duchamp sá maður.

Í verkum hans rekst Sigurður Árni á ýmsa nytsamlega vegvísa, hvort sem hann er að velta fyrir sér eðli óefnis, eða fást við þverstæður í mannlegu atferli og skynjun. Þælingar um skugga, tómarúm og óefni er víða að finna í hlutgervingum Duchamps, að ógleymdri kaldhæðnislegri íróni sem Sigurði Árna hugnast vel. Írónskir viðaukar hans við ljósmyndaefni, gamalt og nýtt, eru augljóslega þráðbeint framhald á teiknuðum hlutgervingum meistarans (sjá „Apótek“ 1914-45). Loks er í verkum þeirra beggja sterk erótísk undirald, sjá opinskáar konumyndir Sigurðar Árna.

Í viðtali í Fréttablaðinu segist Sigurður Árni ekki enn vera kominn að beinni niðurstöðu í verkum sínum. „Það opnast bara meiri við-átta, hæð tekur við af hól og ég held bara áfram.“ Með þessu áframhaldi eru honum allir vegir færir.

Aðalsteinn Ingólfsson

**Borgarsögusafn**  
Reykjavíkur



www.borgarsogusafn.is

NÝR 100%  
RAFBIÐ 40 KWH

# GRÍPTU TÆKIFÆRIÐ OG TRYGGÐU ÞÉR NISSAN LEAF Á VERÐI SEM Á SÉR ENGAN SAMANBURÐ

COOPERTIRES  
VETRARDEKK  
FYLGJA MEÐ



NÝR NISSAN LEAF - OKKAR VERÐ **3.890.000 KR.** HLAÐINN AUKABÚNAÐI  
NÚ FYLGJA MEÐ GÆÐA VETRARDEKK, COOPER WM SA2+, AÐ VERÐMÆTI 95.960 KR.

AUKAHLUTIR INNIFALDIR M.A.

- SYNTHETIC LEÐURÁKLÆÐI
- HITI Í STÝRI, FRAM- OG AFTURSÆTUM
- LYKILLAUST AÐGENGI OG RÆSING
- BAKKMYNDAVÉL MEÐ 360° MYNDAVÉL
- 17" ÁLFELGUR
- INTELLIGENT CRUISE CONTROL HRAÐASTILLIR

- SJÁLFBIRK MIÐSTÖÐ MEÐ LOFTKÆLINGU
- 6 LOFTPÚÐAR
- ISOFIX FESTINGAR FYRIR BARNABÍLSTÓL
- BLINDHORNSVIÐVÖRUN
- BLUETOOTH TIL AÐ STREYMA TÓNLIST OG SÍMA

TIL  
AFHENDINGAR  
STRAX

SÖLUAÐILI



100 BÍLAR EHF • STEKKJARBAKKA 4 • 109 REYKJAVÍK • S. 517 9999  
WWW.100BILAR.IS • 100BILAR@100BILAR.IS  
OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-15

NÝR BÍLL

# FORD F350 TREMOR



FORD F350 LARIAT ULTIMATE  
SPORT FX4 TREMOR OFF ROAD  
VERÐ ÁN VSK: **10.950.000 KR.**

TIL  
AFHENDINGAR  
STRAX

SÖLUAÐILI



100 BÍLAR EHF • STEKKJARBAKKA 4 • 109 REYKJAVÍK • S. 517 9999  
WWW.100BILAR.IS • 100BILAR@100BILAR.IS  
OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-15

## Laugardagur

## HRINGBRAUT

- 20.00 Bókahornið (e)** Þátturinn fjallar um bækur af öllu tagi, gamlar og nýjar, með viðtölum við skapandi fólk.
- 20.30 Atvinnulífið (e)** Sigurður K. Kolbeinsson heimsækir íslensk fyrirtæki og kynnir sér starfsemi þeirra. Fjöl-breyttir og fróðlegir þættir sem endurspeglar þá grósku sem er í íslensku atvinnulífi og fyrirtækjarekstri.
- 21.00 Sir Arnar Gauti (e)** Arnar Gauti snýr aftur á skjáinn með umfangsmikinn lífsstílsþátt sem tekur saman allt sem snýr að heimilum, hönnun, innlitum, matar- og veitinga-húsamenningu, arkitektúr og mörgu, mörgu fleiru.
- 21.30 Bílalíf** Fjórlegur og fjöl-breyttur þáttur um bílana okkar í leik og starfi.

## RÚV SJÓNVARP

- 07.15 KrakkaRÚV**  
**07.16 Tölukubbar**  
**07.21 Poppý kisukló**  
**07.32 Kátur**  
**07.44 Eðlukrúttin**  
**07.55 Bubbi byggir**  
**08.06 Lestrarhvutti**  
**08.13 Hið mikla Bé**  
**08.35 Stuðboltarnir**  
**08.46 Hvolpasveitin**  
**09.09 Grettir**  
**09.21 Stundin okkar** Þessi með rokklaginu, göldrunum og hnefataflinu.  
**09.45 Húllumhæ**  
**10.00 Visindahorn Ævars** Svifbretti.  
**10.10 Vikan með Gísla Marteini**  
**10.55 Óperuminning**  
**11.05 Klífur** Reykjavíkurleikarnir. Bein útsending.  
**12.35 Crossfit** Reykjavíkurleikarnir. Bein útsending.  
**14.15 Pílukast** Reykjavíkurleikarnir. Bein útsending.  
**15.50 Ísland - Slóvenía Landsleikir í körfubolta** Bein útsending frá leik í undankeppni EM kvenna í körfubolta.  
**17.50 Táknálsfréttir**  
**18.00 KrakkaRÚV**  
**18.01 Óargadýr**  
**18.29 Herra Bean**  
**18.40 Hjá dýralækninum**  
**18.45 Landakort** Brunahanar.  
**18.53 Lottó**  
**19.00 Fréttir** Helstu fréttir dagsins af innlendum og erlendum vettvangi.  
**19.25 Íþróttir**  
**19.35 Veður**  
**19.45 Dans** Reykjavíkurleikarnir. Bein útsending.  
**20.50 Tónatal** Í síðasta þætti Tónatala fer Mugison yfir sögu sína sem tónlistarmaður ásamt því að flytja nokkur lög eftir sig og sína helstu áhrifavalda.  
**21.55 Gríma Mask** Bandarísk verðlaunamynd frá 1985 um ævi Rocky Dennis sem fæddist með sjaldgæfa vansköpun á höfuðkúpu. Hans nánasta fólk sér hann sem þann sem hann er, en þeir sem ekki þekkja hann dæma hann af óvanalegu útlitinu. Myndin fjallar um sígra Dennis í lífinu og baráttu móður hans við skólakerfið. Aðalhlutverk: Sam Elliott, Cher, Eric Stoltz og Laura Dern. Leikstjóri: Peter Bogdanovich. Atriði í myndin eru ekki við hæfi ungra barna.  
**23.50 Séra Brown. Father Brown** Breskur sakamálaþáttur um hinn slungna séra Brown sem er ekki bara kaþólskur prestur heldur leysir glæpsamleg mál á milli kirkjuathafna. e.  
**00.35 Dagskrárlok**

## SJÓNVARP SÍMANS

- 10.00 The Block**  
**11.00 The Block**  
**12.00 Dr. Phil**  
**12.45 Dr. Phil**  
**14.30 Burnley - Brighton** Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.  
**17.10 Everybody Loves Raymond**  
**17.35 Four Weddings and a Funeral**  
**18.20 This Is Us**  
**19.05 Life in Pieces**  
**19.30 Intelligence** Gamanþættir af bestu gerð þar sem David Schwimmer úr Friends fer með aðalhlutverkið.  
**20.00 Það er komin Helgi**  
**21.10 Gambit**  
**00.30 Mr. Pip** Dramatísk kvikmynd frá árinu 2012 með Hugh Laurie í aðalhlutverki. Myndin fjallar um unga stúlku sem verður heltekin af bókinni Great Expectations eftir Charles Dickens á meðan stríð geysar yfir í þorpi hennar.  
**04.05 Síminn + Spotify**

## RÚV RÁS EITT

- 06.55 Morgunbæn og orð dagsins**  
**07.00 Fréttir**  
**07.03 Vinill vikunnar**  
**08.00 Morgunfréttir**  
**08.05 Ameríski draumurinn - staða svartra og baráttu þeirra Hvítar dómur - svartar konur.**  
**09.00 Fréttir**  
**09.03 Á reki með KK**  
**10.00 Fréttir**  
**10.05 Veðurfregnir**  
**10.15 Loftslagsdæmið (6 af 8)**  
**11.00 Fréttir**  
**11.03 Vikulokin**  
**12.00 Hádegisútsvarp**  
**12.20 Hádegisfréttir**  
**12.45 Heimskviður**  
**13.15 Gestaboð**  
**14.05 Wesele!**  
**15.00 Flakk**  
**16.00 Síðdegisfréttir**  
**16.05 Orð um bækur**  
**17.00 Tónlist frá A til Ö**  
**18.00 Kvöldfréttir**  
**18.10 Í ljósi sögunnar**  
**18.50 Veðurfregnir**  
**18.53 Dánarfregnir**  
**19.00 Sveifludansar** Larry Young, Jimmy Guiffre, Marian McPartland og Tómas R. Einarsson.  
**20.45 Fólk og fræði** Hamingja.  
**21.15 Bók vikunnar** Truflunin.  
**22.00 Fréttir**  
**22.05 Veðurfregnir**  
**22.09 Lestur Passíusálma**  
**22.15 Litla flugan** KK sextettinn 1. þáttur.  
**23.00 Vikulokin**  
**00.00 Fréttir**  
**00.05 Næturútsvarp Rásar 1**

## STÖÐ 2 BÍÓ

- 10.35 Wolves**  
**12.25 The Mercy**  
**14.00 October Sky**  
**15.45 Wolves**  
**17.35 The Mercy**  
**19.10 October Sky**  
**21.00 Downhill**  
**22.25 Line of Duty** Spennutryllir frá 2019 með Aaron Eckhart, Ben McKenzie og Giancarlo Esposito í aðalhlutverkum. Frank Penny, lögregluþjónn, sem fallið hefur í ónáð, á í kapphlaupi við klukkuna við að finna fórnarlamb mannræningja, eftir að hann drepur óvart mannræningjann. Fórnarlambið er 11 ára dóttir lögreglustjórans.  
**00.00 My Friend Dahmer**  
**01.45 Downhill**

## STÖÐ 2

- 08.00 Strumpanir**  
**08.20 Monurnar**  
**08.30 Vanda og geymveran**  
**08.40 Tappi mús**  
**08.50 Latibær**  
**09.00 Heiða**  
**09.20 Blíða og Blær**  
**09.45 Leikfélag Esóps**  
**09.55 Mæja býfluga**  
**10.05 Mía og ég**  
**10.30 Lína langsokkur**  
**10.55 Angelo ræður**  
**11.00 Ella Bella Bingó**  
**11.10 Angry Birds Stella**  
**11.15 Hunter Street**  
**11.35 Friends**  
**12.00 Bold and the Beautiful**  
**12.20 Bold and the Beautiful**  
**12.40 Bold and the Beautiful**  
**13.00 Bold and the Beautiful**  
**13.25 Bold and the Beautiful**  
**13.45 War on Plastic with Hugh and A**  
**14.45 Líf dafnar**  
**15.25 Kjötætur óskast**  
**16.20 The Masked Singer**  
**17.25 Í kvöld er gíg**  
**18.26 Veður**  
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**  
**18.40 Sportpakkinn**  
**18.53 Lottó**  
**18.55 Fjölskyldubingó**  
**19.45 Parenthood**  
**21.50 The Last Full Measure**  
**23.40 On Chesil Beach**  
**01.25 Blackkklansman**  
**03.35 Escape Plan 2. Hades**

## STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

- 08.00 Barnaefni**  
**20.00 Friends**  
**20.20 Friends**  
**20.45 The Office**  
**21.10 American Dad 16**  
**21.35 Bob's Burgers**  
**22.00 Catastrophe**  
**22.30 Absentia**  
**23.10 Wu-Tang Clan. of Mics and Men**  
**00.10 The Office**  
**00.35 Friends**  
**00.55 Friends**

## STÖÐ 2 SPORT

- 07.20 Domino's körfuboltakvöld**  
**08.35 Seinni bylgjan - karla**  
**09.50 ÍR - Grindavík** Útsending frá leik í Domino's-deild karla.  
**11.35 KR - Keflavík**  
**13.20 HK - Fram** Bein útsending frá leik í Olís-deild kvenna.  
**14.50 Domino's körfuboltakvöld**  
**16.50 Casademont Zaragoza - Monbus Obradoiro** Bein útsending frá leik í spænsku úrvalsdeildinni í körfubolta.  
**18.40 Afturelding - Haukar** Útsending frá leik í Olís-deild karla.  
**20.00 Valur - Selfoss**  
**21.25 Seinni bylgjan - karla**  
**22.40 HK - Fram** Útsending frá leik í Olís-deild kvenna.  
**00.05 Haukar - Valur**

## STÖÐ 2 SPORT 2

- 07.15 Alavés - Real Valladolid**  
**08.55 Fiorentina - Inter Milan**  
**10.40 Swansea - Norwich**  
**12.25 Coventry - Watford** Bein útsending frá leik í ensku 1. deildinni.  
**15.05 Huesca - Real Madrid** Bein útsending frá leik í spænsku úrvalsdeildinni.  
**18.00 New York Knicks - Portland Trail Blazers** Bein útsending frá leik í NBA.  
**21.40 Levante - Granada**  
**23.25 Elche - Villarreal**  
**01.05 Sevilla - Getafe**

**SUPER BOWL TILBOÐ**

STÓR PIZZA AF MATSEÐLI,  
EINN SKAMMTUR AF  
KJÚKLINGAVÆNGJUM  
OG 2 LTR. GOS

**2.990 kr.**

Ef þú sækir og pantar á netinu eða með appi.  
Gildir frá 5.-8. febrúar, aðfaranótt mánudags.



# SUPER BOWL

SUNNUDAG 22:00



ÁSKRIFT AÐEINS  
**3.990**  
kr./mán.  
STÖÐ 2 SPORT ERLENT



Tryggðu þér áskrift í dag á [stod2.is](http://stod2.is)

## Sunnudagur

## HRINGBRAUT

- 20.00 Mannamál (e)** Einn sigildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Hér ræðir Sigmundur Ernir Rúnarsson við þjóðþekktu einstaklinga um líf þeirra og störf.
- 20.30 Suðurnesja-magasin Vikurfrétta (e)** Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum. Umsjón: Páll Ketilsson. Framleiðandi: Vikurfréttir ehf.
- 21.00 Kaupmaðurinn á horninu (e)** Ný íslensk þáttaröð um sögu og sérstöðu kaupmennskunnar á Íslandi.
